

Skólavarðan

Kennarasamband
Íslands

Haust 2019
2. tbl.

Sigrún Grendal

Hjörtu kennara slá
meira og meira í takt

26

Vinnuumhverfið

Hvernig vinnum við á
streitu og álagi?

16

Smásagnakeppni KÍ

Ofurhetjur, einhyrningur og
kokkurinn Gúrkur Skúrkur

32

Pallborðið

Hvaða væntingar hafa
nemar til starfsins?

22





Ánægðustu viðskiptavinirnir

Viðskiptavinir Íslandsbanka eru þeir ánægðustu í bankaþjónustu, sjötta árið í röð, samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni 2018.

**Skráðu þig í viðskipti strax
í dag á islandsbanki.is**





Sigurbjörn Örn Hreiðarsson er Félaginn

„Besta stundin er þegar maður finnur að maður hafi hreyft við nemendum á jákvæðan hátt, að eitthvað hafi gengið mjög vel.“



Litagleði og húsgögn á hjólum

„Við viljum hafa starfsumhverfið þannig að öllum líði vel, segir Ingibjörg Magnúsdóttir, skólastjóri Skarðshlíðarskóla í Hafnarfirði. Skólavarðan heimsótti þennan nýstárlega skóla.“



Starfsfólk ber ábyrgð á eigin heilsu

„Þessi mikla áhersla á að fundin séu úrræði fyrir hvern einstakling hefur orðið til þess að raunverulegar orsakir þess að viðkomandi þjáist af streitu-einkennum eru ekki skoðaðar,“ segir dr. Ingibjörg Jónsdóttir.



Leggja mat á styrkleika og þekkingu erlendra nemenda

Nemendur af erlendum uppruna búa allir yfir styrkleikum og þekkingu sem mikilvægt er að skólakerfið meti og byggji ofan á.



Stolt fagstétt

„Lykilatriði er að vinna hæfniviðmið og að ævilangri starfsþróun á faglegum forsendum en ekki undir hæl stjórnvalda eða vinnuveitenda,“ skrifar Guðjón Hreinn Hauksson, formaður FF, í grein um Skotlandsheimsókn stjórnar Félags framhaldsskólakennara.



Forsíðumyndina tók Sigurður Ó. Sigurðsson í kennslustund í Skarðshlíðarskóla.



Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.ki.is

Ritstjórn: Arndís Þorgeirsdóttir og Dagný Jónsdóttir
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þór Pétursson
Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson
Prófaralestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Öflun
Prentun: Prentmet Oddi

Efnisyfirlit


2. tbl. 2019

- 4 Leiðari
- 6 Bætt þjónusta við félagsfólk
- 7 Íslensku menntaverðlaunin veitt á nýjan leik
- 8 Hlutverk leiðsagnarkennara í norrænu skólakerfi
- 9 Tillögum skilað til ráðherra
- 10 Skrifað fyrir skúffuna
- 11 Félaginn
- 12 Litagleði og húsgögn á hjólum
- 16 Vinnuumhverfi og velferð kennara
- 22 Pallborðið
- 24 Leggja mat á styrkleika og þekkingu erlendra nemenda
- 26 Hjörtu kennara slá meira og meira í takt
- 30 Allir eru góðir í einhverju, enginn er góður í öllu
- 32 Kennir nemendum að lifa í núinu
- 34 Ofurhetjur, einhyrningur og kokkurinn Gúrkur skúrkur – smásögurnar sem fengu verðlaun í Smásagnakeppni KÍ
- 39 Listasafn Reykjavíkur fyrir skólana
- 40 Áhersla lögð á að hrósa fyrir góða hegðun – frásögn af bandarísku skólakerfi
- 42 Fá grunnþjálfun í hundauppeldi
- 44 Stolt fagstétt
- 45 Einu sinni var
- 46 Kennarar, kjölfestan í menntakerfinu
- 48 „Við tökum fjármálaákvæðanir á hverjum degi“
- 49 KÍ á Instagram
- 50 Náms- og starfsráðgjöf – Þörfin sjaldan verið meiri
- 52 Steinunn Inga mælir með
- 53 Sjálfstætt fólk og Salka Valka
- 54 Menntamálastofnun
- 56 Læsi er lykill að þekkingu
- 58 Kröggáta

Leiðari

Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ

Um hamingju í skólastarfi



Öldum saman sáu prestar um menntun á Íslandi. Menntunin hafði ríkulegt siðferðilegt inntak. Henni var ætlað að temja dýrseðli mannskepnunnar og koma í veg fyrir glötun sálarinnar. Lestur var kenndur til að guðsorðið

væri lesið. Skrift var ekki kennd. Hvað hefðu kotbændur sosomeg að gera við skrif hverra annarra?

Með sjálfstæðisbaráttunni fylgdi baráttan fyrir aukinni undirstöðumenntun. Ef við ættum sjálf að reka stofnanir og aðra innviði þyrfti kerfisbundið að byggja upp hæfni og þekkingu, langt umfram það sem áður hafði verið.

Á áttunda áratug síðustu aldar var gerð undirstöðubreyting á menntakerfi landsins með nýjum grunnskólalögum og niðurlagningu landsprófa. Eitt menntakerfi skyldi vera fyrir okkur öll.

Hálfum áratug síðar fór að bera á mótspyrnu við þá hugmynd. Minnkuð áhersla á fræðilegar greiningar á íslensku-prófum og minnkuð þjóðræki í samfélagsfræðikennslu varð mörgum að gagnrýnisefni. Ekki bætti úr skák að áherslubreytingarnar komu ofan í örur samfélagsbreytingar sem m.a. birtust í minnkuðum bók- og blaðalestri. Rannsóknir sýndu t.d. að í áratug lásu Akureyringar á milli 25 til 40% fleiri bækur en Reykvikingar og Vestmannaeyingar, að því er virtist aðeins vegna hægagangs við útbreiðslu sjónvarps-útsendinga. Þegar sjónvarpið náði til Akureyrar hrundi lestur þar líka. Aðrir skelltu skuldinni á dægurmenningu, sérstaklega tónlist.

Í upphafi 10. áratugarins fóru Íslendingar að koma illa út í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum á lesskilningi. Almennit gekk ágætlega að lesa sögur og frásagnir en læsi á flóknari texta var býsna takmarkað. Farið var í átök (Stóra upplestrarkeppnin varð t.d. til) og rannsóknir til að snúa þessu við og í upphafi nýrrar aldar hafði eitthvað áunnist og árangur batnaði tímabundið.

Síðasti áratugur hefur verið áratugur mikillar upplýsingaþynging. Ungt fólk sinnir í auknum mæli áhugamálum sínum utan hins íslenska málheims og horfir til útlanda í framtíðaráformum sínum. Bóklestur hefur minnkað enn og blaðalestur ungmenna er nærri horfinn. Lesskilningur ber enn þess merki að vera takmarkaður, sérstaklega á aðrar tegundir texta en frásagnir, og rannsóknir á móturmálskennslu benda til þess að tímabært sé að breyta áherslum allt frá leikskóla til framhaldsskóla.

Á sama tíma er jöfnuður mikill hér á landi og börnin eru almennt sátt við skólana sína og líður vel. Þetta hefur orðið til þess að nú er nokkuð rætt um að íslenskt menntakerfi forni árangri fyrir vellíðan.



Fyrir okkur kennara er hamingju-umræðan grundvallar-umræða.



Nýlega hélt Kristján Kristjánsson prófessor fróðlegt erindi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem fjallaði um farsæld sem markmið skólastarfs. Í erindinu ræddi hann meðal annars um rannsóknir á hamingju og skólastarfi.

Í grófum dráttum má flokka kenningar um hamingju og velferð í þrjá flokka.

Fyrst ber að nefna flokk ánægjukenninga. Samkvæmt þeim er hamingjan fólgin í andlegri og líkamlegri vellíðan. Þetta er frekar einföld skilgreining og þar af leiðandi nokkuð aðlaðandi. Á þessum nótum er gjarnan talað um íslenska nemendur, þ.e. að þeir komi ekki endilega vel út í alþjóðlegum prófum en að þeim líði vel.

Vandi slíkra kenninga hefur verið kunnur frá fornöld. „Það er betra að vera vansæll Sókrates en sælt svín“ er stundum sagt. Það er harla ómerkileg velferð sem ekki felur í sér hugrekki til að horfast í augu við áskoranir heimsins. Eintóm vellíðan er ómerkilegur mælikvarði á mannlega hamingju.

Annar flokkurinn er svokallaður flokkur sáttarkenninga. Samkvæmt þeim felst hamingjan í að jafnvægi sé milli árangurs og markmiða í lífinu. Á þessum grunni eru margar félagsvísindalegar farsældarrannsóknir byggðar. Hér má til dæmis benda á fræga breska langtímarannsókn á fólki sem fæddist árið 1970. Samkvæmt henni er marktæk fylgni á milli þess hve sátt fólk er við árangur sinn í lífinu á fimmtugsaldri og tilfinningalegs jafnvægis í barnæsku.

Vandi sáttarkenninga er náskyldur vanda ánægjukenninga. Það er hægt að ná jafnvægi milli árangurs og markmiða með tvennum hætti: Því að bæta árangur eða lækka markmiðin. Metnaðarlítill hamingja er harla lítill virði.

Kemur þá til þriðji flokkurinn. Farsældarkenningar eru þær kenningar sem segja farsældina að einhverju leyti mælanlega í hlutlægum viðmiðum. Þannig sé t.d. með markvissri geð- og heilsurækt hægt að stuðla að aukinni (og jafnvel mælanlegri) farsæld. Eins sé mögulegt að fullyrða að dyggðir eins og skilningur, þekking, hófsemd, hugrekki og heiðarleiki stuðli að bættu lífi.

Nú fara fram töliverðar rannsóknir á hamingju í skólastarfi – einkum á sviði farsældarkenninga. Fer þar Kristján Kristjánsson framarlega í flokki. Sá flokkur kenninga er ekki gallalaus heldur, enda getur hljómað yfirlætisfullt að afneita velferð sem ekki uppfyllir hin hlutlægu viðmið eða gera lítið úr vansæld þess sem uppfyllir þau.

Fyrir okkur kennara er hamingjuumræðan grundvallar-umræða. Það er rangt að stilla hamingju eða farsæld upp sem sjálfstæðu markmiði ótengdu við önnur markmið skólastarfs. Hvað þá að stilla hamingju og árangri upp sem andstæðum.

Farsæld er ekki bara afleiðing góðrar menntunar, hún getur verið forsenda hennar og inntak líka.



Gjafabréf á gjafverði

NÝTTU FRÍÐ VEL

Tíminn flýgur og sumarfríð er ekki langt undan. Þú getur fengið gjafabréf hjá okkur að andvirði 7.500 kr. fyrir aðeins 6.750 kr. inni á ki.is og flogið á vit ævintýrana í orlofinu.

airicelandconnect.is

Air Iceland
Connect





Efri röð: Prúður Hjelm, frá Samtökum áhugafólks um skólaþróun, Gerður Kristný skáld, Skúli Helgason, formaður Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar og Ragnar Þór Pétursson, formaður Kennarasambands Íslands. Neðri röð: Guðmundur Engilbertsson, formaður Kennaradeildar HA, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kolbrún Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs HÍ, og Helgi Arnarson frá Grunni – félagi fræðslustjóra. Myndin var tekin við undirskrift samkomulags um Íslensku menntaverðlaunin sem fram fór á Bessastöðum 5. nóvember.

MYND: KRISTINN INGVARSSON

Margt jákvætt í farvatninu hjá KÍ

Bætt þjónusta við félagsfólk leiðarljós

Kennarasamband Íslands hefur verið í töluverðri innri vinnu síðustu mánuði með það að leiðarljósi að efla þjónustu við félagsmenn enn frekar og straumlínulaga þjónustuna. Lykillinn að þessari vinnu eru flutningar KÍ í Borgartún 30 en það verður bylting fyrir starfsmena þegar allir starfsmenn verða saman á einni hæð og gott aðgengi fyrir alla félagsmenn.

Umbóthópar

Stofnaðir voru umbóthópar um helstu verkefni á vinnustaðnum og öllum starfsmönnum gefinn kostur á að taka þátt. Meðal umfjöllunarefnis í hópnum eru útlitsmál nýs vinnustaðar, starfsmannamál, framendi/bakendi, tæknilausnir, matarmál og flutningarnir sjálfir. Þátttaka hefur verið góð og allir sameinast um að undirbúa breytingarnar sem allra best.

Ný ásýnd á vefnum

Líðir í enn öflugri þjónustu við félagsmenn eru ný vefsíða og nýjar Mínar síður. Hafist var handa við nýja vefsíðu í vor og er vinnan á lokametrunum. Gerð

var könnun meðal allra félagsmanna um þarfir þeirra og væntingar varðandi nýja síðu og hafa svör félagsmanna hjálpað mikið til í vinnunni.

Nokkrar nýjungar verða á ferðinni sem kynntar verða síðar en á nýju síðunni verður faglegu efni lyft enn frekar upp og fær mikið pláss. Á Mínum síðum er ætlunin að gera boðleiðir skilvirkari og bæta upplýsingaflæði til félagsmanna enn frekar. Einnig verða upplýsingar um réttindi aðgengilegri.

Það að setja nýja vefsíðu og nýjar Mínar síður í loftið skiptir miklu máli þar sem snerting langflestra við Kennarasamband Íslands er í gegnum vefinn. Þá er mikilvægt að félagsmenn finni allt sem þeir leita að hratt og vel og einnig að upplýsingaflæði sé gott þannig að þeir fylgist með öllu því nýjasta á vettvangi KÍ.

Milliþinganefnd að störfum

Undanfarna mánuði hefur milliþinganefnd KÍ starfað ótulllega. Á síðasta þingi

KÍ var samþykkt að milliþinganefndin yrði skipuð og hún hefði það hlutverk að fara yfir og endurskoða skipulag, starfsemi og rekstur KÍ. Markmiðin eru að skýra, einfalda og bæta hlutverk, verklag og verkaskiptingu innan KÍ, sem og þjónustu innanhúss og við félagsmenn.

Þingið skilgreindi helstu verkefni nefndarinnar. Þau eru að skoða skil og verkaskiptingu á milli hlutverka KÍ og aðildarfélaga, hlutverk, verkaskiptingu og verkswið formanns og varaformanns KÍ, hvort kjósa eigi formann og varaformann KÍ allsherjar-kosningu eins og verið hefur og þeir gegni skilgreindum störfum eða hvort fulltrúar

í stjórn KÍ ættu heldur að skipta með sér verkum við að gegna formennsku og/eða varaformennsku fyrir KÍ, og að lokum fyrirkomulag stjórnunar og skipulags á skrifstofu KÍ, starfssvið og skipurit. Milliþing KÍ verður haldið þann 20. apríl 2020 og þar verður unnið með tillögur milliþinganefndar og kosið um þær.



Íslensku menntaverðlaunin veitt á nýjan leik næsta haust

Íslensku menntaverðlaunin, sem hafa það að markmiði að vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi, hafa verið endurvakin. Það voru Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, í samvinnu við aðila menntakerfisins og Samband íslenskra sveitarfélaga sem skrifuðu undir samkomulag um verðlaunin í byrjun nóvember. Ragnar Þór Pétursson, formaður KÍ, skrifaði undir fyrir hönd kennarasamtakanna.

Forseti Íslands skipaði Gerði Kristnýju Guðjónsdóttur, skáld og rithöfund, formann viðurkenningarráðs

sem mun halda utan um framkvæmd verðlaunaveitinganna.

Verðlaunin verða veitt í þremur flokkum:

- ▶ *til skóla eða annarrar menntastofnunar fyrir framúrskarandi starf;*
- ▶ *til kennara sem stuðlað hefur að framúrskarandi menntaumbótum;*
- ▶ *fyrir þróunarverkefni á sviði menntunar sem stenst ítrustu gæðakröfur.*
- ▶ *Að auki verður veitt hvatning til einstaklings, hóps eða samtaka sem lagt hafa mikið af mörkum við að stuðla að menntaumbótum sem þykja skara fram úr.*

Að Menntaverðlaununum standa embætti forseta Íslands, mennta- og

menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skóla- skrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Stefnt er að því að tilnefningar til verðlaunanna verði kynntar á Alþjóðadegi kennara, 5. október, og verðlaunaafhending fari fram í nóvember ár hvert.

Aukið samstarf í kjaramállum

Kjarasamningslotan 2018 til 2019 hefur verið býsna þung í vöfum bæði á almennum og opinberum markaði. Mörg mál eru undir, sum býsna flókin. Innan Kennarasambandsins hefur tækifærið verið notað til að efla samstöðu og samstarf í kjarasamningsgerðinni.

Viðræðunefnd KÍ (VKÍ)

vegna kjarasamninga við sveitarfélögin er skipuð formönnum FG, FL, FSL, FT og SÍ auk formanns og gjaldkera KÍ. Hennar hlutverk er að samþætta og verja hagsmuni allra aðildarfélaganna fimm. Hún starfar í umboði samninganefnda aðildarfélaganna og með hliðsjón af samningsmarkmiðum þeirra.

Starfsánægja leikskólastarfsfólks mikil

Starfsánægja meðal íslensks leikskólastarfsfólks er almennt mikil en ánægja með launakjör lítil, er meðal niðurstaðna í TALIS-rannsókn sem gerð var á leikskólastiginu. Í rannsókninni er fjallað um starfshætti og viðhorf starfsfólks og stjórnenda á leikskólastigi en hliðstæðar kannanir eru einnig gerðar reglulega á grunn- og framhaldsskólastigi.

Meðal helstu niðurstaðna kemur einnig fram að starfsfólk hér

á landi vinnur mikið saman, tekur t.d. þátt í umræðum um þroska og þarfir einstakra barna og umræðum um verkefni sem eru á döfinni. Í tæpum helmingi leikskóla hér á landi eru yfir 11% barna með annað móturmál en íslensku. Staðan er svipuð í Noregi, Danmörku og Þýskalandi. Einnig kemur fram að starfsmannavelta leikskólanna er umtalsverð og fjarvistir starfsfólks heftandi þáttur í skólastarfi að mati leikskólastjóra.

Guðjón tekur við formennsku í FF

Guðjón Hreinn Hauksson er nýr formaður í Félagi framhaldsskólakennara, en í formannskjöri félagsins hlaut hann 660 atkvæði eða 74,83%. Tveir voru í framboði; Guðjón Hreinn Hauksson, starfandi formaður FF og framhaldsskólakennari við MA, og Gunnar Hólmsteinn Ársællsson, framhaldsskólakennari í FG.

Guðjón tók formlega við sem formaður á fulltrúafundi FF þann 4. október sl. Áður var Guðríður Arnardóttir formaður en hún tók við stöðu skólameistara Menntaskólans í Kópavogi í ágúst.

Nýr formaður býr yfir góðri reynslu innan úr FF. Hann var varaformaður félagsins og því starfandi formaður þar til kosningum lauk, sat í samninganefnd FF og stýrði einnig



Guðjón Hreinn Hauksson


skólamálanefndinni. Reynslan kemur sér vel enda mörg verkefni framundan.

Stærsta verkefni nýs formanns FF eru samningaviðræður en viðræðunefnd FF er farin að funda aftur með samninganefnd

ríkisins eftir nokkurt hlé. Stjórn og samninganefnd hafa undirbúið sig vel og haldið markvissa vinnufundi. Annað mikilvægt mál er innleiðing og framkvæmd nýju laganna um menntun og ráðningu. Guðjón situr í samráðshópi um málið og hefur stöðuskýrslu verið skilað til Allsherjar- og menntamálanefndar. Vinnan hefur farið hægt af stað og flækjurnar eru nokkrar og ekki dregur úr þeim þegar farið verður að fjalla um ráðningarmál. Það eru því ýmis stór mál sem snerta FF í gangi þessar vikurnar.

Jafnréttisnefnd segir

- ▶ ...að stjórnendur kennaranáms eigi að hysja upp um sig og gera jafnréttis- og kynjafræði að skyldufagi. Aðeins þannig má virkja grunnþáttinn jafnrétti í allt skólastarf. Ungmenni þurfa að læra jafnréttis- og kynjafræði m.a. vegna aukinnar klámneyslu og kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.
- ▶ ...að haldinn hafi verið samráðs- og samtalsfundur með jafnréttisfulltrúum í skólum í október. Næsti fundur verður í febrúar og verður fundurinn fastur liður í október og febrúar hér eftir.
- ▶ ...að stöðug vinna sé samkvæmt óskum #metoo kvenna, en jafnréttisnefnd flytur boðskapinn með fyrirlestrum, vinnustofum og bréfaskriftum, svo eitthvað sé nefnt.



- ▶ ...að hún hafi farið á fund allsherjar- og menntamálanefndar alþingis í nóvember og rætt umsögn KÍ um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Ósk nefndarinnar er sú að á hana verði hlustað.
- ▶ ...að gott væri að fá hugmyndir að aðgerðum frá félagsmönnum og öllum áhugasómum um jafnrétti í skólastarfi.



Á annað hundrað manns frá Norðurlöndunum og Eistlandi sátu ráðstefnuna.

Hlutverk leiðsagnarkennara í norrænu skólakerfi

Kennarasamband Íslands stóð fyrir norrænni ráðstefnu um störf og hlutverk leiðsagnarkennara í skólastarfi á Norðurlöndum. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík dagana 11. og 12. nóvember.

Yfirskrift ráðstefnunnar var: Hlutverk leiðsagnarkennara á Norðurlöndum. Á ráðstefnunni var fjallað um þörfina á stefnumótun er kemur að

leiðsögn og stuðningi við nýja kennara.

Tilgangur ráðstefnunnar var fyrst og fremst að mynda vettvang til að ræða leiðsögn við kennara og auka skilning og þekkingu á mikilvægi þess að kennarar fái markvissa leiðsögn í upphafi starfsferils.

Ráðstefnan, sem er lokapunktur verkefnis sem hefur staðið yfir frá árinu 2017, var haldin

á vegum NordPlus með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Að NordPlus-verkefninu standa Kennarasamband Íslands, Danmarks Lærerforening, IMAK á Grænlandi, Utdanningsforbundet í Noregi og tveir háskólar sem mennta kennara; Háskólinn í Suðaustur-Noregi og Háskólinn í Åbo í Finnlandi.

Verkefninu lýkur formlega á næsta ári.



Tonje Harbek Brokke og Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ, skipulögðu ráðstefnuna.

Framtíðarsýn um starfsþróun kennara

Tillögum skilað til ráðherra

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda skilaði í haust tillögum til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um framtíðarsýn fyrir starfsþróun kennara. Tillögur þessar eru nýmæli þar sem ekki hefur legið fyrir sameiginleg framtíðarsýn á málefni starfsþróunar t.d. milli ólíkra skólastiga og rekstraraðila skóla.

Fulltrúar Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, kennaramenntunarstofnana og mennta- og menningarmálaráðuneytis áttu sæti í ráðinu. Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ, og Þorsteinn Sæberg, formaður Skólastjóraráðs Íslands, voru fulltrúar KÍ í stýrihóp ráðsins.

Anna María Gunnarsdóttir fagnar þessari sameiginlegu framtíðarsýn um starfsþróun kennara: „Þær tillögur sem þarna eru verða vonandi til hagsbóta fyrir skólaþróun á öllum skólastigum. Sérstaklega er það jákvætt að ákvæði um starfsþróun verður sett í lög og tryggt að skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi fyrir kennara og stjórnendur. Ég hef þó áhyggjur af því að stefnumótunin verði ekki skuldbindandi og hefði viljað sjá tillögurnar kostnaðarmetnar en fjármögnun er grundvallaratriði þess að þær verði að veruleika. Ég bind vonir við orð ráðherra um að tillögurnar verði teknar inn í nýja menntastefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins“.

Helstu tillögur ráðsins eru:

▶ **Ákvæði um starfsþróun í lög:** Sett verði í lög ákvæði um starfsþróun

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.
MYND: STJÓRNARRÁÐID



“Ég hef þó áhyggjur af því að stefnumótunin verði ekki skuldbindandi og hefði viljað sjá tillögurnar kostnaðarmetnar.

kennara og skólastjórnenda leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, með áherslu á að starfsþróun sé hluti af starfi þeirra. Ávallt verði hugað að starfsþróun í tengslum við innleiðingu stefnu í menntamállum og breytingar á henni.

▶ **Áherslur samræmdrar skólastefnu:** Sveitarfélög, mennta- og menningarmálaráðuneyti og aðrir rekstraraðilar skóla leggi áherslu á að stefna þeirra um starfsþróun verði hluti af skólastefnu hvers leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla.

▶ **Menntamálastofnun:** Boðið verði upp á tækifæri til starfsþróunar í tengslum við verkefni Menntamálastofnunar og kannanir á hennar vegum. Stofnunin útfæri möguleika til starfsþróunar í samstarfi við háskóla,

sveitarfélög og aðra aðila eftir því sem við á.

▶ **Háskólastigið:** Samstarf og ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði skilgreind sem hluti af starfskyldum háskólakennara sem mennta kennara og skólastjórnendur.

▶ **Ráðgjöf og stuðningur:** Tryggt verði að skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi til starfsþróunar fyrir kennara og skólastjórnendur. Við skipulag og útfærslu verði stutt við faglegt samstarf og sérstaklega hugað að tengslum við aðrar menntastofnanir.

▶ **Endurskoðun fjármögnunar:** Fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda verði endurskoðuð með það að markmiði að jafna aðgengi allra kennara og skóla að fjármagni og starfsþróunartækifærum.

Áhugi félagsmanna mikill á námstefnu SÍ

Námstefna Skólastjóraráðs Íslands var haldin í október sl. á Hótel Selfossi og sóttu hana um 300 manns. Uppselt var á námstefnuna og ljóst að faglegur áhugi félagsmanna er mikill enda hafði aðalfyrirlesarinn, Andy Hargreaves, orð á því að námstefnugestir væru einstaklega áhugasamir og einbeittir.

Það verður að segjast eins og er að Andy stóð sannarlega undir væntingum og voru félagsmenn afar ánægðir með bæði efnistöð hans og framsetningu. Honum er

einkar lagið að tvinna saman það praktíska í starfinu við faglega stefnumótun og þær áherslur sem eru nauðsynlegar til að hámarka árangur og gæði í skólastarfinu. Að námstefnunni lokinni óskaði menntamálaráðherra eftir að fá fund með Andy og á þann fund fór hann með skilaboð frá námstefnugestum um ýmislegt er varðar faglegt starf skólanna.

Um 300 manns tóku þátt í námstefnu Skólastjóraráðs Íslands 2019.



Skrifað fyrir skúffuna

Úr erindi Auðar Jónsdóttur

Í áttunda bekk í gaggó fór allt að flækjast fyrir mér. Það var á þeim tímapunkti sem Ragnheiður Ríkharðsdóttir, kona sem gustaði af, var íslenskukennarinn minn. Þegar hún kenndi áfanga sem bauð upp á ritgerðaskrif um skáldsögur, eins og Djöflaeyjuna og Íslands-klukkuna, fann ég þrátt fyrir allt áður óþekkt ástríðu vakna í mér. Að skrifa þessar ritgerðir varð skyndilega það skemmtilegasta sem ég gerði, fyrir utan að detta í það og kyssa strák. Svo ég fékk yfirleitt hæstu einkunn fyrir verkefni í íslensku á meðan ég slugsaði æ meira í flestu öðru. Einn daginn tók Ragnheiður mig afsíðis og sagði: Ég á eiginlega ekki að hrósa svona kærulausri manneskju. En þú getur skrifað. Og þú þarft að vita það. Ég vil að þú haldir áfram að skrifa fyrir skúffuna, á hverjum degi. Hverjum einasta! ... Og ég vil líka hætta að finna af þér reykingafýlu.

Ég hélt samviskulaus áfram að reykja en þessi orð voru það dýrmatasta sem mér hafði áskotnast síðan ég fékk hvolp nokkrum árum fyrr. Ég tók hana bókstaflega á orðinu.

Upp úr þessu eyddi ég flestum dauðum stundum í að skrifa eitthvað bull. Og vissulega var það bull! En það að skrifa veitti mér vellíðan og ég fann fljótt að ég gat notað penna til að hjálpa mér til að skilja lífið og um leið fá útrás fyrir flóknar tilfinningar. Og það sem meira var, ég byrjaði að sjá veruleikann öðrum augum. Allt varð skyndilega efni í skrif, lífið varð spennandi skáldskapur í og með. Eins fullt af ævintýrum og bækurnar sem ég hafði legið í síðan ég mundi eftir mér. Því ég mátti eiga það að ég var ennþá stöðugt lesandi og allar þessar bækur sem ég las ung voru kannski drýgsti skólinn sem ég fékk.

Ég kláraði gaggó með þokkalegar einkunnir en óvenju góðar í íslensku. Næstu árin átti ég eftir að flosna upp úr nokkrum menntaskólum en ég hélt áfram að skrifa fyrir skúffuna, eins og Ragnheiður hafði sett mér fyrir, nánast eins og ég væri í endalausum íslenskuáfanga hjá henni. Eiginlega má segja að ég sé ennþá í þessum íslenskuáfanga hjá Ragnheiði því hlýðin skrifa ég á hverjum degi.

Þessi dýrmatu orð hennar fylgdu mér áfram. Skrifin urðu bestí vinur minn og kannski eini raunverulegi lífsförunaturinn.



Huginn Freyr á Skólamálaþingi: „Í gegnum menntakerfið veitum við fólki rödd“

Ungir kennarar – framtíð kennarastarfsins var yfirskrift Alþjóðadags kennara um heim allan. Þessi yfirskrift átti vel við hér á landi og því var ákveðið að helga Skólamálaþing KÍ 2019 umræðu um framtíð kennarastéttarinnar. Fengnir voru fyrirlesarar víða að, bæði félagsmenn og utanaðkomandi, og vöktu erindin

mikla lukku og áhuga. Það sem bar hæst var erindi Hugins Freys Þorsteinssonar heimspekingis en það bar heitið Framtíð kennarastarfsins og fjórða iðnbyltingin. Í máli hans kom fram margt áhugavert um mikilvægi kennarastarfsins í fjórðu iðnbyltingunni og orð hans segja margt: „Í gegnum menntakerfið veitum við fólki rödd“.

Félaginn



Sigurbjörn Örn Hreiðarsson

Skóli: Tækniskólinn

Námshgrein: Íþróttir

► *Ég er kennari vegna þess að:* Ég hef gaman af að vera í kringum fólk og miðla af minni reynslu til nemenda. Hver dagur hefur sitt líf í kennslu sem er mjög gefandi og spennandi. Það er alltaf eitthvað nýtt sem kemur upp og gefur þessu starfi mikinn sjarma. Heilsa, hreyfing og íþróttir yfir höfuð eru stór þáttur af mínum lífsstíl og því er mjög gaman að fá að vinna við það. Svo tel ég að efling heilsuvitundar nemenda sé eitt það mikilvægasta sem hægt er og á að kenna nemendum í öllum skólum landsins. Það er mín hugsjón.

► *Besta stund vikunnar:* Besta stundin er þegar maður finnur að maður hafi hreyft við nemendum á jákvæðan hátt, að eitthvað hafi gengið mjög vel. Einnig vinn ég á frábærum vinnustað og það er gaman að hitta vinnufélagana, hvort sem það er í kaffi, mat, hinum margrómuðu og metnaðarfullu getraunafundum eða bara á göngunum.

► *Þessu myndi ég vilja breyta:* Ég myndi vilja auka áherslu á hreyfingu í kennslu á öllum skólastigum og leggja meiri áherslu á að bæta heilsuvitund nemenda því það skilar sér margfalt út í samfélagið á jákvæðan og fyrirbyggjandi hátt.

„Besta stundin er þegar maður finnur að maður hafi hreyft við nemendum á jákvæðan hátt, að eitthvað hafi gengið mjög vel.“



Litagleði og húsgögn á hjólum



Hér er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Borðin eru stillanleg á hæð og hægt er að velja um mismunandi stóla, nú eða sófann í horninu. Dýnur eru gjarna notaðar líka eða hreiðrað um sig í gluggakistunni þar sem útsýnið er mjög fallegt.

MYNDR: SÓS



Signý Lind Júlíusdóttir:

Það eru allir glaðir hérna

„Mér finnst stofan mjög góð og best er að þurfa ekki alltaf að sitja á sama stað. Ég fæ í bakið ef ég sit of lengi og þá er frábært að geta farið á dýnuna. Þessi fjölbreytni er góð og svo finnst mér Mílan líka frábær. Gott að fara út að labba og frá frískt loft.“

Signý segir kraum-kennslu-stundirnar skemmtilegastar og þá sé það kostur við skólann hversu vel kennararnir taka á móti nemendum. „Það eru allir glaðir hérna.“



Jóhanna Brynja Rúnarsdóttir:

Hér er hugsað út fyrir boxið

„Mér þykja boltastólarnir þægilegastir og nota þá mikið. Það er þægilegt hvernig þeir hreyfast. Annars er frábært að geta skipt um stöðu í stofunni og fært sig til. Hönnun skólans er mjög góð og sérstaklega er gaman að ganga inn að morgni; það er allt svo bjart,“ segir Jóhanna Brynja.

Hún segir litina sem einkenna skólann fallega og ekki sé verra að skólinn sé ekki svona týpískur. „Hér er hugsað út fyrir boxið og ég myndi ekki vilja breyta neinu.“



Ingibjörg Magnúsdóttir er skólastjóri Skarðshlíðarskóla. Hún vinnur samkvæmt þeirri hugmyndafræði að farsælast sé að fá alla að borðinu; kennara, nemendur, starfsfólk og foreldra.

Heidgullur stigi og sólbjart anddyri er það fyrsta sem ber fyrir augu þegar gengið er inn í Skarðshlíðarskóla í Hafnarfirði. Skarðshlíðarskóli er nýr og nútímalegur skóli sem hóf göngu sína í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju og er áttundi skólinn sem tekur til starfa í Hafnarfirði.

Skólavardan heimsótti Skarðshlíðarskóla einn fallegan morgun í október til að fræðast um vinnuumhverfi kennara og nemenda og heyra aðeins af kennsluháttum.

„Þetta er annar veturinn okkar hér í þessu nýja húsi en skólinn hóf starfsemi í safnaðarheimili Ástjarnarkirkju 2017. Það má segja að þar höfum við byrjað að pæla í hvernig vinnuumhverfi við vildum hafa hér; við höfðum góðan tíma til að melta og meta hlutina þennan fyrsta vetur. Eitt af því sem við gerðum í safnaðarheimilinu var að hafa öll húsgögn á hjólum og ástæðan fyrir því var praktísk. Við þurftum að tæma allt á föstudögum svo kirkjustarf gæti verið með eðlilegum hætti um helgar. Við vorum mjög ánægð með að hafa húsgögnin á hjólum og ákváðum að halda því þegar flutt var hingað,“ segir Ingibjörg Magnúsdóttir, skólastjóri Skarðshlíðarskóla.

Ferlið við að búa til nýjan skóla er margþætt og spennandi að sögn Ingibjargar. Hún segist talskona þess að fá alla að borðinu og þess vegna boðaði hún alla foreldra á fund vorið 2017 – áður en skólinn flutti. „Ég vildi heyra hvaða hugmyndir

foreldrar hefðu um skólann og hvernig þau sæju fyrir sér skólastarfið. Þetta voru opnar og góðar umræður og fram komu margar hugmyndir. Foreldrarnir settu fram margs konar gildi fyrir skólann og við fórum svo með þau fyrir starfsmannahópin sem ræddi þau og bætti við öðrum gildum. Við völdum svo þau gildi sem komu oftast fyrir og fórum með þau fyrir alla árganga skólans. Krakkarnir völdu það sem þeim fannst skipta máli

og að endingu fór þetta aftur fyrir kennarahópin. Þar með vorum við búnin að fara með málið í hring og út úr þessu komu gildi skólans sem eru samvinna, vinátta og þrautseigja. Yfirgildið okkar er hins vegar gleði, en það sáum við sem nokkurs konar þráð hjá öllum hópunum,“ segir Ingibjörg og bætir við að þetta sé afar gott gildi. „Það á að vera gaman að mæta til vinnu og það á að vera gaman í skólanum. Við viljum hafa starfsumhverfið þannig að öllum líði vel. Þetta gengur bara nokkuð vel og sjálf hlakka ég alltaf til að mæta í vinnuna.“

Hönnunin er úthugsuð

Það fer ekki fram hjá neinum sem heimsækir Skarðshlíðarskóla að hönnun skólans er úthugsuð og flott. Húsgögnin eru af margvís-

legum toga og krakkarnir hafa frelsi til að koma sér þannig fyrir að þeim líði vel. Ingibjörg segir arkitekta skólans hafa unnið náíð með starfsfólkinu og gerðar hafi verið ýmsar breytingar í ferlinu. Litapallettan er fjórleg en grunnlitir húsgagna eru ljós- og dökkgrár. Strax var ákveðið að bæta appelsínugulum lit inn þar sem yngsta stigið hefur aðsetur. Litur miðstigsins er límónugrænn

Við viljum hafa starfsumhverfið þannig að öllum líði vel. Þetta gengur bara nokkuð vel og sjálf hlakka ég alltaf til að mæta í vinnuna.

Mílan – á hverjum degi

Nemendur og kennarar í Skarðshlíðarskóla fara „Míluna“ á hverjum degi en það felur í sér útivist í um 15 mínútur. Farið er eftir göngustíg sem er um 1,6 km á lengd og velja krakkarnir sjálfir hvort þeir ganga, skokka eða hlaupa. Algengt er að nemendur fari „míluna“ áður en farið er í próf. Nemendur og kennarar eru ánægðir með fyrirkomulagið og þeir krakkar sem Skólavardan ræddi við sögðu „Míluna“ af hinu góða enda væri gott að fá sér frískt loft.

Tvö hjörtu



Merki Skarðshlíðarskóla er fallegt fiðrildi. Hugmyndin er sú að nemendur komi inn sem púpur og þannig tákna fiðrildið umbreytinguna sem verður á skólagöngunni.



Hilmir Yngvason og Ísak Nói Omarsson

Löbbum og spjöllum saman

„Boltastóllinn er sérlega þægilegur en ég vel mér stað í stofunni eftir því hvernig skapi ég er í,“ segir Ísak Nói og bætir við að það sé mikilvægt að það fari vel um nemendur í kennslustundum.

Hilmir tekur undir þetta og segir fjölbreytnina af hinu góða og mun betri en í skólanum sem hann var í áður. „Þar sitja allir á rassinum allan daginn,“ segir Hilmir.

Þeir félagar eru líka ánægðir með Míluna og segja alls enga kvöð að þurfa að fara út í öllum veðrum. „Stundum hlaupum við en oft löbbum við bara og spjöllum saman,“ segir Ísak.

Þeir eru sammála um að börnin í Skarðshlíðarskóla séu glaðari en börn í öðrum skólum.



Gluggarnir í Skarðshlíðarskóla eru vinsælir til setu og lesturs.

og unglíngastígsins fjólublár. Þannig myndar þeir litatónar heild á hverju svæði; ljósgrár, dökkgrár og litur stígsins.

„Svo eru fleiri litir í gangi; stígninn er heiðgullur og stórir gluggar eru grænir. Þetta vinnur allt saman og það er gott að ganga inn í bygginguna; maður skynjar gleði frá litunum sem við erum auðvitað afar ánægð með.“

Ingibjörg segist hafa afþakkað fastar innréttingar í kennslustofurnar; ekkert er veggfast heldur er allt á hjólum og því færanlegt. Þegar kom að því að velja húsgögn þá var það ekki arkitekt úti í bæ sem réði öllu heldur fengu nemendur að segja sína skoðun og taka þátt í að velja þau. Húsgögnin eru einmitt alls konar og sést það vel þegar gengið er um skólann; mjúkir boltastólar, dýnur, sófar, hringlótt borð, ferköntuð borð, há og lág borð, sæti í gluggum og svo framvegis.

Þegar kom að því að flytja starfseminu í nýja húsnæðið var dregin lína í Vallahverfið til að skipta á milli Hraunvallaskóla og Skarðshlíðarskóla. „Ég vildi ekki draga línu þegar kom að unglíngunum enda tel ég ekki gott að neyða krakka á þeim aldri til að færa sig í annan skóla. Við höldum því nokkurs konar sölufund fyrir unglíngana og ræddum þá kennsluhætti sem við ætlum að viðhafa og hvernig skóla við vildum byggja upp. Þetta varð til þess að þeir unglíngar sem eru hjá okkur eru þeir sem vildu koma og fannst okkar stefna áhugaverð.“

Vitum ekki hvaða heimur bíður barnanna

Ingibjörg segist hafa skoðað Nú-skólann og Langholtsskóla til að leita fyrirmynda að kennsluháttum. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor á Menntavísindasviði, hafi einnig komið að málum.

„Ég var strax ákveðin í að hér yrðu nútímalegir kennsluhættir og ekki bara kennt með gamla laginu. Við kennum eftir markmiðum og í gegnum þema. Þannig eru nemendur á unglíngastigi í kraumtímum í 15 tíma á viku, en þar blöndum við saman samfélagsfræði, lífsleikni, tölvutækni, íslensku og fleiri greinum og tökum fyrir eitt þema í einu. Hvert þema getur tekið frá tveimur vikum og upp í sex. Með þessu móti ná krakkarnir að nýta styrkleika sína betur og hafa val um hvernig þau leysa verkefni þegar kemur að formi og framsetningu. Við erum að prófa þetta í sjöunda og áttunda bekk og viljum gjarnan fara með þetta í neðri bekki þegar fram líða stundir.“

Ingibjörg segir skólustarf vera að taka breytingum enda sé það nauðsyn. „Við vitum ekki hvaða heimur bíður þessara barna en það er alveg á hreinu að hlutirnir verða ekki eins og við ólumst upp við. Við verðum að kenna börnum lýðræðisleg vinnubrögð og samvinnu og þau þurfa að vera fær í leita lausna á því sem kemur upp. Þau þurfa að þekkja leiðirnar að lausnum og um leið vera gagnrýnin.“

Hver og einn hefur **gildi** sem hann lifir eftir. Það að vera kennari er mörgum lífsgildi. Það að vilja skipta máli og koma börnum til manns er gildi. Ef gildum okkar er ekki sýnd virðing hlýst af ójafnvægi. Starfið verður að hafa jákvæða merkingu og uppskeran að vera í samræmi við það sem lagt er til starfans. Ef samfélagið telur starfið skipta máli verður það að koma fram bæði í orði og á borði.

Samfélagið allt, stjórnvöld, nærumhverfi, foreldrar og forráðamenn, stjórnendur og við sjálf þurfum að huga að því að umræða um mikilvægi kennara og starfs þeirra sé alltaf jákvæð.

Við þurfum öll **hrós og umbun** fyrir vel unnin störf. Ef skortur er á persónulegri viðurkenningu, hrósi og umbun, eða ef starfsmaður upplifir að sér sé ekki treyst til að sinna starfi sínu, skapast óöryggi og leiði.

Ábyrgð stjórnenda

Hrós eða jákvæð samskipti við yfirmenn hafa mikil áhrif. Óvænt uppbrot vinnudags er hugmynd að umbun. Mikilvægt er að starfsmaður finni að honum sé treyst og veitt frelsi til að sinna starfi sínu.

Forðast að bæta aukaverkefnum á starfsfólk án þess samþykkis. Álag í kennslu er vel þekkt og hafa rannsóknir sýnt að streita er hvað algengust í störfum þar sem samskipti eru veigamikill þáttur. Mikilvægt er að hafa hefðir og fagna áföngum af og til og einnig mistökum sem við lærum alltaf af. Sálfélagslegt áhættumat er gott verkfæri til greiningar álagsþátta.

Álag er eðlilegur hluti allra starfa. Tímabundið álag er í lagi en við viðvarandi álag nær líkaminn ekki að jafna sig. Kröfur til starfsfólks verða að vera hæfilegar og nægur mannaflí.

Ójafnvægi í vinnuumhverfi

Skoða hvaða þættir það eru sem valda ójafnvægi innan vinnustaðar. Reyna að koma í veg fyrir óvissu með markvissri upplýsingagjöf og gegnsæi. Skapa öryggi og traust og senda skýr skilaboð. Hver starfsmaður þarf að vita til hvers er ætlast af honum (skýr starfslýsing) og hvornig hann á að bregðast við atvikum (skýrir starfsferlar). Vinnuferlar þurfa að vera skýrir og vel kynntir öllum hlutaðeigandi (starfsfólki, nemendum og foreldrum).

Starfsmanni verður að finnast hann hafa **stjórn á aðstæðum**. Ef óvissa ríkir á vinnustað, t.d. vegna kennslumagns, stöðu eða væntinga til starfs, finnst okkur við ekki hafa stjórn á aðstæðum. Starfsmenn þurfa að hafa yfirsýn yfir verkefni og starf sitt og þekkja verkferla. Mikilvægt er að geta haft áhrif á ákvarðanir sem tengjast starfi og aðstæðum.

Sanngirni og réttlæti skiptir allt starfsfólk máli. Starfsmaður sem upplifir vanvirðingu í starfi og/eða ósanngirni og óréttlæti á vinnustað er líklegri til að upplifa vanmátt og líða illa.

Mikilvægt er að hlusta á starfsfólk af athygli, sýna hluttekningu og skoða mál frá öllum hliðum. Mistök eru öllum eðlileg og af þeim hlýst alltaf lærdómur.

Við verjum 1/3 hluta sólarhringsins á vinnustaðnum og þar verður **vinnustaðamening** að vera í lagi og traust að ríkja. Ef skortur er á trausti og stuðningi í starfsumhverfi og áttök eru algeng á vinnustað myndast spenna sem erfitt er að þrífast í. Mikilvægt er að eiga í góðum félagslegum tengslum við samstarfsfólk. Samhygð innan starfsmannahóps er mikilvæg.

Huga verður að bragnum og uppræta erfitt ástand. Mikilvægt er að taka strax á samskiptavanda. Oft er gott að leita til utanaðkomandi sérfræðinga eða fá sérfræðifyrirlestur á starfsmannafund. Mjög mikilvægt er að ræða samskiptavanda sem upp kemur, bæði meðal einstaklinga og hópa. Samskiptasáttmáli er hugmynd að bættum samskiptum.

Ábyrgð okkar allra

Helgun

starfs merkir að starfsmaður sýnir vinnustaðnum hollustu og tryggð. Starfsfólk sem helgar sig vinnustað er tilfinningalega tengt vinnustaðnum og vinnur af ástríðu. Einnig skilar helgun sér í virkari þátttöku á vinnustað og minni fjarveru.

Samhygð á vinnustað

skiptir máli. Við stöndum saman þegar eitthvað þjatar á og mikilvægt er að eiga vini meðal starfsfélaga. Alltaf skal láta vita af allri óæskilegri hegðun, s.s. einelti, áreitni og ofbeldi.

Við sjálf berum

ábyrgð á vellíðan okkar. Gott er að taka eftir því sem gleður og veitir hamingju daglega og hreyfa sig reglulega eins og kostur er. Tvær mínútur af styrktarþjálfun á dag geta minnkað stoðkerfisverki. Dagleg útivera og ganga í samræmi við getu bætur vellíðan, heilbrigði og geðslag.

Ákveða að

sýna tillitssemi og láta ekki vanlíðan okkar bitna á öðrum. Félagsglegur þáttur starfsins skiptir verulegu máli og það er mikilvægt að taka þátt í félagslífi og eiga vini í vinnunni.

Starfsánægja

er mikilvæg hverjum starfsmanni. Stjórnendur geta haft bein áhrif á starfsánægju starfsmanna með því að koma í veg fyrir að ójafnvægi skapist í vinnuumhverfi. Það getur um leið dregið úr fjarveru og minnkað starfsmannaveltu.

Starfsmenn

bera mikla ábyrgð á eigin **starfsánægju** og þurfa að tileinka sér það viðhorf að vera ánægðir í starfi. Við stjórnnum eigin viðhorfum og getum ákveðið að brosa og hlæja meira, sækja í létt andrúmsloft, segja skopsögur, deila góðum minningum o.s.frv.

Helgun og starfsánægja


Efst á baugi

Vinnuumhverfi og velferð kennara

Vinnuumhverfismál eru ofarlega á baugi þessi

misserin. Kennarasamband Íslands stóð fyrir ráðstefnunni Byrgjum brunninn, bjargráð og forvarnir í byrjun nóvember þar sem vinnuumhverfismál voru rædd. Með ráðstefnunni vildi Kennarasambandið leggja áherslu

á þau bjargráð og forvarnir sem nýta má til að auka velferð þeirra sem starfa í skólum landsins og varpa ljósi á mikilvægi sálfélaglegs vinnuumhverfis. Mikil aðsókn var að ráðstefnunni, allir miðar uppseldir og yfir 1.000 manns fylgdust með henni á streymi. Þessar tölur sýna þann mikla áhuga sem er á málaflöknum og því verður hér á næstu síðum kafað ögn dýpra í málið.



Að gera, ekki bara vera á vinnustaðnum!

Rannsóknir sýna að 50-70% af starfsanda vinnustaða ráðast af stjórnunarstíl. Mikilvægt er að stjórnandi finni stjórnunarleiðir sem henta en ákveðin þættir þykja skipta miklu máli. Þrátt fyrir þetta er ábyrgðin á starfsanda allra á vinnustaðnum og mikilvægt er að allir taki þátt. **Að gera, ekki bara vera** eru orð að sönnu.

Sjálfsvirðing er lykillinn að sælla og streituminna lífi

Lífsgæði, heilsa, farsæld, vellíðan og hamingja, litríkt og skemmtilegt líf, öryggi, hlýja, góð tengsl og ást. Alls þess óskum við litla barninu dásamlega sem fæddist í dag – og einu sinni varst þú þetta barn. Þá var öll ævin fram undan. Hvar ertu nú og hvernig gengur hjá þér?

Texti: Kristín Linda Jónsdóttir sálfræðingur




Við sálfræðingar erum sérfræðingar í hugsun, hegðun, líðan og heilsu fólks og í

starfi mínu sem sálfræðingur, á sálfræðistofunni og þegar ég held fyrirlestra, vinnustofur og námskeið, fæ ég upplýsingar um stöðuna í samfélaginu einmitt í dag. Við Íslendingar búum í friðsælu landi og erum meðal hamingjusömustu þjóða heims. Þrátt fyrir það er eitthvað í gangi í samfélaginu hjá okkur sem veldur því að einstaklingar verða fyrir heilsu- bresti, skertri getu og sársauka vegna álags og streitu, bugast, kulna, komast í þrot. Þetta snýst ekki eingöngu um álag í starfi og á vinnustöðum heldur líka álagið sem við sjálf, jafnvel vegna hjarðhegðunar eða þrýstings frá kerfum samfélagsins, setjum á okkur utan vinnutíma. Þessu þurfum við að breyta svo sem flestir einstaklingar ná að nýta og njóta lífsins á heilbrigðan hátt. Veruleg umræða og fjölmörg ráð hafa verið upp á borðinu síðustu misserin um jafnvægi í eigin lífi og viðbrögð við álagi og streitu en þau detta dauð niður ef við, ég og þú, finnum ekki djúpt í eigin huga að við ætlum alveg í alvöru að velja vellíðan, heilsu og farsæld sem okkar gildi. Því varpa ég hér kastljósinu að sjálfsvirðingu og dagskipulagi.

Sýnir þú sjálfum þér virðingu? Ertu viss?

Sjálfsvirðing er lykillinn að húsi heilsu, farsældar, styrks, gleði, hamingju og lífsgæða. Að virða sjálfan sig snýst í fyrsta lagi um pössun. Að vakta sjálfan sig af virðingu og aga eins og við séum að passa barn. Þá fylgjumst við með hegðun, líðan og þörfum barnsins á virkan hátt, vitum hvað það er að gera og hvernig því



Kristín Linda, sálfræðingur hjá Huglind sálfræðistofu í Kringlunni Reykjavík, heldur fyrirlestra, vinnustofur og námskeið um líðan og lífsgæði meðal annars fyrir vinnuhópa og kvennahópa á Spáni.



Að virða sjálfan sig snýst í fyrsta lagi um pössun. Að vakta sjálfan sig af virðingu og aga eins og við séum að passa barn.

líður, vöktum þarfir þess og sinnum því. Hvort sem það þarf mat, svefn eða að við tökum það í fangið til að forða því frá hættum.

Setur þú mörk svo umhverfið og aðrir virði þig?

Að virða sjálfan sig snýst í öðru lagi um að girða sinn eigin blett því það sem er ávallt fótum troðið verður alltaf útsparkað. Ef við vanrækjum að setja mörk gagnvart umhverfinu, þar með talið hávaða, skjááreiði, fjölmíðlum, verkefnum og öðru fólki, veður það eðlilega og hiklaust yfir rétt eins og hrossahópur sem veður inn á ógirt tún.

Efast þú?

Við erum öll einstök og búum bæði yfir styrkleikum og veikleikum, kostum og göllum. Erfðaefnið okkar, persónuleiki, reynsla, hugsanir, hegðun og lífs- viðhorf, það erum við. Við höfum orðið fyrir jákvæðri og neikvæðri upplifun á lífsins vegi sem við berum með okkur.

Stormar erfiðleika, högg áfalla, tóm missis og sorgar hafa haft áhrif á okkur en líka hlýja bjartra daga, góðra samskipta, gleði og ástar. Lykillinn að sjálfsvirðingunni er djúpt í sál þinni. Þú ert einstakur, mikilvægur og verðugur. Passaðu upp á þig í stormi og regni og sól og stillu. Vaktaðu þig gagnvart sjálfum þér og settu mörk gagnvart öðrum, umhverfi og verkefnum, á vinnustað og utan hans, svo þú vanrækir þig ekki eða skaðir eða verðir fótum troðinn eins og ógirt tún. Hugsaðu um hvernig þú ætlar að fara að því og gerðu það!

Þekkir þú og virðir dagskipulagið?

Dagarnir okkar eru einingar lífsins. Ef við ætlum að virða okkur verðum við að lifa samkvæmt skynsamlegu og heilsusamlegu dagskipulagi. Gullna reglan sem rannsóknir hafa leitt í

ljós er, 8 – 8 – 8. Byrjum á að ákveða nákvæmlega svefntímann okkar, átta klukkutíma, og virðum hann, 28 daga af hverjum 30 í mánuði, punktur. Þóssum einfaldlega upp á okkur og svefntímann okkar af aga og girðum utan um þessar átta klukkustundir svo tilboð, áreiði, viðfangsefni og kröfur vaði ekki yfir þær. Svefn er endurnær- ingar- og uppbyggingartími, bæði fyrir líkama og heila, og hefur áhrif á minni, einbeitingu, rökhugsun, glaðværð, orku, verki og fjölda líffræðilegra og hugrænna heilsuþátta.

Síðan er miðað við um átta klukku- stundir til vinnu. Er það þannig hjá þér? Eða lætur þú vinnuna vaða yfir? Ef svo er þarftu að skoða málið. Viltu vinna svona mikið, er það skynsamlegt og hefur þú hugræna og líkamlega heilsu til þess? Hve lengi ætlar þú að gera það? Ef þú vilt það ekki, hvað ætlar þú að gera í málinu? Staldrðu við og sýndu sjálfum þér þá virðingu að meta stöðuna og leita leiða. Ekki halda áfram, mánuðum og árum saman sem ósáttur vinnumaður, þú ert meira en það.

Drif eða sef?

Svo eru það átta klukkustundirnar sem við höfum í allt hitt. Lífið sjálft frá a-ö utan svefntíma og vinnu. Gæti verið að þar liggi hundurinn grafinn?

Við lifum á tímum þar sem gífurlegt og áður óþekkt framboð er af viðburðum, verkefnum og tækifærum utan vinnu. Flest þessara viðfangsefna eru markmiðsdrifin. Það eru kröfur um framgang, afkrastur eða árangur, það er talið og mælt. Þegar við sækjum að marki, drifum okkur og keyrum okkur áfram er sympatíska kerfið við völd hjá ósjálfráða taugakerfinu okkar. Það heldur okkur í gir til að við séum við- búin og getum krafist okkur um árangur, líkaminn og hugurinn eru tilbúin í átök, spennan í vöðvum og liðum, hjartsláttur og öndun verður örari og hormón og boðefni sem drífa okkur áfram flæða um okkur.

Ef við nýtum hins vegar vöku- tímann utan vinnu til að vera í para- sympatíska kerfinu, sefkerfinu, þá náum við slökun bæði í líkama og huga. Það hægist á öndun og hjartslætti, spennan líður úr líkama og sál og líkaminn fær tækifæri til að nýta orkuna í að melta og hlaða sjálfan sig orku. Ef þú hagar lífi þínu þannig þessa átta vökutíma að sefkerfið fái að ráða ertu að heila þig og byggja upp, það er ekki flóknara en það. Virtu sefkerfið þitt og gefðu því hluta af þínum vökutíma dag hvern. Það gerist til dæmis þegar þú ferð út af vinnustaðnum í hádegishléi og sest einn á stein í fjöru eða fjalli og horfir á náttúrana. Þegar þú kúrir í korter undir teppi vakandi með hálflokuð augun og

hlustar á töfrandi tóna eða kærkomna þögn. Þegar þú klæðir þig í mjúku heimaftötin og dillar þér í léttum djassi við eldavélina meðan þú eldar á frjálsum og skapandi hátt og hefur allan tíma heimsins til þess.

Núna er dimmasti tími ársins framundan. Danir, heimsmeistarar í hamingju og hygge, klæðast sínum hyggefötum við lok vinnudags, kveikja á fjórum kertum eða fleirum og líða inn í sefkerfið, endurnærast og njóta notalegheita og rósemdar. Virtu sjálfan þig, girtu utan um svefntímann þinn, hvíldarstundir og ánægjustundir, gefðu sefkerfinu séns og taktu eftir norðurljósumum og töfrandi loga kertaljössins.

- ▶ Þú ert frjáls einstaklingur í frjálsum landi. Þetta líf er gjöf til þín, sýndu sjálfum þér virðingu.
- ▶ Ertu ábyrgðarlaus? Eða tekur þú í alvöru ábyrgð á svefntímanum, hvíldarstundum á vökutíma og vinnuhegðun þinni?
- ▶ Veldu þér vinnuföt og klæddu þig svo bókstaflega úr vinnunni alla daga strax og þú kemur heim. Það gefur huganum bendingu um að nú sé störfum lokið og í lagi að njóta lífsins í sefkerfinu.
- ▶ Skipuleggur þú jólin betur en líf þitt? Haltu fund, þú með þér, um hver mánaðamót og skipuleggðu og mótaðu stefnu samkvæmt þínum eigin gildum.
- ▶ Tómar stundir eru vanmetið gull – taktu frá tíma fyrir þær nokkrum sinnum í viku.
- ▶ Stýrir þú athygli þinni á markvissan hátt? Velur þú að taka eftir fegurð, gleði, góðmennsku og því sem vel gengur, hampa því og stækka upp í deginum þínum?
- ▶ Hvíldarstund, orkublundur eða slökunarstund í 20 mínútur strax eftir vinnu skapar betri heilsu og líðan og skemmtilegra líf því þá nærð þú að skapa þér skemmtileg kvöld.
- ▶ Allir ættu að þekkja sína gleðigjafa og nýta þá markvíst til að breyta gráum vikum í bjartar. Hvað dregur þig upp og bætir líðan þína um tvö stig á einni til tveimur klukkustundum?
- ▶ Það er eðlilegt fyrir manninn að njóta hluta vökutímans í þögn. Var þögn hjá þér í dag?



Vinnuumhverfisnefnd KÍ

Hvað er hún að sýsla?



in fjögurra fastanefnda KÍ er vinnuumhverfisnefnd. Hún starfar eftir samþykktum þinga KÍ og vinnur ötullega að því að bæta vinnuumhverfi starfsfólks skóla. Í nefndinni sitja fulltrúar frá hverju skólastigi, tónlistarskólum og stjórnendum. Að þessu sinni sitja einungis konur í nefndinni og stríðir það gegn jafnréttisáætlun KÍ en í stéttarfélagi þar sem 80% félagsmanna eru konur getur þetta gerst. Nefndarfolk situr í fjögur ár í senn og árin 2018-2022 eru það þær Anna Björk Marteinsdóttir, formaður nefndarinnar fyrir FL, Ásdís Ingólfssdóttir fyrir FF, Helga Dögg Sverrisdóttir fyrir FG, Katrín Lilja Hraunfjörð fyrir FS, FSL og SÍ og Petrea Óskarsdóttir fyrir FT. Starfskona nefndarinnar er Sigrún Birna Björnsdóttir en hún er jafnframt sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum.

Kennarasamband Íslands setur sér stefnu í vinnuumhverfismálum og segir þar m.a. að stuðla eigi að bættu vinnuumhverfi félagsmanna í samvinnu við stjórnvöld og rekstaraðila og efla eigi starfsöryggi og vinna gegn kulnun, veikindum og ótímabæru brotthvarfi úr starfi í samstarfi við heildarsamtök opinberra starfsmanna í vinnuumhverfismálum. Einnig á að auka vitund félagsmanna um mikilvægi góðs vinnuumhverfis, efla áhrif þeirra á vinnuumhverfi og hvetja til þátttöku í stefnumótun um það. Veita á fræðslu um vinnuumhverfismál, vinnuaðstæður og líðan á vinnustað og gera grein fyrir áhrifum þess á heilsu, starfsánægju og sjálfsmynd. Vinnuumhverfisnefnd vinnur eftir stefnu KÍ og samþykktum 7. þings KÍ, og að auki eftir tillögum nefndarfólks.

Matslistar, ályktanir og öryggis- menning

Nefndin hefur ekki setið auðum höndum síðan hún hóf störf eftir 7. þing KÍ. Eitt fyrsta verk hennar var að fylgja eftir samþykktum þingsins um að afla lögfræðiláts um tryggingamál kennara. Það mál er enn á borði lögfræðings KÍ. Einnig hafði nefndin unnið viðamikla matslista á vinnuumhverfi fyrir starfsfólk í skólum. Listarnir eru sendir árlega til allra félagsmanna KÍ en fljótlega eftir tilurð þeirra kom í ljós að slíkan lista vantaði fyrir námsráðgjafa og hefur nú verið bætt úr því. Einnig var ákveðið að nefndin myndi senda ályktanir inn á borð samninganefnda þar sem beðið yrði um að horft yrði til vinnuumhverfis

í kjarasamningagerð. Einnig var ákveðið að leggja áherslu á öryggis-
menningu í skólum landsins og fór svo að sérstakt námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn í skólum er á dagskrá hjá Vinnueftirlitinu. Öryggistrúnaðarmenn eru hvattir til að sækja námskeiðið. Sérfræðingur í vinnuumhverfi fræðir líka um áhættuþætti í vinnuumhverfi á hverju trúnaðarmannanámskeiði KÍ og eru áherslur mismunandi eftir því hvað brennur á mönnum hverju sinni. M.a. hefur verið fjallað um áhrif stjórnenda á vinnuumhverfi og kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi.

Bjargráð og forvarnir

Á fyrsta fundi nefndarinnar var samþykkt að hefja undirbúning

ráðstefnu um vinnuumhverfi í samstarfi við fræðslunefnd og stjórn KÍ. Ráðstefnan varð að veruleika 4. nóvember síðastliðinn undir yfirskriftinni *Byrgjum bruninn, bjargráð og forvarnir* og var einstaklega vel sótt. Á hana varð uppselt snemma og fylgdust um 1000 manns með henni í streymi. Erindi ráðstefnunnar má finna á vef



*Sálfélagslegir
áhættuþættir
hafa víða
ekki verið
rannsakaðir,
m.a. í skólum,
og þarf að
bæta úr því
enda eru það
ekki síst þeir
þættir sem
valda álagi og
streitu.*



Framhald af síðustu opnu

KÍ. Enn fremur má lesa viðtal við aðalfyrirlesara ráðstefnunnar, Ingibjörgu Jónsdóttur prófessor, og helstu punkta úr erindum annarra hér í tölublaðinu. Vinnuumhverfismál kennara eru afar mikilvæg og þarft að ræða þau. Sálfélagslegir áhættuþættir hafa víða ekki verið rannsakaðir, m.a. í skólum, og þarf að bæta úr því enda eru það ekki síst þeir þættir sem valda álagi og streitu.

Kannanir, samráð og samstarf

Nefndin hefur sent frá sér óformlegar kannanir, annars vegar um brottfall tónlistarkennara úr starfi og hins vegar um ofbeldi gegn kennurum. Niðurstöður könnunar um tónlistarkennara munu aðstoða nefndina við að fá mynd af því hvaða álagsþættir í vinnuumhverfi tónlistarkennara valda helst brottfalli. Í framhaldi mun nefndin skrifa greinar og benda á hvað betur má fara. Niðurstöður úr könnun um ofbeldi gegn kennurum komu verulega á óvart og sýndu svart á hvítu að ofbeldi er gríðarlegur álagsþáttur og streituvaldur. Hér er átt við það þegar nemendur beita ofbeldi í skólastarfi, s.s. kennslustundum og frímínútum. Í ljós kom að kennarar eru ekki undirbúnir til að takast á við þennan veruleika, viðbrögð stjórnenda lýsa oft skilningsleysi og starfsferlar eru óþekktir. Til að bregðast við þessu hefur nefndin í smíðum gátlista fyrir kennara sem búnir eru til eftir danskri fyrirmynd. Gátlistarnir og upplýsingaefni þessu tengt mun fara í dreifingu um leið og þeir verða tilbúnir, sem er á þessu skólaári, og er ætlunin að þeir veki kennara til vitundar um þann sálfélagslega áhættuþátt sem ofbeldi er.

Í framhaldi af niðurstöðum könnunar um ofbeldi gegn kennurum var talið æskilegt að kalla eftir samráði við þá sem koma að vinnuumhverfi félagsmanna KÍ. Samráðsfundur var haldinn nú á haustdögum í húsi Kennarasambandsins og mættu fulltrúar Vinnueftirlitsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Virk, menntamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins. Samráðsvettvangur sem þessi er þarfur enda kom í ljós að margt er í farvatninu sem aðrir vissu ekki um, m.a. rannsóknir og verkefni sem stuðla að heilsuefandi vinnustöðum. KÍ telur þörf fyrir rannsóknir á starfs- umhverfi kennara enda eru slíkar rannsóknir gerðar reglulega í löndunum í kringum okkur.

Eitt verkefna nefndarinnar er að vera í samstarfi við vinnuumhverfisfulltrúa frá Norðurlöndunum. Sá samstarfsvettvangur kallast Nordisk arbeidsmiljønettverk eða NAN. Þekking vinnuumhverfissérfræðinga annarra Norðurlanda á umhverfi kennara er gríðarleg og mikill fengur að fá að taka þátt í samvinnu sem þessari. Á fundunum miðla allir af helstu málum sem til umræðu eru hverju sinni í hverju landi. Fundir eru árlega og næsti samstarfsfundur verður á Íslandi í júní 2020.

Starfsfólk ber ábyrgð á eigin heilsu



Umræðan um streitu og álag er á réttri leið þó enn sé töluvert í land. Hér í Svíþjóð er fólk farið

að gera sér grein fyrir ranghugmyndum sem hafa verið uppi um einstaklingsúr-ræði í stað þess að skoða aðra þætti, svo sem hvernig vinnustaðurinn er að virka. Það getur bara ekki verið svo að allir séu að glíma við kulnun,“ segir dr. Ingibjörg Jónsdóttir, forstöðumaður Institutet för Stressmedicin í Gautaborg í Svíþjóð.

Ingibjörg hefur unnið að streitu-rannsóknunum í Svíþjóð um langt árabíl. Hún flutti nýverið erindi á ráðstefnu KÍ sem fjallaði um hjargráð og forvarnir þegar kemur að streitu og álagi kennarastéttarinnar.

Þótt stofnunin sem Ingibjörg veitir forstöðu kenni sig við orðið stress segist hún sjálf helst ekki vilja nota það orð, né orðið streita ef út í það er farið.

„Streituhugtakið er flókið og getur falið í sér marga mismunandi þætti – fólk leggur líka misjafnan skilning í orðið. Það er hægt að skipta streituhugtakinu upp í streituálag, streituskynjun, streituhegðun, líkamleg áhrif streitu og síðan en ekki síst vanheilsu sem kemur í kjölfar langvarandi streituálags,“ segir Ingibjörg.

Streita er eitt, kulnun annað. Mikíð er rætt um kulnun í fjölmiðlum og almennri umræðu en Ingibjörg segir að við verðum að velta hugtakinu betur fyrir okkur.

„Það getur bara ekki verið að allir séu kulnaðir á Íslandi. Kulnun er mjög alvarlegt ástand og hefur verið skilgreint sem atvinnusjúkdómur hjá OECD (Efnahgs- og framfarastofnuninni) og rannsóknir hafa sýnt að þeir sem eru greindir með kulnun hafa breytta heilastarfsemi,“ segir Ingibjörg og bætir við að vissulega sé stór hópur hér á landi sem annars staðar sem hefur of mikið að gera. „Okkur er eðlilegt að hafa mikið að gera en þegar fólk er hætt að sofa og þarf að takast á við of mörg verkefni í vinnu og utan vinnu



þá þarf að bregðast við. Svefntruflanir eru merki um að gott sé að grípa til aðgerða.“

Einstaklingsmiðuð úrræði leysa ekki vandann

Kennarar segja margir að þeir búi við of mikið álag í starfi og þeir eru ekki eina starfsstéttin sem kvartar yfir því. Ingibjörg er spurð hvað sé til ráða í þessum efnum.

„Mikið álag í kennarastarfinu er þekkt vandamál um allan heim. Það hefur svo margt breyst í skólakerfinu; kennarar þurfa að sinna fleiri verkum en áður, nemendur þurfa stuðning, búið er að lofa foreldrum að barnið þeirra fái toppþjónustu og svo bætist mikil pappírsvinna og umsýsla einnig við. Það sama er uppi á teningnum í heilbrigðiskerfinu og á dvalarheimilum aldraðra. Það þarf að hefja alvöru umræðu um þessi mál.“

Einstaklingsmiðuð úrræði hafa að sögn Ingibjargar verið alltof fyrirferðarmikil, svo sem ýmsar streitumeðferðir,


 yrgð

Pað getur bara ekki verið að allir séu kulnaðir á Íslandi

árvekni, hugræn atferlismeðferð og jóga svo fáein dæmi séu nefnd. Ekkert af því sem var talið upp telur Ingibjörg slæmt en hún segir að það leysi samt ekki vandann sem fylgir of miklu álagi í starfi.

„Þessi mikla áhersla á að fundin séu úrræði fyrir hvern einstakling hefur orðið til þess að raunverulegar orsakir þess að viðkomandi þjáist af streitueinkennum eru ekki skoðaðar. Það stoðar lítið að fara á heilsuhæli í nokkra daga, jafnvel þótt dvölin sé góð, og snúa svo aftur á vinnustað þar sem allt er eins og áður. Rannsóknir okkar hafa sýnt að

streitu- og álagseinkenni koma einkum fram á vinnustöðum þar sem markmið eru óljós, starfslýsingar á reiki og langt í stjórnendur. Þetta varðar nefnilega skipulag á vinnustað og að stjórnendur geti tekist á við vandamálin þegar þau koma upp.“

Ingibjörg segir vinnuveitendur bera ábyrgð á því að forsendur á vinnustað séu með þeim hætti að starfsfólk geti sinnt sínu starfi og að það geti staðið undir þeim kröfum sem eru gerðar til þess. „Kröfur einar og sér eru sjaldan einhliða skýring á streitutengdum einkennum. Sveigjanleiki og gott skipulag á vinnustað getur komið í veg fyrir að miklar kröfur til starfsmanns hafi neikvæð áhrif á líðan hans. Það gera hins vegar óljósir stjórnarhættir, léleg samskipti, óréttlæti og óljósar vinnulýsingar.“

Starfsfólk ber ábyrgð á eigin heilsu
Áherslubreyting þar sem snúið er frá einstaklingsúrræðum og þess í stað horft á starfsskilyrði og stjórnun

„Sérstjórnar lausnir fyrir hvern einstakling nægja ekki einar og sér til að koma í veg fyrir streitu og fjarvistir á vinnustað.“ segir dr. Ingibjörg Jónsdóttir.

MYND: SÓS

vinnustaðarins er nauðsynleg að mati Ingibjargar. „Sérstjórnar lausnir fyrir hvern einstakling nægja ekki einar og sér til að koma í veg fyrir streitu og fjarvistir á vinnustað. Heilsuefning er af hinu góða og hreyfing er gulls ígildi fyrir alla og mikilvægur þáttur þegar kemur að forvörnum gegn streitusjúkdómum,“ segir Ingibjörg og bætir við að heilsuefning á vinnustað eigi að vera sameiginlegt verkefni vinnuveitanda og starfsfólks.

„Starfsfólk ber ábyrgð á eigin heilsu og það ber líka ábyrgð á því að sinna þeirri vinnu sem það hefur ráðið sig til. Að sama skapi er vinnuveitandi skyldugur til að hafa vinnuskilyrði með þeim hætti að starfsfólk geti unnið sitt starf. Það er brýnt að vinna að bættum vinnuskilyrðum og betra skipulagi – og það er flóknara mál en að sinna heilsuefningu einstaklinga. Þessi áherslubreyting þarf hins vegar að eiga sér stað þó hún muni taka langan tíma og krefjast bæði hugrekis og þolinmæði.“

Pallborðið

Kennaranemar segja frá áskorunum í náminu og væntingum til kennarastarfsins



Helena Sjörup Eiríksdóttir, meistaranemi við HA



Kolbrún Lára Kjartansdóttir, meistaranemi í leikskólafræðum í HÍ



Guðný Charlotte Harðardóttir, nemi á lokaári á hljóðfærakennslubraut við LHÍ



Hrannar Rafn Jónasson, nemi í grunnskólakennarafræði við HÍ

— Hvað varð til þess að þú valdir að fara í kennaranám?

► Ég var að vinna á leikskóla og fann fljótlega að þetta væri starf fyrir mig. Ég fann að ég náði vel til barnanna og samstarfsfólkið mitt sá hvað í mér bjó og hvatti mig til að sækja mér menntun og efla sjálfa mig sem kennara.

► Eftir að hafa starfað á leikskóla í eitt ár fann ég að leikskóla-starfið var það sem mig langaði að gera að framtíðarstarfi. Ég sótti því um leikskólakennaranámið í HÍ til að verða faglegri í starfi og það er besta ákvörðun sem ég hef tekið.

► Þegar ég ákvað að fara í tónlistarnám á háskólastigi þá hugsaði ég um hvernig starfsvettvangur tónlistar á Íslandi er. Það fyrsta sem ég hugsaði var tónlistarkennsla og hversu hagnýt hún er upp á framtíðina. Mig langaði þó einnig að þjálfa mig upp sem góðan tónlistarmann og því var hljóðfærakennslubraut í Listaháskóla Íslands kjörið val. Þar eru gerðar kröfur til bæði hljóðfærakunnáttu og kennslukunnáttu.

► Ég vissi ekki alveg hvert ég stefndi eða í hverju ég vildi mennta mig. Það eina sem ég var handviss um var að ég vildi mennta mig í einhverju þar sem ég fengi tækifæri til að hjálpa fólki. Kennaranámið tengir saman þær væntingar sem ég hafði til framtíðarstarfsins þegar ég var yngri. Ég gat sérhæft mig í því sem ég hef áhuga á, starfað á líflegum vettvangi með fjölbreyttum verkefnum og haft áhrif á líf annarra.

— Hver finnst þér stærsta áskorunin í náminu?

► Mín stærsta áskorun hefur verið tvítyngið mitt. Ég fann fljótt að ég átti erfiðara með að skrifa fræðilega texta og setningamyndun var oft á tíðum nær danskri setningamyndun. Ég þurfti að láta lesa yfir alla texta fyrir skil en með endurgjöfum tókst mér að bæta mig og efla á hverju námsári.

► Helsta áskorunin sem ég finn fyrir er að finna jafnvægi á milli skóla, vinnu og félagslífs en það kom þó frekar fljótt.

► Fyrir utan að efla mig sem tónlistarmann þá fannst mér æfingakennslan stærsta áskorunin. Hvernig maður undirbjó sig fyrir hvern tíma, hvernig maður hugsaði um hvað maður ætti að segja við nemenduna og hvernig ætti að segja það, fannst mér mikil áskorun en samt svo skemmtilegt á sama tíma.

► Sú áskorun sem hefur fylgt mér að mestu í gegnum námið er að finna jafnvægi milli náms, vinnu og félagslífs. Þar sem ég þarf að vinna með náminu til að framfleyta mér getur oft reynst erfitt að finna jafnvægi þar á milli. Svo ég hugsa að það sé stærsta áskorunin, þó svo að hún sé kannski ekki beint innifalín í náminu sjálfu.

— Hvað væntingar hefurðu til kennarastarfsins?

► Ég hef miklar væntingar til starfsins. Samfélagið er sífellt í þróun og ég tel mikilvægt að við leikskólakennarar varðveitum gildi og mikilvægi leiksins. Hann er helsta og besta kennsluáðferðin að mínu mati.

► Mínar væntingar eru fyrst og fremst þær að starfið sé fjölbreytt og gefandi og bjóði kennurum upp á tækifæri til að nýta eigin styrkleika og mannauð skólans í kennslu hverju sinni. Ég vona einnig að eftir námið hafi ég öðlast hæfni til að koma til móts við fjölbreytta barnahópa og það ófyrirsjáanlega sem kemur fyrir í daglegu starfi.

► Ég er mjög spennt fyrir að afla mér meiri þekkingar og reynslu sem ég tel að komi þegar ég fer að starfa við tónlistarkennslu að fullu og tileinka mér mismunandi kennsluáðferðir til að ná fram því besta í hverjum nemanda, kynna nemendum hið mikla úrval tónlistar og láta þannig tónlistina berast áfram!

► Þó svo að við fáum góða reynslu á vettvangi í náminu er erfitt fyrir nýútskrifaða kennara að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem fram undan eru. Ég geri mér vonir um að fá svigrúm til að sinna starfinu og mér sé treyst fyrir að því að ná til nemenda og mennta. Samstarf heimilis og skóla, sem og samstarf milli starfsfólks skólans spilar þar stórt hlutverk.



Umsóknarfrestir 2020


Rannís auglýsir umsóknarfresti fyrir Erasmus+ og Nordplus

Í menntahluta Erasmus+: Nám og þjálfun **5. febrúar** og samstarfsverkefni **24. mars**,
í æskulýðshluta Erasmus+: **5. febrúar, 30. apríl og 1. október** og í Nordplus: **3. febrúar**.

Nánari upplýsingar má finna á: www.erasmusplus.is og www.nordplusonline.org



LÉTTLESTRARBÆKUR FRÁ ÓÐINSAUGA



ÓKEYPIS VERKEFNAHEFTI FYLGJA MEÐ BEKKJARSETTUM

Kennarinn.is hefur útbúið litla verkefnapakka við fimm léttlestrarbækur frá Óðinsauga. Verkefni eru sett upp í takt við áherslur í íslensku í fyrstu bekkjum grunnskóla og aðferðafræði Byrjendalæsis. Hver verkefnapakki samanstendur af fjórum blaðsíðum og leiðbeiningum auk leiðbeininga fyrir kennara. Þegar skóli pantar 15 eða fleiri léttlestrarbækur fylgja jafn mörg verkefnahefti með án endurgjalds. Þökkum frábærar viðtökur.

Ný léttlestrarbók fyrir krakka sem eru komnir aðeins lengra í lestri. Þessi bók er á næsta þyngdarstigi á eftir léttlestrarbókunum með eilítið meiri texta á hverri blaðsíðu.

M.v. bekkjarsett, 15 bækur eða fleiri, eru léttlestrarbækurnar á tilboðsverði 790 kr. stk. Gildir til 15. janúar 2020. Pantanir sendist á tölvupóstfangið pantanir@odinsauga.com.



Leggja mat á styrkleika og þekkingu erlendra nemenda

Nemendur af erlendum uppruna búa allir yfir styrkleikum og þekkingu sem mikilvægt er að skólakerfið meti og byggi ofan á. Með nýju stöðumati verður hægt að meta þessa þætti og sníða námið út frá þeim.

Víð vitum að það getur reynst erfitt að flytja í nýtt land, hefja þar nýtt líf, eignast

nýja vini og aðlagast nýju samfélagi. Það á sérstaklega við um börn og ungmenni, sem þurfa þá að fóta sig í framandi umhverfi, læra nýtt tungumál og aðlaga sig nýju skólakerfi og nýjum kennsluháttum. Breytingar taka alltaf á og þá skiptir gott tengslanet máli en líka að samfélagið sé tilbúið að taka á móti nýjum íbúum og þeim verkefnum sem þeim fylgja. Til dæmis þurfa skólar að tryggja að nemendum líði vel og að þeir fái kennslu við hæfi, hvort sem þeir eru aldir upp í næsta húsi eða hinum megin á hnettinum. En er það alltaf svo?

Um síðustu aldamót bættust fimm nemendur af erlendum uppruna inn í umsjónarbekk hjá Krístrúnu Sigurjónsdóttur þegar hún starfaði sem umsjónar- og faggreinakennari í íslensku. „Ég uppgötvaði að ég hafði ekki hugmynd um hvernig ég ætti að mæta þeim. Þetta voru flottir krakkar en þeir voru ekki búnir að læra íslensku þannig að ég náði ekki að miðla kennsluefninu til þeirra. Þetta varð mér í raun ofviða,“ segir Krístrún. Hún sérhæfði sig í framhaldi í kennslu nemenda af erlendum uppruna og var til að mynda í fimmtán ár deildarstjóri móttökudeildar við Lækjarskóla í Hafnarfirði. Hún starfar nú sem kennsluráðgjafi fjölmenningar í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.

Stýrihópur vegna stöðumats

- ▶ **Fyrir hönd Árborgar:** Þorsteinn Hjartarson fræðslustjóri, Hrund Harðardóttir kennsluráðgjafi, Aneta Figlarska, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna.
- ▶ **Fyrir hönd Hafnarfjarðar:** Fanney Dórothe Halldórsdóttir fræðslustjóri, Krístrún Sigurjónsdóttir, kennsluráðgjafi fjölmenningar, Þórdís Helga Ólafsdóttir, sérkennslufulltrúi grunnskóla.
- ▶ **Fyrir hönd Reykjanesbæjar:** Helgi Arnarson fræðslustjóri, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, verkefnastjóri í íslensku sem öðru máli, Kolfinna Njálisdóttir, deildarstjóri sérfræðipjónustu.

Aðalbjörn Sigurðsson skrifar

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir hefur starfað innan skólakerfisins frá árinu 2001. Hún starfar í dag sem kennsluráðgjafi í Reykjanesbæ þar sem fjórðungur íbúa er af erlendum uppruna. „Ég hef fundið að í sveitarfélaginu, og raunar víðar, þarf að halda fastar utan um nemendur af erlendum uppruna. Kennarar hafa síðustu ár ítrekað nefnt við mig að erfitt sé að staðsetja þessa nemendur og að mæta þeirra þörfum sem aftur leiddi til þess að ég fór að velta fyrir mér hvað hægt væri að gera til að auðvelda þeim verkefnið“.

Brennandi áhugi

Þar liggur ástæðan fyrir því að fulltrúi Skólavörðunnar er sestur niður með Krístrúnu og Halldóru. Brennandi áhugi og mikil þekking hefur leitt til þess að þær, ásamt hópi kennsluráðgjafa og fræðslustjóra, hafa síðustu ár unnið að verkefni sem í framtíðinni á að auðvelda skólum og einstökum kennurum að taka á móti erlendum nemendum. „Við viljum innleiða stöðumat sem er í mjög einföldu máli verklag eða tæki til að meta nemendur af erlendum uppruna sem hefja nám hér á landi,“ segir Halldóra. „Ef stöðumatinu er fylgt fáum við strax greinargóðar upplýsingar um bakgrunn nemenda, fyrri þekkingu, reynslu, styrkleika og væntingar.“

„Þetta hefur verið áhyggjuefni í langan tíma að þegar börn koma inn í skólakerfið erlendis frá þá vitum við svo lítið,“ bætir Krístrún við. „Hversu mikið kunna þau, hversu vel læs eru þau, hvernig er þeirra saga í stærðfræði o.s.frv? Við höfum ekki haft verkfæri til að meta það þannig að við höfum kannski verið að kynna nemandanum yfir marga mánuði eða ár og reynt að staðsetja hann með efni sem er jafnvel langt yfir eða undir getu. Okkur fannst vanta verkfæri til að meta hvað þau koma með í bakpokanum ef svo má að orði komast. Hvað kunna þau þegar þau hefja nám í skólunum okkar? Ef við vitum það er framhaldið svo miklu auðveldara.“

Sænska leiðin

Vinna við stöðumatið hófst hér á landi árið 2016 eftir að Þórdís Helga Ólafsdóttir, sérkennslufulltrúi grunnskóla við Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar, kynntist matstækinu í Svíþjóð. Þar í landi voru kennarar, skólar og yfirvöld menntamála að glíma við nákvæmlega sama vanda og hér á Íslandi. Hversu vel nemendum vegnaði í námi stýrðist í of miklum mæli af áhuga og þekkingu kennara og skólastjórnenda í skólanum þar sem nemandinn hóf nám. Rannsóknir og mælingar, meðal annars PISA, sýndu að þessi nemendahópur stóð höllum fæti í sænska skólakerfinu, bæði náms- og félagslega. Menntamálastofnun Svíþjóðar, sérfræðingar frá háskólunum í Malmö, Stokkhólmi og Gautaborg auk þriggja sveitarfélaga komu að rannsóknunum, útfærslu og innleiðingu stöðumatsins. Í Svíþjóð hefur matið þegar verið fest í lög og talsverð reynsla er komin á það. Hér á landi hefur verið settur saman stýrihópur sem vinnur að því að þýða matstækið, staðfæra það og innleiða.

„Matið byggir í raun á þremur viðtölum sem fara fram á sterkasta tungumáli nemandans og fjölskyldunnar. Í þessum viðtölum er alltaf tálkur á staðnum. Fyrsta viðtalið er við nemendur og foreldra eða forráðamenn þar sem farið er mjög ítarlega yfir fyrri þekkingu og reynslu. Í viðtali tvö er farið yfir lestrarkunnáttu og lesskilning og í því þriðja er talnaskilningur nemandans kortlagður. Í seinni viðtölunum tveim eru foreldrar ekki á staðnum,“ segir Halldóra Fríða. Hún leggur áherslu á að ekki sé um að ræða próf heldur kennslufræðilegt mat. „Þegar við metum leskunnáttu og –skilning könnum við hvort nemandinn geti fundið staðreyndir beint upp úr texta, hvort hann geti lesið á milli lína eða dregið ályktanir um efnið sem hann var að lesa. Við höfum séð dæmi um að nemendur sem kennarar hafa áhyggjur af reynast fluglæsir á eigin móðurmáli. En það var vitneskja sem kennarinn hafði ekki fyrir. Þannig að þetta gefur okkur góðar vísbendingar,“ segir Krístrún.



Fyrst stöðumat, svo kennsluáætlun

Hvert viðtal tekur um eina klukkustund og gert er ráð fyrir að undirbúningur og úrvinnsla taki samtals tvær klukkustundir til viðbótar. Stöðumatinu fylgja verkefni sem lögð eru fyrir nemendur og eru þau nú til á 39 tungumálum. Þó nemandi tali ekki eitt af þeim er engu að síður hægt að nota stöðumatið, en þá hefur túlkurinn heldur stærra hlutverk. Til viðbótar fylgja stöðumatinu eyðublöð þar sem niðurstöður úr viðtölum eru teknar saman. Með þessari samantekt er hægt að búa til grunn að kennsluáætlun fyrir nemandann.

Eins og áður sagði hefur verið stofnaður stýrihópur til að innleiða verkefnið. Í grunninn eru það starfsmenn þriggja sveitarfélaga, Hafnarfjarðar, Reykjanesbæjar og Árborgar auk þess sem Fellaskóli í Reykjavík hefur tekið þátt í verkefninu síðastliðið ár. Menntamálastofnun aflaði nauðsynlegra leyfa og aðilar á borð við Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Menntamálaráðuneytið hafa fengið kynningu. Það hafði líka mikil áhrif á framgöngu þess að verkefnið hlaut ríflega tveggja milljón króna styrk úr Sprotasjóði.

Þurfum að byggja á styrkleikum nemenda

Það er augljóst þegar rætt er við Krístrúnu og Halldóru að þær brenna

af áhuga á verkefninu. Halldóra segir að vinir hennar grínist með að hún sé hætt að ganga með myndir af börnunum í veskinu því stöðumatið taki þar upp allt pláss. Krístrún bendir á að það skipti máli að nemendur finni sig sem fyrst eftir að þeir hefji nám hér á landi. „Nemandinn er kominn í nýtt skólakerfi og sjálfsmyndin tengist hans fyrri þekkingu og reynslu. En þó að nemandinn hafi ekki verið í skóla er hann samt með fullt af reynslu og styrkleikum. Ef ekki er byggt ofan á neitt sem nemandinn kann eða ef reynsla hans og þekking nýtist ekki þá hefur það gríðarleg áhrif á til dæmis sjálfsmynd. Eftir að stöðumat fer fram höfum við tækifæri til að byggja á styrkleikum nemenda og draga fram það sem þau geta nýtt sér meðan þau eru að læra íslensku,“ segir Halldóra. „Við sjáum líka að stöðumatið tengir nemendur og foreldra strax við skólann. Þetta gerir skólann opnari og aðgengilegri fyrir nemendur og foreldrar átta sig strax á hvaða hlutverk þau hafa í skólagöngu barna sinna. Við spyrjum nemendur hvaða kennsluáðferðir kennarar notuðu í skólum sem þeir hafa sótt, hvort þau voru með námsefni, notuðu þau tækninám, kunna þau á síma, geta þau nýtt sér iPad eða aðra tækni? Og hvernig var námsmati háttað, tóku þau próf eða var það byggt á verkefnum? Unnu þau í hópum eða ein? Þetta gefur okkur

Krístrún Sigurjónsdóttir og Halldóra Friða Þorvaldsdóttir hafa síðustu misseri verið fulltrúar í stýrihópi sem unnið hefur að þýðingu á stöðumati þar sem þekking nemenda af erlendum uppruna er kortlögð.

mjög mikilvægar upplýsingar og við vitum þá frekar hvernig við getum lagt af stað. Þannig fær nemandi nýtt tæki í samskiptum sem getur hjálpað honum í félagslegum aðstæðum og að kynnst öðrum nemendum.“

„Tökum hópavinnu sem dæmi,“ bætir Krístrún við. „Við höfum metið nemendur sem vita ekki hvað það er enda hafa þeir fram að þessu aðeins setið í kennslustundum þar sem er bein innlagn. Við höfum líka kynnst nemendum sem hafa aldrei unnið í snjalltækjum eða skilja ekki að við gerum hér á Íslandi kröfu um að allir nemendur fari út í frímínútur. Við höfum líka dæmi um að foreldrar haldi að barnið þeirra sé ekki að sinna náminu því það komi með svo litla heimavinnu. Í stöðumatinu eru alls konar svona hlutir til umræðu.“

Uppsetningu á stöðumatinu hér á landi er ekki að fullu lokið en hægt er að nýta það engu að síður. Verið er að vinna að uppsetningu á tölvutæku formi og vonir standa til að henni verði lokið á næstu mánuðum. Þá verður efnið aðgengilegt öllum sem áhuga hafa á að nýta það. Enn er eftir að ákveða hvernig það verður gert, en rætt er um heimasíðu og opinn aðgang að PDF skjölum. Fram að því þurfa kennarar sem hafa áhuga á verkefninu að bíða eða einfaldlega setja sig í samband við þær stöllur eða einhvern í stýrihópnum sem kynntur er hér til hliðar.

Hjörtu kennara slá meira og meira í takt

Sigrún Grendal hefur gegnt formennsku í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum í tvo áratugi og árin þar á undan sat hún í stjórn félagsins. Sigrún er með lengstan starfsaldur formanna í Kennarahúsinu og óhætt að fullyrða að hún hefur frá fyrstu tíð verið vakin og sofin yfir málefnum tónlistarskólakennara, tónlistarnáms og kannski ekki síst framgangi kennarasamtakanna. Skólavarðan settist niður með Sigrúnu í tilefni tímamótanna.

Það er merkilegt að líta til baka og sjá hvert lífið hefur leitt mann. Ég var ung að árum þegar ég var nokkuð viss um að ég vildi verða píanökennari. Veturinn þegar ég var í tíunda bekk sagði ég ömmu minni, sem ég bjó þá hjá, frá þessum áformum. Hún sat með þrjónana, eins og svo oft, og tók vel í hugmyndina en sagðist þó alltaf hafa haldið að ég yrði lögfræðingur eða læknir. Sennilega hafði amma eitthvað til síns máls, að minnsta kosti varðandi lögfræðina, því réttlætiskennnd hefur alltaf verið rík í mínu fari og má segja að hún hafi leitt mig inn í félagsstörfin. Þetta með lækninn á líka við að því leyti að velferð barna hefur alltaf verið mér hjartans mál,“ segir Sigrún þegar hún er

spurð um hvernig þetta hafi allt saman byrjað.

Sigrún hóf kennsluferilinn í Tónlistarskóla Kópavogs að loknu námi, þá 24 ára.

„Ég var búin að kenna í tónlistarskólanum í eitt ár og var að búa mig undir mitt annað kennsluár þegar ég stóð frammi fyrir því að mér fannst hafa verið að mér vegið af stjórnendum skólans í tilteknu máli. Fyrir mig var það heilmikið átak að kalla eftir fundi með stjórnendum, ég átti ekki auðvelt með að tala og mitt tjáningarform var í gegnum tónlistina. En ég fór á fundinn og ekki löngu síðar kom Kristín Stefánsdóttir, samkennari minn í tónlistarskólanum og núverandi formaður sjúkrasjóðs KÍ, að máli við mig og spurði hvort ég væri ekki til í að gefa kost á mér í stjórn FT,“ segir Sigrún og bætir við að Kristín hafi kennt sér margt og sé félagsmálajaxl sem hafi lagt ótrúlega mikið af mörkum í þágu stéttarinnar og tónlistarfræðslu. Hún hafi meðal annars verið í ritstjórn fyrstu samræmdu aðalnámskrár tónlistarskóla og víli ekki fyrir sér að takast á hendur hin erfiðustu störf.

Sigrún tók Kristínu á orðinu og gaf kost á sér til stjórnarsetu í FT. Þetta var árið 1995.

„Það má segja að réttlætiskennndin hafi leitt mig inn í starfið. Ég á mjög erfitt með að láta óréttlæti ótalið og það hefur á ákveðinn hátt verið mitt leiðarljós frá upphafi samhliða þeirri einörðu sannfæringu sem ég hef fyrir margþættu gildi tónlistarnáms.“

Fjórum árum síðar bauð Sigrún sig




Það er okkur tónlistarkennurum mikið hjartans mál að efla trú á hve tónlistin er merkileg gjöf og það er okkar hlutverk að sjá til þess að fleiri og fleiri geti nýtt sér hana.

fram til formanns FT. Sigríður Sveinsdóttir, sem hafði gegnt formennsku á árunum 1988 til 1999, gaf ekki kost á sér til endurkjörs. „Framboð til formanns félagsins var mikil áskorun fyrir mig en á sama tíma toguðu félagsmálin svo mjög í réttlætistaugina að það var ekki aftur snúið.

Mér fannst Kennarasambandið spennandi vinnuumhverfi og þá fyrst og fremst sem þessi umgjörð og stoð varðandi öll kjara- og réttindamál, en á þessum tíma var brekkan fram undan í kjaramálum æði brött hjá kennurum og skólastjórnendum í tónlistarskólum. Ég fann líka hvað kennarahjartað er stór hluti af mér og þegar ég hugsa til baka þessi 25 ár þá fyllist ég þakklæti yfir að hafa fengið að leggja mitt af mörkum í starfi fyrir þessa grundvallarstofnun sem Kennarasambandið er.“

Sigrún segir það hafa verið afar ánægjulegt að taka þátt í þróun Kennarasambandsins frá fyrstu tíð. „Það er gott að sjá hve hjörtu kennara



slá alltaf meira og meira í takt – á sífellt fleiri sviðum. Mér finnst það bæði virðingarvert, merkilegt og gríðarlega mikilvægt.“

Litlu málin eru stór

Þegar Sigrún er spurð út í stóru málin á síðustu 20 árum svarar hún um hæl: „Þegar ég leiði hugann að þessu þá rek ég mig strax á það að ég hugsa líklega ekki á þessum nótum. Fyrir mér eru

nefnilega litlu málin, sem mér finnst strax rangnefni, þau stóru. Lítil mál geta verið risastór og þar á ég við alls kyns mál sem koma inn á mitt borð, flókin og viðkvæm einstaklingserindi, sem geta skipt viðkomandi félagsmenn mjög miklu máli. Í mínum huga eru það ekki síður hin stóru mál.“

Sigrún segir jafnframt að málefni félagsins séu margvísleg og að umfangi séu sum þeirra risavaxin.

Sigrún á Svæðisþingi í Reykjavík sem fram fór 20. september. Yfirskrift Svæðisþinganna þetta árið var „Gæðamenntun fyrir alla“.

„Í þessu samhengi er vert að draga fram þann veruleika sem við búum við, það er að viðgangur tónlistarskólakerfisins og þróun tónlistarfræðslu á Íslandi eru að mjög miklu leyti undir stéttinni sjálfri komin og við sjálf þurfum að draga þennan vagn.

Í vinnunni minni, hér á skrifstofunni, þykir sjálfsagt mál að hlutir séu uppfærðir í takt við tímann, hér er bankað reglulega upp á og hlutir

eins og Windows-stýrikerfið, og annar hugbúnaður sem ég kann ekki að nefna, er uppfærður og svo framvegis.

Til að viðhalda tónlistarskólakerfinu þarf á sama hátt að uppfæra ýmislegt í okkar stýrikerfi og hugbúnaði en róðurinn þar er bara umtalsvert þyngri en hér á skrifstofunni. Hér erum við að tala um nokkuð þekkt stef í skólasamfélaginu og á ekki að þurfa að fara mörgum orðum um mikilvægi þess fyrir þróun skólafélagsins,“ segir Sigrún og bætir við að heildarlöggjöf, sambærileg þeirri sem aðrar skólagerðir hafa, sé grundvallaratriði fyrir viðhald tónlistarskólakerfisins.

Hún segir jafnframt nauðsynlegt að kennarastarfið í tónlistarskólum fái sömu viðurkenningu í formi leyfisbréfs og þau kennarastörf sem unnin eru í öðrum skólastofnunum.

„Ég tel þetta munu skipta sköpum um hvort okkur tekst að viðhalda starfsstéttinni og ég vil leyfa mér að segja að nýliðunarvandinn sé hvað mestur í okkar röðum innan KÍ. Kennaranám og nýjar menntunarkröfur, í samræmi við Bologna-samkomulagið, fela í sér uppfærslu sem að okkar mati er lífsnauðsynleg í þessu samhengi, ekki með ósvipuðum hætti og til dæmis að endurskoðun á aðalnámskrá er nauðsynlegur hlekkur í okkar gangverk, þar sem við viljum öll hafa fagmennskuna í fyrirrúmi og gerum kröfu um síkvika starfs- og skólaþróun.“

Sigrún segir FT hafa unnið statt og stöðugt að þessum málum í gegnum árin. „Þó mér hafi stundum fundist hjólin snúast fullhægt þá er ég, einhvern veginn, alltaf bjartsýn og finnst okkur miða í rétta átt. Þar á Kennara-sambandið, og hvernig það er að þróast, stóran hlut að máli.“

Allt er þegar þrennt er

Síðastliðið vor fékk félagið langþráð

viðbrögð frá menntamálaráðherra við umleitunum og áskorunum um að brýn málefni stéttarinnar verði sett á dagskrá í ráðuneytinu.

„Við fögnum því að það hafi farið inn í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar að vinna við endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla og endurskoðun á lagamma tónlistarskóla eigi að fara fram á næstu tveimur árum.

Þetta verður þá í þriðja skiptið í minni formannstíð sem formleg vinna fer af stað við endurskoðun á lagamma tónlistarskóla. Árið 2013 náði vinnan það langt að tillaga að frumvarpi til laga um tónlistarskóla var sett í opið samráðsferli á vef ráðuneytisins. Ég er bjartsýn á að í þessari þriðju atrennu munum við ná til lands,“ segir Sigrún.

„Við munum leggja allt okkar af mörkum í þessari vinnu og gerum kröfu um að nýr rammi verði með þeim hætti að við getum enn betur sinnt starfi okkar en áður, að tónlistarnámið verði betur hluti af skólasamfélaginu

og almennri menntun og við getum í sameiningu stigið ölduna inn í framtíðina.“

Tónlistarskólakerfið, sem telur yfir átta tíu skóla, er mikilvægur hluti af okkar menntakerfi. Sigrún segir flesta sammála um að menntun sé viðtækt samvinnuverkefni sem varði okkur öll. Mikilvægt sé að við horfum á þróun menntunar og menntakerfisins með opnari og heildstæðari hætti til framtíðar.

„Þau mál sem ég nefndi hér áðan sem eru mikilvæg fyrir viðhald tónlistarskólakerfisins eru einnig, og ekkert síður, lykillinn að því að tónlistarskólarnir geti verið enn virkari þátttakendur í þróun samfélagsins og hvort sem er á sviði menntunar, menningar og lista – í samræmi við þeirra skilgreinda hlutverk. Þau fela í sér margvíslegar hindranir sem gera það að verkum að við, og þá sérstaklega börn og



Við eigum að vera í forystu og axla okkar ábyrgð á þróun skólakerfisins.

ungmenni, förum á mis við margt af því sem tónlistarskólarnir geta lagt til þessa samstarfsverkefnis.

Við sem þjóð erum mjög stolt af því hvað okkur hefur gengið ótrúlega vel í boltanum og þá gjarnan með vísan til þess hvað við erum fámenn þjóð. Eitt af því sem rætt er um að eigi þátt í þeirri velgengi er áherslan á samvinnu og liðsheild – við hefðum t.d. væntanlega ekki náð sama árangri ef við hefðum á einhvern hátt fjötrað hornamennina í handboltanum.

Á sama hátt á umgjörðin í skólasamfélaginu að styðja við og ýta undir samspil stofnana og hringa því úr veginum sem getur blokkerað mikilvægar stoðsendingar eða haldið hornamanni á bekknum,“ segir Sigrún.

Þannig telur FT það ávinning fyrir þróun menntakerfisins í heild að störf tónlistarskólakennara byggja á sambærilegri viðurkenningu og er að finna hjá öðrum skólagerðum.

„Frankvæmdin styrkir samstarfsgrundvöll tónlistarskóla við aðrar skólagerðir, eykur sveigjanleika og flæði kennara milli skólastaiga og styður stefnu um aukinn fjölbreytileika, skólaþróun og gæðanam fyrir alla. Frankvæmdin er til þess fallin að efla samstarf og samvirkni milli tónlistarskóla og annarra skóla og stækka kjarna lærdómssamfélagsins.“

Við viljum alltaf efla okkur

Um fimmtíu manns frá Norðurlöndunum og Eistlandi sátu tveggja daga ráðstefnu Samtaka norrænna tónlistar- og listaskóla (Nordisk musik- og kulturskole union eða NMKU) undir lok síðasta mánaðar. Þar var meðal annars velt vöngum yfir stöðu og hlutverki tónlistarskólakerfisins í mennta- og menningarstefnu framtíðar, sem og á tímum fjórðu iðnyltingarinnar, og einnig fjallað um rannsóknir og þátt þeirra í þessu samhengi öllu.

„Það að við skyldum vera þarna samankomin að tala um tónlistarnám í þessu samhengi var mjög gefandi, í takt við tímang og mikilvægt innlegg inn í framtíðina. Það er líka hollt að máta sig við kollega í öðrum löndum; fólk sem hefur áþekkt leiðarljós og við en er samt einhvern veginn allt öðruvísi,“



Rannsóknir sýna að ein skilvirkasta leiðin til að vinna að alhliða persónuþroska einstaklinga er í gegnum listir og skapandi starf ...

FT í hnotskurn

► Félag tónlistarskólakennara var stofnað 21. nóvember 1982. Félagið er eitt sjö aðildarféлага KÍ.

► Félagar eru um 530 talsins og starfa í rúmlega 80 tónlistarskólum víðs vegar um landið. Í félaginu eru þeir sem kenna við tónlistarskóla, skólastjórar og millistjórnendur tónlistarskóla og þeir sem starfa við stofnanir sem þjóna tónlistarskólum.

► Nafni félagsins var breytt árið 2015 og heitir nú Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

► Formenn félagsins: Guðrún Guðmundsdóttir (1982-1985), Skarphéðinn Einarsson (1985-1987), Örn Arason (1987-1988), Sigríður Sveinsdóttir (1988-1999)

► Núverandi formaður er Sigrún Grendal.

segir Sigrún og bætir við að það hafi verið sérlega ánægjulegt að formaður KÍ, Ragnar Þór Pétursson, skyldi flytja inngangsávarp á ráðstefnunni.

„Í mínum huga er það ágætis tákngerving og til marks um þá þróun innan KÍ sem hægt og bitandi hefur fært aðildarfélögin nær hvert öðru.“

Fram kom á ráðstefnunni að óendanlega oft hefur verið reynt að greina hið norræna módel en enn hafi menn ekki fundið hina einu réttu niðurstöðu. „Í grófum dráttum má segja að Norðurlöndin séu afar ólík en það sem tengir okkur er norræna velferðin; sú hugsun að vilja bjóða fólki, ungu fólki, besta svæði í heimi til að búa á.“

Sigrún segir gildi samstarfs og samtals meðal norrænna kennara og stjórnenda í tónlist og listum mikið, en þar komi fram ný þekking og nýjar hugmyndir. „Ég tek heils hugar undir orð Kjartans Más Kjartanssonar, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, sem sagði að við gætum og ættum að miðla og nýta okkur reynslu annarra í miklu meira mæli á þessu litla skeri. Þannig kæmum fram nýjar hugmyndir, ný sýn og sjónarhorn sem vert væri að gefa gaum.“

Á ráðstefnunni var því velt upp af hverju við viljum fleiri rannsóknir og voru menn nokkuð sammála um að það væri vegna þess að við viljum jú bæta okkur, að það þjónaði þeim tilgangi að geta gert hluti betur. Allar hendur fóru á loft þegar salurinn var spurður: „hver vill breytingar?“ en viðbrögðin voru á aðra lund þegar spurt var: „hver vill framkvæma breytingarnar?, hver vill leiða breytingarnar? og hver vill bera ábyrgð á breytingunum?“ segir Sigrún og bætir við að öllum þessum spurningum eigi Kennarasambandið að svara játandi.

Jákvæð áhrif tónlistarnáms

Sigrún segir hlutverk tónlistarnáms í menntastefnu vanmetið. „Rannsóknir sýna að ein skilvirkasta leiðin til að vinna að alhliða persónuþroska einstaklinga er í gegnum listir og skapandi starf og jafnframt sýna rannsóknir fram á að gæði almennrar menntunar eru hvað mest þar sem listum og menningu er gert hátt undir höfði í menntakerfi þjóða (UNESCO 2006).“

Sigrún segir nýlegar rannsóknir, sem dr. Helga Rut Guðmundsdóttir kynnti nýverið, sýna fram á að tónlistarnám meðal ungra barna hjálpi þeim meðal annars að einbeita sér.

„Heilinn þroskast og stækkar með mælanlegum hætti. Það hefur verið sýnt fram á að þótt barn stundi tónlistarnám í aðeins eitt ár þá séu áhrifin á heilann varanleg, og á þetta víst líka við um fullorðna. Þá hefur einnig komið fram að tónlistarnemendur standa sig



yfirleitt líka vel í öðru námi og hafa þá sumir sagt að þetta séu bara krakkar sem hafi allt með sér. En í tengslum við þetta hefur komið í ljós þegar gerður er samanburður á börnum sem ýmist stunda tónlistarnám eða ekki að þau áhrif sem tónlistarnám hefur eru mest hjá þeim börnum sem lakast stóðu í byrjun. Þá er rétt að halda því til haga að það kom einnig fram hjá Helgu Rut að rannsóknir sýna að þeir hlutar heilans sem tónlistarnám þroskar eru þeir sömu og reynir á í akademísku námi.

Eftir að hafa hlustað á hennar fyrirlestur þá finnst manni það eiginlega ábyrgðarhluti að halda tónlistarnámi frá börnum og þá einnig með vísan til ákvæða barnasáttmálans um rétt barna til þátttöku í menningu og listum.“

Að sögn Sigrúnar er yfirskrift stefnu félagsins frá árinu 2013 „Tónlist er fyrir alla“ en samtalið um hvert umboð tónlistarskólanna væri var heilmikil áskorun fyrir stéttina. „Erum við fyrir alla eða eigum við bara að mennta þá sem ætla að leggja fyrir sig tónlist – sem er svipað hinu upphaflega umboði? Við vitum að þessir nemendur koma til okkar. En er okkur, sem búum í norrænu velferðarsamfélagi og erum hluti menntakerfisins, stætt á að athuga ekki með hina sem banka ekki á dyr tónlistarskólanna að fyrra bragði?“

Tónlistin er merkileg gjöf

Svæðisþing tónlistarskóla hafa verið haldin á hverju hausti frá árinu 2003. Umgjörð og innihald þeirra hefur einkennst af metnaði og ástríðu fyrir mikilvægi tónlistarnáms og starfi tónlistarkennara. Þau hafa verið haldin á sex stöðum á landinu og ávallt verið kallað eftir samtali við tónlistarkennara á hverjum stað.

„Það að við skyldum vera þarna saman-komin að tala um tónlistarnám í þessu samhengi var mjög gefandi, í takt við tímann og mikilvægt innlegg inn í framtíðina,“ segir Sigrún um velheppnaða ráðstefnu Samtaka norræna tónlistar- og listaskóla sem fram fór í Norræna húsinu í októbermánuði. Með Sigrún á myndinni er Tryggvi Thayer sem var ráðstefnustjóri.

„Við höldum fyrsta svæðisþingið árið 2003. Það heppnaðist vel og úr varð að þessi þing hafa verið fastur liður á hverju hausti. Á upphafsárum mínum í starfi fékk ég oft þá spurningu hvort það væru í raun til sérstakir tónlistarskólar. Þetta þótti mér skrytinn spurning en satt að segja er ekki svo langt síðan að ég var spurð að þessu síðast. Svæðisþingin eru mikilvæg þegar kemur að því að búa til tengslanet milli félagsmanna, auka samlegðina og finna að við erum öll á sameiginlegri leið að ákveðnu marki. Þá hafa svæðisþingin líka nýst vel þegar kemur að samtali við skóla-samfélagið og raunar samfélagið allt. Við höfum til dæmis fengið fulltrúa menntamálaráðuneytis og sveitarfélaganna til að eiga við okkur samtali og þá meðal annars í þeim tilgangi að þeir átti sig á þessari miklu auðlind og perlu sem tónlistin er. Það er okkur tónlistarkennurum mikið hjartans mál að efla trú á hve tónlistin er merkileg gjöf og það er okkar hlutverk að sjá til þess að fleiri og fleiri geti nýtt sér hana.“

Sigrún segir svæðisþingin alltaf faglega spennandi viðburði. „Það er svo gaman að taka samtali við félagana og fleiri um faglegu málin og velta vöngum yfir þróuninni í okkar ranni. Þannig erum við í raun að næra okkur sjálf með því að skoða ríkjandi strauma og fylgjast með öllu sem er að gerast í okkar eigin kerfi og utan þess. Ég hef verið talsmaður þess að Kennarasambandið veiti skólamálahlutunum í starfsemi sambandsins enn meira rými og mér finnst við vera á þeirri braut. Við eigum að vera í forystu og axla okkar ábyrgð á þróun skólakerfisins.“



Þó mér hafi stundum fundist hjólin snúast fullhægt þá er ég, einhvern veginn, alltaf bjartsýn og finnst okkur miða í rétta átt.

Unnið eftir fjölgreindakenningu Gardners í Tjarnarskógi

Allir eru góðir í einhverju, enginn er góður í öllu

Viðtal: Svava Jónsdóttir

Leikskólarnir Skógarland og Tjarnarland á Egilsstöðum voru sameinaðir árið 2012 og fékk sameinaður leikskóli nafnið Tjarnarskógur. 187 börn eru nú í leikskólanum sem er starfræktur í tveimur húsum eða starfsstöðvum, Skógarlandi og Tjarnarlandi. Deildirnar eru níu. Á Skógarlandi eru sex deildir með börnum á aldrinum eins til fjögurra ára en á Tjarnarlandi eru tvær deildir með fjögurra og fimm ára börnum.

„Þegar leikskólarnir voru sameinaðir þurftu þeir að sameinast um eitthvað ákveðið,“ segir Borghildur Sigurðardóttir sérkennslustjóri, „og eftir fagfund með leikskólakennurum haustið 2012 kom í ljós að fjölgreindakenningu Howards Gardners var það sem við gátum orðið sammála um að vinna með. Skólaárið 2012/2013 fór svoltið í að útfæra það hvernig við ætluðum að vinna með fjölgreindirnar. Skipt var niður í hópa og hópur leikskólakennara útfærði hvernig vinnan færi af stað. Fyrstu árin vorum við síðan að fóta okkur varðandi hvernig við vildum hafa þetta.“

„Hugsunin hjá okkur var að greindirnar þróa alhliða þroska barna,“ segir Lembi Seia Sangla aðstoðarleikskólastjóri.

Tvær greindir í einu

Unnið er í fjórum lotum yfir árið og lögð áhersla á tvær greindir í einu, í um einn og hálfan mánuð. Síðan líður alltaf smá tími þar til næstu tvær greindir eru teknar fyrir.

„Við kennum börnunum á yngri deildum á haustin hvernig á að vera í leikskóla, en þau þurfa að átta sig á umhverfinu og sjálfum sér,“ segir Seia. „Síðan er þetta útfært miðað við hvern aldur,“ segir hún en á haustin er alltaf byrjað á samskipta- og sjálfsstyrkingargreind.

„Ástæðan fyrir því að við ákváðum að leggja áherslu á þessar tvær greindir á haustin er að þá eru börnin jafnvel að byrja á nýrri deild og kynnast eða

sameinast á nýjum deildum og þá fara þau mikið í vinaleiki,“ segir Borghildur.

„Og greindirnar tengjast samveru-stundunum,“ segir Seia.

Kubbavika tekur svo við og þá er leikskólinn að sögn Sigríðar Herdísar Pálsdóttur leikskólastjóra svoltið undirlagður af kubbum og fá byggingar úr kubbum að standa í svoltinn tíma þá vikuna.

„Mál- og stærðfræðigreind eru svo næstu tvær greindir en við tókum ekki neinar greindir fyrir í desember af því að þá er svo margt annað í gangi,“ segir Sigríður. „Þá erum við bara að hugsa um jólin, föndra og hafa það kósí.“

Tónlistar- og rýmisgreind eru svo teknar fyrir í febrúar og mars og að þeim loknum er dansvika.

Að lokum eru það hreyfi- og umhverfisgreind í apríl og maí og þá er farið með börnin í gönguferðir.

Gönguferðirnar eru einnig nýttar í að tína rusl til að gera þau meðvitaðri um umhverfið. Engar greindir eru teknar fyrir yfir sumarmánuðina.

Gerðar eru ferilmöppur fyrir hvert barn í leikskólanum og segir Borghildur að þær séu meðal annars hugsaðar til að tengja við greindirnar en yfir árið er ýmsum verkefnum barnanna og ljósmyndum sem kennarar taka og sem tengjast greindunum safnað saman og sett í möppurnar. Foreldrar geta þannig fylgst með því hvernig unnið er með greindirnar. Að leikskólagöngu lokinni fá svo börnin ferilmöppurnar með sér heim.

Málörvun skipar stóran sess í starfi leikskólans. Sérstaklega er hugað að börnum með annað tungumál. „Við höfum stundum lagt áherslu á myndir varðandi erlendu börnin, sem og yngstu börnin sem eru komin stutt á veg,“ segir Borghildur. „Þau sjá þess vegna skipulag dagsins myndrænt. Við höfum líka lagt áherslu á tákni með tali, sérstaklega út frá tvítyngdu börnunum. Tvítyngd börn fá sérkennslutíma í íslensku þegar þau eru orðin þriggja ára og ef við teljum þörf á því.“

Auka fjölbreytnina

Þegar þær eru spurðar um helstu kosti við að nota þessa kenningu segir Borghildur að sér finnst fjölgreindirnar auka fjölbreytnina í leikskólastarfinu. Seia bætir því við að starfsfólk útfæri greindavinnu eftir aldri barna þannig að þau séu ekki að gera það sama ár frá ári og að sér finnst vera kostur að greindirnar fléttast mikið saman. Hún tekur sem dæmi að þó hún sé að vinna með tónlistargreind þá geti hún bætt þar við rýmisgreind og sjálfsstyrkingargreind.

„Ég finn að kennarnir vilja halda áfram að nota greindirnar,“ segir Sigríður. „Þeim finnst þægilegt að nota þær af því að þeir eru orðnir nokkuð öruggir í þessu. Við teljum samt að við getum dýpkað þetta enn betur. Nú er þessi hringur orðinn fastur í sessi og kennarnir búnir að taka saman hugmyndabanka

um hvernig á að vinna út frá hverri greind þannig að þetta er orðið mjög aðgengilegt. Mér finnst helsti kosturinn vera að þetta rammur vel inn starfið.“

„Þegar maður vinnur með greindirnar,“ segir Borghildur, „og einblínir á þær þá áttar maður sig á að eitthvað barn stendur kannski vel hvað varðar mál- og stærðfræðigreind en er svo illa samhæft og slakt í hreyfingum. Þá sér maður betur hvað þarf að efla. Sum börn eru góð í hreyfingum og

þá fá þau að blómstra þegar við leggjum áherslu á hreyfinguna. Það er ekki alltaf verið að einblína á það sama heldur fá börnin að styrkja sig í því sem þau eru góð í en þau upplifa líka annað sem þau eru ekki góð í og það er í lagi; þau þurfa ekki að vera góð í öllu. Það er svo mikilvægt að það sé mikil fjölbreytni í leikskólastarfi.“

„Það sem okkur finnst gott við fjölgreindakenninguna er að hún einblínir ekki á einhverja eina hæfni,“ segir Sigríður. „Allir eru góðir í einhverju og enginn er góður í öllu.“

Dýpka á vinnuna enn frekar

Sigríður, Borghildur og Seia eru spurðar



hverjir séu helstu gallarnir við að vinna með greindirnar og segir Borghildur að í leikskólanum starfi færra fagfólk en æskilegt væri, þó Tjarnarskógur sé betur settur hvað þetta varðar en margir aðrir leikskólar. „Starfsfólk þarf að lesa sér til um greindirnar og kynna sér þær og margir ómenntaðir starfsmenn í leikskólanum hafa ekki sama áhuga á greindunum og þeir sem eru kennaramenntaðir. Þeir stoppa kannski stutt við í leikskólastarfi og hafa ekki þann tíma sem þarf til að dýpka sig nógu mikið í þessu. Ég held að það sé vel þekkt.“

„Nýtt starfsfólk þarf að fá tilsögn til að geta tekið þátt í skipulögðu starfi,“ segir Seia og bætir Borghildur við að slíkt sé oft ekki hægt vegna tímaleysis.

Þegar þær eru spurðar hvernig starfsfólk fái þjálfun í greindunum segir Sigríður að því sé svolítið kastað út í djúpu lauginna. „Við erum með hugmyndabankann sem ég nefndi áðan,“ segir Sigríður, „þar sem eru til dæmis allar upplýsingar varðandi hvað hægt er að vinna með hverri greind og hvernig unnið er með greindirnar og er kennurum bent á að kynna sér þetta. Svo er oft best að sjá þetta í framkvæmd og deildarstjórnarnir hafa verið ágætir í

Lembi Seia Sangla, Sigríður Herdís Pálsdóttir og Borghildur Sigurðardóttir.

að leiðbeina fólki. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um það þegar skipt er um greindir og þarf að skipuleggja sig fram í tímann. Það er merkt inn á skóladagatalið hvenær lögð er áhersla á hverja greind og inn á viðburðadagatal fyrir hvern mánuð.“

Sigríður segir að það hafi verið tekið upp á starfsdegi hvort kennarar vildu halda áfram að leggja áherslu á fjölgreindakenninguna. Þar var ákveðið að halda áfram þeirri vinnu og dýpka hana enn frekar. Búinn var til teymishópur innan skólans til að koma með hugmyndir.

Sigríður, Seia og Borghildur eru allar sammála um að vel hafi tekist að innleiða greindakenninguna. Sigríður kom reyndar ekki að þeirri vinnu í upphafi þar sem hún byrjaði ekki fyrr en 2014 en deildarstjórar ásamt kennurum fylgja þeirri vinnu mjög vel.

„Við teljum að það nýttist vel að vinna eftir fjölgreindakenningu Howard Gardners í leikskólum,“ segir Sigríður.

„Mikilvægt er þó að halda áfram að dýpka sig í kenningunni og fræða og upplýsa starfsfólk um tilgang og markmið hennar. Jákvaett er að horfa á ólíka þætti og hæfileika nemenda og kennara og hvernig hægt er að nýta þá í starfi leikskólans.“

Átta greindir

Samkvæmt fjölgreindakenningunni eru greindirnar átta.

- ▶ Málgreind er hæfileikinn til að vinna með tungumál. Fólk með sterka málgreind hefur gjarnan mikinn orðaforða, skrifar góðan texta og á auðvelt með að flytja ræður og læra erlend tungumál.
- ▶ Rök- og stærðfræðigreind er hæfileikinn til óhlutbundinnar hugsunar, rökhusunar og að vinna með tölur og mynstur.
- ▶ Rýmisgreind er hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar.
- ▶ Líkams- og hreyfigreind er hreyfigeta og færni til líkamstjáningar.
- ▶ Tónlistargreind er hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist.
- ▶ Samskiptagreind er hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í láttbragð og raddblæ.
- ▶ Sjálfsþekkingargreind er þekking á sjálfum sér, styrk sínum og veikleikum, tilfinningum, hugsunum og löngunum, sem og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framtíðar.
- ▶ Umhverfisgreind er hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni.

Kennir nemendum að lifa í núinu

Anna Kristín Jörundsóttir, kennari við Rimaskóla, hafði frumkvæði að og hefur þróað áfangann „Leið þín um lífið“ sem á að stuðla að og efla alhliða þroska nemenda og gera þá hæfari í að takast á við sitt daglega líf á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Áfanginn fékk Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs vorið 2016, auk þess að hafa tvívegis fengið styrk frá Sprotasjóði.

Viðtal: Svava Jónsdóttir

Það er margt áreiti sem hefur neikvæð áhrif á börn og unglinga, svo sem í tengslum við síma, samfélagsmiðla og samfélagið í heild sinni, og streita, kvíði og depurð eru farin að einkenna svolítið líf margra barna og unglinga. Það kveikti í mér neistann að fara af stað. Mér fannst ég geta látið gott af mér leiða í þágu barna og unglinga og það var eiginlega kveikjan að þessum áfanga,“ segir Anna Kristín Jörundsóttir, kennari við Rimaskóla, sem segist hafa stundað núvítund og slökun frá því að hún var unglingur. „Ég taldi að það að kenna börnum og unglingum núvítund, slökun og lífsleikni og að leggja áherslu á innri kyrrð og frið hefði uppbyggileg og jákvæð áhrif á ungmennin. Mér fannst ég hafa mikið að gefa börnum og unglingum. Mig langaði að bjóða valáfanga sem hefði það að markmiði að bæta andlega heilsu ungmenna og hafa starfsmenn og stjórnendur verið mjög hvetjandi og stutt við áfangann.“

„Leið þín um lífið“ tengist lífsleikni, núvítund og slökun og á að stuðla að og efla alhliða þroska nemenda og gera þá hæfari í að takast á við sitt daglega líf á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Áfanginn hófst sem valáfangi á unglingastigi í Rimaskóla skólaárið 2015-2016 og segir Anna Kristín að fyrsta árið hafi 12 nemendur valið áfangann. „Mér fannst unglingarnir taka þessu rosalega vel,“ segir Anna Kristín en „Leið þín um lífið“ var síðan skylduáfangi í 8. og 9. bekk í skólanum skólaárið 2016-2017 auk þess sem um var að ræða valáfanga á unglingastigi í Vættaskóla skólaárið 2016-2017. „Leið þín um lífið“ varð síðan skyldufagi í 1. - 7. bekk í Rimaskóla skólaárið 2018-2019 og þetta skólaárið

er áfanginn kenndur á yngsta stigi og miðstigi.

Markmið áfangans er að efla alhliða þroska, þróa jákvæð viðhorf og gildi, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, efla tilfinningagreind, uppbyggileg samskipti, frumkvæði, sjálfstæði, sköpunargleði og einnig vináttu og kærleik.

„Markmið áfangans er hægt að tengja við menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem margt er sameiginlegt eins og fram kom þegar ég kynnti áfangann fyrir nokkrum skólástjórnum í Grafarvogi.“ Um er að ræða:

- ▶ **Félagsfærni:** Jákvæð samskipti og vilji til að láta gott af sér leiða.
- ▶ **Sjálfsþing:** Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu.
- ▶ **Læsi:** Á miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður.
- ▶ **Sköpun:** Sköpunarferli sem hefur gildi fyrir barnið og umhverfi þess.
- ▶ **Heilbrigði:** Andleg og félagsleg vellíðan.

Að lifa í núinu

Anna Kristín segist leggja mikið upp úr hlýlegu umhverfi í skólafunni þannig að nemendur upplifi umhyggju og hlýju. „Ég passa alltaf upp á að það sé snyrtilegt og fallett umhverfi þannig að börnin finni þessa hlýju.“

Engin borð eru í skólafunni heldur fjöldi stóla og um 30 dýnur í stafla upp við töfluna. „Það er breitt ofan á nemendur þannig að þeir finni kærleika og umhyggju. Ég sé allt álagið sem er á börnunum. Þau eru oft svo þreytt að sum sofna í tímunum þegar þau liggja á dýnunum.“

Áfanginn er bókalaus og eru kennsluáðferðir fjölbreyttar. „Ég útbý

verkefni og krakkarnir koma líka með hugmyndir. Ég leiði slökunina og er með ákveðnar hugleiðslusögur sem eiga að kveikja á jákvæðum tilfinningum hjá krökkunum.“

Anna Kristín er til dæmis með gonghjöllu á kennaraborðinu, sem og fallegan lampa sem hún hefur kveikt á þegar öll önnur ljós í skólafunni eru slökkt á dimmum vetrardögum en það á að hjálpa nemendum að slaka á.

Anna Kristín les fyrir þau yngstu fallegar, stuttar sögur um meðal annars virðingu, kærleik og gleði. Hún nefnir þá tilfinningu að þykja vænt um sjálfan sig sem fjallað er um í tímunum, sem og að dæma ekki sjálfan sig þótt maður geri mistök. „Ég legg áherslu á að nemendur tali sig upp með jákvæðum skilaboðum og kærleik. Ég er með forláta skál sem ég slæ í og nemendur hlusta á hljóðið þar til það deyr út og þannig geta þeir fylgst með upplifun sinni á líðandi stund. Svo fjalla ég um andardráttinn þegar nemendur eru orðnir aðeins eldri og þá fylgjast þeir með andardrætti sínum og hvað þeir skynja og svo tölum við um þá upplifun. Öndunin

er mikilvæg og hún hjálpar manni að slaka á. Ég legg áherslu á blóma-, kerta- og býflugnaöndunina hjá yngstu bekkjunum. Svo leikum við alls konar dýr í þeim tilgangi að örva leikgleði og líkamlegt heilbrigði. Ég legg mikið upp úr gleði og notalegheitum þannig að nemendur fái sem besta upplifun.

Ég kenni nemendum að lifa í núinu en í nútímanum eyðum við of miklum tíma í að hugsa um fortíðina eða framtíðina frekar en að upplifa líðandi stund, skynja líðan okkar og taka ákvarðanir sem eru góðar fyrir okkur.“

Nemendur á miðstigi vinna að flóknari lífsleikni-verkefnum í hópum. „Ég legg áherslu á að nemendur komist í flæði, gleymi stund og stað og njóti þess að vinna verkefni. Nokkur dæmi um verkefni eru bygging spilaturna í hópum og áhorf frægra listaverka við undirspil klassískrar tónlistar, hlustunaræfingar, söguhringir, ratleikir og klípusögur sem hafa meðal annars það að markmiði að auka sjálfsvirðingu, samkennd og þann skilning að allar manneskjur eru jafn mikils virði.“

Nemendur vinna lokaverkefni og segir Anna Kristín að markmiðið með þeim sé að láta gott af sér leiða og sýna náungakærleik. „Krákkarnir hafa komið með hugmyndir að lokaverkefnum og þeir kjósa svo bestu hugmyndina. Þeir vinna síðan í hópum við að skipuleggja hvað þeir ætla að gera og hvernig þeir

Nemendur koma oft og faðma mig og segja frá einhverju sem tengist þeim og maður finnur að það myndast ákveðið traust.



ætla að útfæra það. Mér finnst við geta tengt nærsamfélagið inn í verkefnið og hafa krakkarnir til dæmis gefið vistmönnum á dvalarheimili aldraðra myndir sem þeir hafa teiknað og þeir hafa líka heimsótt leikskóla og skipulagt leiki fyrir leikskólabornin. Þeir hafa einnig gefið fót í fatasöfnun Rauða krossins og leikið leikrit fyrir 1. bekk. Þessi verkefni tengja saman ólíka aldurshópa og hefur nærsamfélagið tekið krökkunum vel með jákvæðni, hlýhug og þakklæti.“

Anna Kristín skynjar að kennslan hefur áhrif á nemendur. „Nemendur koma oft og faðma mig og segja frá einhverju sem tengist þeim og maður finnur að það myndast ákveðið traust. Sumir segja að tímarnir hjálpi þeim varðandi streitu, þeir slaki á og ná meiri tökum á líðan sinni almennt. Sumir segjast vera farnir að nota þessar aðferðir heima ef þeir geta ekki sofnað á kvöldin og þeir verða þá rólegri.“

Kannanir

Anna Kristín framkvæmir alltaf könnun á líðan nemenda sinna í upphafi annar. „Ég hef gert það frá byrjun til að vita hvernig ég á að vinna með hópinn. Nemendur fá spurningablað þar sem þeir eru meðal annars spurðir að því hvort þeim finnst gaman í skólanum, hvernig þeim líði í skólanum, hvort þeim þyki auðvelt að rétta upp hönd og spyrja kennarann í kennslustund, hvort þeim finnst auðvelt að segja hvað þeim finnst þegar

Anna Kristín Jörundsdóttir. „Ég kenni nemendum að lifa í núinu en í nútímanum eyðum við of miklum tíma í að hugsa um fortíðina eða framtíðina frekar en að upplifa líðandi stund, skynja líðan okkar og taka ákvarðanir sem eru góðar fyrir okkur.“

þeir eru með vinum sínum og hvort þeir viti hvar þeir geta leitað eftir hjálp þegar þeim líður illa. Þarna fæ ég að kynnast krökkunum svolítið og veit þá hvernig ég tengi slökunina og vinn með hana. Við ræðum til dæmis um það í tímum hvert þeir geta leitað þegar þeim líður ekki vel.“

Anna Kristín framkvæmir svo aðra könnun í lok skólaárs þar sem nemendur í 3. til 7. bekk eiga að svara því hvernig þeim hafi fundist áfanginn, hvort þeir hafi haft gagn af núvitundinni og hvernig þeim hafi fundist að vinna lokaverkefnið. Á meðal svara nemenda í 5. og 6. bekk er:

- ▶ „Ég varð rólegri heima hjá mér.“
- ▶ „Ég lærði að róa mig og slaka á.“
- ▶ „Hjálpaði mér að sofna á kvöldin.“

Verðlaun og styrkir

Áfanginn fékk Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs vorið 2016 auk þess að hafa tvívegis fengið styrk frá Sprotasjóði.

„Mér fannst mjög jákvætt að fá hvatningarverðlaunin og þau hvöttu mig til að þróa áfangann áfram. Hvatningarverðlaunin eru frábær fyrir skólann og mig. Það að áfanginn skyldi fá þessi verðlaun fannst mér gefa tækifæri til að sækja um hjá Sprotasjóði og áfanginn fékk styrk þaðan skólaárin 2016-2017 og 2018-2019. Mér finnst það mikilvægt og jákvætt að samfélagið styðji við verkefni sem efla og hlúa að andlegri heilsu ungmenna. Styrkurinn fólst í einni

milljón króna fyrra árið og 1,8 milljón króna seinna árið og runnu peningarnir til verkefnisins og nýttust í kennslu og kennslugögn.“

Anna Kristín segir að sér finnst það skipta miklu máli að hún stundi sjálf núvitund og það gefi henni skilning á því ferli sem nemendur hennar fari í gegnum. „Ég legg upp úr því að ég stundi slökun og núvitund og komi fram við nemendur mína af virðingu, hlýju, kurteisi og tillitssemi og reyni að hafa í heiðri þau góðu gildi sem ég kenni þeim.“

Anna Kristín segir að það sem hún sjálf hafi lært af því að kenna þennan áfanga sé meðal annars að ef hún gefi af sér eins og hún gerir þá uppskeri hún eins og hún sáir. „Nemendur koma og faðma mig í lok kennslustunda og krakkarnir upplifa gleðina sem fylgir því að láta gott af sér leiða. Þetta gefur mér gríðarlega mikið eins og gleði og umhyggjusemi. Það er gaman að skynja jákvæðnina frá nærsamfélaginu og það gefur mér líka mikið. Starfsfólk leikskólanna og dvalarheimilsins Eirar hafa spurt hvort krakkarnir komi ekki aftur og einnig hefur starfsfólk leikskólanna nefnt að verkefnið geti aukið virðingu nemenda fyrir leikskólanum og komið í veg fyrir að unnin séu skemmdarverk á útisvæði þeirra. Mér finnst nærsamfélagið öðlast skilning á skólanum og það verður ákveðin tenging þar á milli.“

Verkefnið er í þróun og segir Anna Kristín að það eigi eftir að koma í ljós hvort einhverjar nýjungar séu fram undan. „Ég ætla að halda áfram að kenna áfangann, gera góða hluti og láta gott af mér leiða.“

Ofurhetjur, einhyrningur og kokkurinn Gúrkur skúrkur



Verðlaunahafarnir ásamt dómnefndinni. Árni Matthías Sigurðsson, Þórdís Gísladóttir, Hrafnhildur Sara Hauksdóttir, Máni Hrafn Stefánsson, Eybjört Ísól Torfadóttir, Kristján Jóhann Jónsson og Bryndís Jónsdóttir. Sitjandi eru leikskólabörnin Þóroddur Óskarsson, Kristófer Daði Stefánsson og Júlíanna Líf Helgadóttir.

MYNDIR/SÓS

Smásagnakeppni KÍ hefur skipað sér fastan sess í viðburðum sem tengjast Alþjóðadegi kennara, 5. október. Keppnin var nú haldin í fimmta sinn og hefur þátttaka frá upphafi verið mjög

góð. Sögurnar sem hafa borist í keppnina skipta hundruðum og það eru fimmtu, sjöttu og sjöundu bekkingar sem eru duglegastir að senda inn sögur.

Það kennir ýmissa grasa í smásögunum sem báru sigur úr býtum í Smásagnakeppni KÍ þetta árið. Frábærar sögur í alla staði og

eins og fyrri ár átti dómnefndin í nokkrum vanda með að velja þær bestu úr mörgum góðum sögum.

Úrslit í keppninni voru kynnt við hátíðlega athöfn í Bókasafni Kópavogs 4. október síðastliðinn. Dómnefndina skipuðu þetta árið þau Þórdís Gísladóttir rithöfundur, Kristján Jóhann Jónsson,

fyrirverandi lektor á Mennta- vísindasviði HÍ, og Bryndís Jónsdóttir, hjá Heimili og skóla. Þeim eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Hér á eftir birtast verðlauna- sögur eftir sjö höfunda en þess má geta að þrír höfundar unnu saman að einni sögunni. Njótið vel.



Júlianna Líf Helgadóttir, Þóroddur Óskars-son, Kristófer Daði Stefánsson

nemendur í leikskólanum
Lyngholti á Reyðarfirði.

► **Umsögn dómnefndar:** Sóley og ofurhetjan er saga um sterkustu konu á Íslandi. Í aðeins örfáum línum tekst

höfundinum að vísa í Línu langsock, gamalt ævintýri og sögur af ofurhetjum nútímans og í sameiningu bjarga persónurnar allri plánetunni, sem er auðvitað mikilvægasta verkefnið sem jarðarbúar dagsins í dag standa frammi fyrir. Þetta er virkilega hressandi örsaga!

Sóley og ofurhetjan

Einu sinni var Sóley, sterkasta kona á Íslandi, og hún gat lyft öllu sem var til, t.d. mjög þungum lóðum og HÚSI!!

Hún var lögga, þá kom vond kona sem þóttist vera gömul kona og gaf

Sóleyju eitrad epli, en Sóley dó ekki af því að það kom góð ofurhetja og bjargaði henni. Og Sóley og ofurhetjan unnu saman við að bjarga allri plánetunni.

Hrafnhildur Sara Hauksdóttir

3. bekk Varmárskóla.

► **Umsögn dómnefndar:** Í sögunni „Einhyrningur í skólanum“ tengir höfundur saman á stórskemmtilegan hátt skáldskap og veruleika, nútímaævintýri og töfraraunsæi íslenskra þjóðsagna. Þríeykið Bína, Lára og Sara minnir á Ásu, Signýju og Helgu í



sígildri íslenski þjóðsögu sem til er í ýms-um tilbrigðum. Einhyrningurinn er fulltrúi fjarlægjar menningar en heitir Jón, sem er nafn með sterkar rætur í íslenski menningu og sagnaveruleika. Jón þarf aðstoð við að opna tímagátt og komast heim, eins og vera ber í vísinda- og framtíðarævintýri. Það er leyst með galdraformúlu sem tengist hlutveruleikanum í kringum okkur en er með skýrri þjóðsagnafyrirmynd. Ekki má heldur gleyma því að þær eru með einhyrninginn Jón í skjóðu sinni!

Einhyrningur í skólanum

Einu sinni voru vinkonurnar Bína, Lára og Sara á leið í skólann. Þegar þær komu inn á skólalóðina sáu þær lítinn einhyrning. Einhyrningurinn sagði „ég heiti Jón og kemst ekki heim. Getið þið hjálpað mér?“ „Öööö... já, já!“ svöruðu stelpurnar hissa.

Til að hjálpa Jóni þurfa þær að búa til seyði úr tómri stærðfræðibók, táfylusokk og glimmeri. „En hvað með Jón?“ sagði Sara. „Ég tek hann í töskuna mína,“ sagði Bína.

Í fyrsta tíma er stærðfræði. Lára laumast upp að kennaraborðinu og stelur tómri stærðfræðibók. Í næsta

tíma er myndmennt. Þær eiga þær að gera glimmermynd. „Húrra!“ segja þær allar og fylla nestisboxin sín af glimmeri. Í þriðja tíma eru íþróttir. Þær stelast þær inn í óskilamunaherbergið og finna táfylusokk. „Oj barasta!“ sagði Sara.

Í frímínútum laumast vinkonurnar inn í heimilisfræðistofuna til að búa til seyðið. Þegar seyðið er tilbúið hleypa þær Jóni úr töskunni. Jón tekur seyðið og kastar því í gólfíð. PÚFFF! Það birtist risa töfragátt. „Bless, bless! Takk fyrir að hjálpa mér...“ sagði Jón glaður um leið og hann hvarf inn í gáttina.

Árni Matthías Sigurðsson

6. bekk Hraunvallaskóla.



► **Umsögn dómnefndar:** Í sögunni um „Fúluhlíðarskóla“ er greint frá skóla þar sem víða er pottur brotinn. Málfrælsi er mikilvægt og nemendur á öllum skólastigum eiga að læra að þau mega segja það sem þeim sýnist og finnst þörf á að ræða. Kennarar og aðrir skólastarfsmenn verða að sýna næga einurð til að hlusta vel og svara skynsamlega. Í þessari sögu er fast kveðið að orði um ýmislegt sem er ábótavant í því samfélagi sem lýst er.

Fúluhlíðarskóli

Versti skóli í heimi er klárlega skólinn minn, Fúluhlíðarskóli. Þar er hræðilegur skólastjóri, vondur kokkur og matur sem er grænn af myglu.

1. kafli: Fúli Skúli

Fúli Skúli er verstí skólastjóri í heimi. Hann er alltaf á verði og ekki má humma eða syngja inni í sér án þess að þú fáið stoppmiða. Í allan vetur er ég búinn að humma eða syngja inni í mér en samt er ég búinn að fá 13 stoppmiða. Hvernig gat hann heyrt það? Hann og pabbi voru saman í bekk þegar þeir voru í skóla og pabbi sagði mér að hann hefði alltaf verið að klagja alla í skólanum og af því að frændi hans var skólastjórinn sagði hann honum alltaf frá og þá varð hann reiður við krakkana og sagði í hortugum tón: „Ef þú gerir eitthvað aftur við frænda minn þá rek ég þig úr skólanum.“ Eins gott að pabbi var bara klagadur af honum einu sinni, en það var bara út af því að hann vildi ekki leyfa honum að vera á undan í röðinni. Ég skil samt ekki af hverju? Hvað hefði gerst?

2. kafli: Gúrkur Skúrkur

Gúrkur Skúrkur er verstí kokkur í vetrarbrautinni. Maturinn er ógeðslegur og mætti halda að hann Gúrkur skúrkur og maturinn kæmu báðir af ruslahaugunum. Maturinn er bæði úldinn, myglaður og skritinn þannig að ekki er óhætt að smakka á. Það mætti halda að skólinn nenni ekki að kaupa mat heldur fari þrisvar í viku og nái í mat, og helst þann sem er úldinn og grænn af myglu.

Matseðillinn þessa vikuna

- Mánudagur: ostur sem er búinn að vera opinn í þrettán ár (ein sneið á mann).
- Þriðjudagur: Sardínur sem voru veiddar árið 1942 (tvær á mann).
- Miðvikudagur: Flatkökur sem voru gerðar árið 1823 (hálf á mann).
- Fimmtudagur: Kekkjótt mjólk sem er búin að vera við stofuhita í 37 ár.
- Föstudagur: Sniglasúpa og afgangur frá því á mánu- daginn (sniglarnir eru týndir í hundagarðinum).

Skólalóðin

Á skólalóðinni er fátt hægt að gera. Það skemmtilegasta er að þrifa útikamrana en það leiðinlegasta er að ryksuga tjörnina. Á kömrinum er ógeðsleg lykt sem er eins og piss blandað saman við skemmtan ost, hland á hverri spýtu og ógeðslega skítugar klósettsetur. Á skólalóðinni er líka einn skúr en sagt er að þar hafi Frankenstein verið gerður. Enginn skólastjóri eða nemandi hefur farið þarna inn, en ég held meira að segja að skólastjórinn sem var hérna fyrir 50 árum hafi farið þar inn. Ég myndi ekki einu sinni þora því.

Eybjört Ísól Torfadóttir

8. bekk Breiðholtsskóla

► **Umsögn dómnefndar:** *Sagan „Skólamótið“ fjallar um jafnrétti og það hvernig rétt er að bregðast við misrétti. Jafnréttismál eru mikilvæg*



fyrir okkur öll. Sá höfundur sem hér skrifar veit að í baráttunni gegn misrétti, staðalímýndum og fordómum gildir að ræða málin af skynsemi, verja réttlætiskenndina og sýna hvað í manni býr.

Fótboltinn er íþrótt sem sannarlega er í sviðsljósinu og hentugur vettvangur til þess að takast á um hugmyndir. Sagan er vel skrifuð, prýðileg máltilfinning og sterkur orðaforði og höfundurinn á örugglega eftir að láta til sín taka.

Skólamótið

Rigningin er blaut og köld. Ég toga hettuna lengra yfir hausinn og hleyp áfram. Ég er að verða of sein í skólann og verð því að drífa mig. Í dag munu íþróttakennararnir tilkynna hverjir verða valdir í fótboltaskólaliðið. Ég er eina stelpa sem æfir fótbolta í bekknum og því mun ég keppa með strákonum, ef ég verð valin. Ég ríf upp dyrnar á skólanum og hleyp inn. Ég gleymi næstum að fara úr skónum en það er víst mjög mikilvæg regla. Kennararnir sturlast bókstaflega þegar við gleymum að fara úr þeim en ég ætla ekki að fara nánar út í það. Þegar ég opna dyrnar á skólastofunni ríkir grafarþögn. Íþróttakennararnir Gummi og Daníel standa fyrir framan bekkinn. Allir líta á mig þegar ég geng inn og segi: „Afsakið hvað ég kom seint.“

„Allt í lagi í þetta sinn“, svarar Gummi og snýr sér aftur að bekknum. „Eins og þið vitið þá er haldið árlegt skólafótboltamót og við sendum lið frá hverjum bekk til að taka þátt í sínum aldursflokki. Við höfum valið þá sem munu keppa fyrir ykkar bekk en það var ekki auðvelt val. Daníel, þú segir okkur kannski hverja við höfum valið í liðið í ár?“

Daníel kinkar kolla og tekur við: „Eins og Gummi var að segja þá var þetta ekki auðvelt val. Við völdum þau sem hafa staðið upp úr í fótboltanum en það eru mest allt þau sem æfa fótbolta. Og hér koma nöfnin á þeim sem við völdum: Jón Orri, Ari, Snorri, Bjóssi, Jói, Aron, Baldur, Einar, Stefán, Sölvi, Fannar, Þorgrímur...“

Núna er bara einn eftir og ég er byrjuð að svitna á lófnum (og eiginlega alls staðar). Ég er miklu betri en strákarnir í fótbolta, rústa þeim öllum þegar við spilum í frímó. Ég get ekki trúað því að ég verði ekki valin í liðið. Núna stendur valið bara milli mín og Óskars, hann æfir líka fótbolta en ég er miklu betri en hann. Daníel opnar munninn og mér finnst líða heil eilífd þangað til hann segir: „Sara.“

Ég öskra af gleði innan í mér og er næstum búin að hoppa upp á borð og dansa sigurdans. Allt í einu rýkur Óskar á fætur tárivotur um augun. Hann hleypur út úr stofunni og skellir hurðinni á eftir sér. Gummi og Daníel þjóta á eftir honum. Það fer klíður um bekkinn. Enginn átti von á því að hann myndi verða svona sár yfir því að hafa ekki verið valin í liðið.

„Úúú. Bara stelpa valin í liðið.“

Ég lít aftur fyrir mig og þar stendur Einar

glottandi og horfir á mig. Hann heldur áfram: „Okkur mun ganga miklu betur á mótinu ef Óskar verður með okkur í staðinn fyrir þig.“

„Ég hef æft fótbolta miklu lengur en hann og er miklu betri en hann í fótbolta. Svo af hverju ætti ykkur að ganga betur með Óskar í liðinu en ekki mig?“, segi ég og horfi ákveðið á hann.

„Af því að þú ert stelpa“, segir Einar og sest niður. Algjör þögn ríkir í stofunni. Ég velti því fyrir mér sem Einar sagði. Er ég eitthvað lélegri í fótbolta en Óskar af því að ég er stelpa? Auðvitað ekki, ég skora hvert marknið á fætur öðru, æfi meira að segja tveim flokkum upp fyrir mig.

Dyrnar opnast og Gummi gengur inn. Hann gengur réttara sagt að mér, sem kemur mér heldur betur á óvart. Hann biður mig um að koma með sér fram. Ég geri eins og hann biður mig um. Óskar situr grátbólginn fyrir utan stofuna. Daníel heldur utan um hann og hvíslar að honum huggunarorðum. Gummi gengur aðeins afsíðis og er afar alvarlegur á svip. „Eins og þú kannski skilur er þetta mjög leiðinlegt fyrir Óskar.“ Ég kinka kolla en veit samt ekki hvað hann á við. Af hverju er hann að tala við mig um hvað þetta er leiðinlegt fyrir Óskar? Gummi heldur áfram: „Gætir þú kannski gert mér einn greiða?“

„Já“, svara ég hikandi þar sem ég skil ekki alveg hvert þetta samtal er að fara.

„Allt í lagi. Eins og ég sagði er svolítið leiðinlegt fyrir Óskar að vera ekki valinn. Hann er sá eini af strákunum sem æfa fótbolta sem komst ekki í liðið og fyrst þú ert eina stelpa í liðinu... gætir þú kannski leyft honum að fara í staðinn fyrir þig?“

Ég stari á Gumma. Er honum alvara? Vill hann að ég leyfi Óskari að fara í liðið í staðinn fyrir mig af því að hann er svo leiður yfir að vera ekki valinn? Er það af því ég er stelpa? Ef svo er, er það fátíðlegt. „Ekki séns“, svara ég þegar ég er búin að hugsa málið. Gummi horfir hissa á mig og segir svo: „Þá þarf ég að tala við foreldra þína.“ Ég stari enn meira á hann. Ætlar hann í alvöru að tala við foreldra mína út af þessu? Ég mótmæli hörkulega en honum verður ekki haggað.

Skóladagurinn liðast hægt áfram en að lokum klárast hann. Þegar ég kem heim eru mamma og pabbi bæði komin. Þau eru alvarleg á svip. Svo segir mamma: „Elskan, Gummi íþróttakennari hringdi í okkur í dag. Hann

sagði okkur hvað Óskar hefði orðið sár yfir því að vera ekki valinn í skólafótbolaliðið og þá sérstaklega út af því að hann sé eini strákurinn sem fái ekki að vera með. Svo sagðist hann hafa spurt þig hvort þú vildir ekki vera svo góð að leyfa Óskari að koma í staðinn fyrir þig, af því að þú værir eina stelpa liðinu, og þú skilur...“

„Nei, ég skil ekki!“, gríp ég fram í fyrir mömmu. „Skilur ekki hvað?“, segir pabbi og heldur áfram: „Skilur þú ekki að núna ert þú bara að hugsa um sjálfa þig og engan annan? Þú ert eina stelpa í liðinu og ættir alveg að geta sætt þig við það að skipta við Óskar sem er eini fótboltastrákurinn sem var ekki valinn í liðið.“

„Ég hélt að þeir sem væru bestir kæmst í liðið, að það skipti ekki máli af hvaða kyni maður væri. Að allir ættu jafn mikla möguleika á því. Svo var ég valin í liðið en af því að Óskar varð svo leiður að vera ekki valinn þá á ég bara skipta við hann af því að ég er stelpa? Það er fátíðlegt. Ég hélt að allir væru geggjáð meðvitadír um kynjajafnrétti en það er greinilega ekki raunin!“

„Heyrðu nú! Þetta tengist ekkert kynjajafnrétti heldur að taka tillit til annarra.“

„Hvernig í fjandanum tengist þetta því að taka tillit til annarra? Þið eruð að gera upp á milli stelpna og stráka hérna! Þið vitið bæði að ég er miklu betri í fótbolta en bæði Óskar og allir strákarnir“, segi ég og er nú orðin verulega þirruð.

„Núna held ég að það sé best að ég hringi í Gumma íþróttakennara og segi honum að setja Óskar í liðið í staðinn fyrir þig. Þú átt ekkert skilið að vera áfram í liðinu fyrr en þú lærir að hegða þér almennilega!“

„Hvernig var ég að hegða mér illa!?“ öskra ég og skelli herbergishurðinni á eftir mér. Ég hendi mér í rúmið og græt ofan í koddann. Hvernig geta þau verið svona ósanngjörn? Ég get þetta bara ekki.

Allt í einu fæ ég hugmynd. Ég tek upp tölvuna mína og güggla hver sé mótsstjóri keppinnar. Eftir smá leit finn ég að það er einhver Emelía Hannesardóttir. Þarna er líka netfangið hennar svo ég ákveð að senda henni tölvupóst:

Komdu sæl Emelía,

Ég heiti Sara og er í 7. bekk í Ölduselsskóla.

Ég æfi fótbolta og var valin í skólafótbolaliðið til að keppa á skólafótboltamótinu. Ég var eina stelpa sem var valin í liðið og er líka eina stelpa sem æfir fótbolta í bekknum. Einn strákur varð mjög sár yfir að vera ekki

valinn í liðið. Ég held að ástæða þess sé að hann var eini strákurinn sem æfir fótbolta sem komst ekki í liðið. Nema hvað þú biður einn íþróttakennaranna mig um að skipta við hann og leyfa honum að vera í liðinu í staðinn fyrir mig, af því að ég er eina stelpa í liðinu og ætti því að setta mig við það. Ég sagði við kennarann að ég vildi vera áfram í liðinu og hann tók því ekki vel og talaði við foreldra mína. Þau eru á sama máli og íþróttakennarinn og vilja leyfa stráknum að koma í staðinn fyrir mig í liðið. Fyrst að þú ert mótstjóri keppninnar, gætir þú gert eitthvað í málinu?

-Sara 😊

Þegar ég er búin að senda tölvupóstinn líður mér ögn betur. Ég fer í tölvuna og gúggla ýmislegt tengt réttindum kvenna og hvað þær hafa gert til að berjast fyrir þeim. Mér til óvæntrar ánægju fæ ég svar frá Emelíu aðeins klukkustund seinna:

Sæl Sara,

Ég skil að þetta er mjög ósannjarnt fyrir þig. Þegar ég æfði fótbolta urðum við stelpurnar í liðinu mínu líka fyrir óréttlæti og ég vil ekki að fleiri stelpur í fótbolta eða öðrum íþróttum þurfi að þola það sama. Ég get prófað að hringja í íþróttakennarann þinn og reynt að láta hann skipta um skoðun. Annars er eiginlega ekkert meira sem ég get gert í málinu.

Haltu áfram að æfa þig. 😊

- Emelía

Ég fyllist gleði og von eftir að ég er búin að lesa tölvupóstinn. Emelía virðist skilja mig fullkomlega og ætlar að hringja í Gunnar íþróttakennara. En ætli hann muni leyfa mér að keppa á mótinu eða ekki? Allt í einu fæ ég annan tölvupóst frá henni en hann er bara stuttur:

Hæ aftur,

Hvað með að þú talir bara við strákinn sem varð svona leiður?

Þetta kemur mér dálítið á óvart og ég svara:

Hvernig á ég bara að tala við hann? Heldur þú að hann muni skilja þetta?

Ég fæ annað svar eiginlega bara um leið:

Kannski mun hann skilja hvað þetta er ósannjarnt fyrir þig og leyfa þér bara keppa og setta sig við þetta? Þetta er þó bara hugmynd. Ég hringi samt í íþróttakennarann þinn og tala við hann um þetta mál. 😊

Ég sendi henni broskall á móti og

loka síðan tölvunni. Ætti ég að reyna að tala við Óskar og útskýra þetta fyrir honum? Hann mun örugglega ekki skilja þetta svo það borgar sig ekkert að tala við hann. Ég ákveð að klára heimavinnuna mína og fara svo að sofa.

Daginn eftir í skólanum er pikkað í öxlina á mér. Ég sný mér við og þar stendur Óskar, kaftrjóður í kinnum og hálfvandráðalegur á svipinn.

„Heyrðu, mætti ég aðeins fá að tala við þig?“

„Já, já,“ svara ég hissa.

„Sko, í gær hringdi Gummi íþróttakennari í mig og sagði að ég fengi að fara í liðið. Ég spurði hann af hverju og hann sagði mér að þú hefðir leyft mér að koma í staðinn fyrir þig. Af hverju gerðir þú það? Ég hélt að þú vildir fá að keppa.“

„Ég vil fá að keppa en Gumma, mömmu og pabba fannst svo leiðinlegt hvað þú varðst leiður að fá ekki að keppa að þau leyfðu þér að koma í staðinn fyrir mig.“

„Ó. Þetta hljómar alveg eins og það sem mamma sagði mér frá í gær. Að einhver stelpa sendi henni tölvupóst og sagði henni nákvæmlega eins sögu og þú varst að segja mér. Mömmu fannst það svakalega leiðinlegt og mér líka.“

„Bíddu, ekki segja mér að mamma þín sé mótstjóri keppninnar?“

„Jú, reyndar. Af hverju spyrðu?“

Ég gapi af undrun. Er Emelía þá mamma Óskars? „Ég er stelpa sem sendi henni tölvupóstinn.“

Það kemur furðusvipur á Óskar og svo segir hann: „Mér þykir svo fyrir því að þú fái ekki að keppa á mótinu út af mér. Ég varð bara svo leiður að hafa ekki verið valinn í liðið, mig langaði svo mikið að keppa. En þú átt svo miklu meira skilið að fá að keppa á mótinu heldur en ég, þú ert svo góð í fótbolta. Núna ætla ég að fara niður og tala við Gumma og segja honum að setja þig aftur í liðið og taka mig úr því.“ Ég gapi ennþá meira af undrun. Óskar skildi þetta þá eftir allt saman.

Ég reima takkaskóna og geng inn á völlinn. Óskar hafði talað við Gumma íþróttakennara og útskýrt allt fyrir honum. Daginn eftir hafði Gummi svo komið og beðist afsökunar. Ég talaði líka við mömmu og pabba og þau höfðu áttað sig á hvað þau höfðu verið ósanngjörn. Núna erum við komin í úrslitin á mótinu. Ég er búin að skora meirihluta markanna og ég held að núna beri Einar aðeins meiri virðingu fyrir stelpum í fótbolta. Hann skilur núna að þær geti alveg verið jafn góðar eða jafnvel betri í fótbolta en strákar. Í þessum leik ætla ég að reyna að breyta viðhorfi hjá fleirum. Sýna þeim að sama hvort þú sért stelpa, strákur eða eitthvað annað getur þú verið góð(ur) í fótbolta!

Máni Hrafn Stefánsson

nemandi í Tækniskólanum

► **Umsögn dómnefndar:** Sagan „Bragi sagði“ tekur skemmtilega á því hvað það er að verða fullorðinn og hvenær það gerist. Það er þegar þú tekur ábyrgð á gerðum þínum - og þinna. Í því efni sitja allir við sama borð, bæði nemendur, foreldrar og kennarar. Skemmtileg stílbrella að láta feðurna heita sömu nöfnum og mæðurnar heita bara: móðir Ingibjargar og móðir Braga. Svo heitir sagan „Bragi sagði“ en fjallar eiginlega um það sem Bragi sagði ekki! Allar persónur sögunnar vilja hafa rétt fyrir sér en hin mikilvæga ábending höfundar til okkar er að fyrst á að hugsa um það hvort við förum rétt með og segjum satt. Svo getum við sagt að við höfum rétt fyrir okkur.



Bragi sagði

Bragi sat á rúminu sínu og starði stirðum augum á hálfopna skólatöskuna sína. Kokið í honum var þurr og honum varð illt við að blikka augunum.

„Bragi minn.“ Mjúk kvenleg rödd barst gegnum lokaðar dyrnar. Bragi stífnaði upp.

„Við þurfum bráðum að fara, ástin mín.“ Bragi lagðist á hliðina og grúfði hökuna í beinaberum hnjánnum. Hann byrjaði að strjúka vísingfingri eftir volgu stálinu undir perunni í náttlampanum.

„Vinur minn, komdu fram,“ var sagt af óþolinmæði gegnum hurðina. „Ekki ýta af mikið á greyð.“ Hvæsti kvenlega röddin á móti. „Strákurinn hefur ekki sagt okkur neitt frá því sem gerðist í dag.“ Á móti henni kom: „Þú sást hvað þau gerðu honum! Það er augljóst hvað hefur gerst!“ „Elskan mín... Hvað ætlum við eiginlega að gera þetta oft?“

Bragi settist upp þannig að hann leit ekki á hurðina. Hann tók upp töskuna sína og dró upp úr henni stærðfræðiverkefni sem hann átti að skila fyrir þremur dögum. Hann reiknaði dæmin hægt, og flest öll vitlaust, á lærunum, með rauðum trélit.

Aron, skólastjóri Tjarnarviðarskóla, sat í stofu sinni við lok skóladags og var að fara yfir skýrslu um slagsmál sem urðu milli tveggja fimmtu bekkinga í seinni frímínútunum eftir hádegi. Skýrslan kom frá heimakennara þeirra, ungrí konu sem var nýútskrifuð úr háskóla, ein af kennurum sem voru ráðin á þessu ári. Í skýrslunni stóð: „Ingibjörg ýtti Braga í hrauninu fyrir utan skólann, Bragi varð mjög marinn á bakinu.“ Það vantaði eftirnöfn og allar helstu upplýsingar í skýrsluna. Það þarf að kenna þessum nýju betur hvernig á að skrifa þetta, hugsaði Aron með sér. Hann kveikti á borðtölvunni og leitaði upp heimakennarann. 595-1111 er númerið hennar. Aron hringdi „Sæl, Aron hér.“ „Skólastjórinn,“ bætti hann við. „Ó, hæ. Ertu búinn að funda með foreldrum Braga og Ingibjargar?“ „Nei, ekki enn, um skýrsluna sem þú gafst mér.“

„Synd, það sem gerðist með Braga,“ hélt heimakennarinn áfram. „Algjör synd. Ég var líka svo hissa á hver gerði það. Ingibjörg er yfirleitt svo stillt og klár.“

„Já, synd að hann skuli hafa meidd. En hvað er nafnið hans? Fullt nafn. Það vantar nefnilega aðeins upp á skýrsluna

þína," segir Aron í svolitlum flýti. „Ó, auðvitað. Ég á enn eftir að klára þessa skýrslu. Bragi Atlason og Ingibjörg Atladóttir.“ Heima-kennarinn hló svolítið. „Sama eftirnafn. Skrýtið að þeim skuli ekki koma betur saman.“

Henni fannst það fyndið af einhverri ástæðu.

„Já, skrýtið.“ Aron sá ekki hvað var skrýtið. „En hvernig fréttirðu af slagsmálunum? Mér skilst að þú hafir verið kennarinn á staðinn.“ „Já, ég var úti í frímínútunum. Mér finnst gaman að ganga um og tala við krakkana. Einn af bekkjarkrökkunum mínum, hann heitir Aron líka, kom og náði í mig og sagði að einhver hefði meiðst. Aron fylgdi mér til Braga og ég sá hann liggjandi í hrauninu, háskælandi. Tveir aðrir krakkar, ekki mínir, voru að hjálpa honum á fætur. Ég spurði krakkana hvað hefði gerst og þeir litu allir á Ingibjörgu. Ég spurði hana hvað hún hefði gert við Braga og hún sagði

„Ég ýtti honum.“ Ég var hissa á að Ingibjörg hefði beitt ofbeldi. En ég var meira hissa á að hún gaf mér svona hreinskilið svar. Ég

tók Ingibjörgu upp í stofu, hringdi í móður hennar og fékk hana til að sækja Ingibjörgu. Svo sagði ég öllum öðrum foreldrum frá þessu og boðaði þá á fund með þér í dag. Alveg eins og mér er ætlað.“

Hvað er með þessa konu og nöfn, hugsaði Aron með sér.

„Bíddu, en hvað með Braga? Hvað varð um hann?“ „Ó... ég frétti að Andrea útverustjóri hafi farið með hann til hjúkunnar. Svo man ég ekki eftir að hafa séð hann í tíma svo ég held að hann hafi farið heim.“

„Geturðu sagt mér eitthvað um Braga og Ingibjörgu?“ spurði Aron meðan hann leit á klukkuna til að vita hvort hann hefði nógu mikinn tíma áður en foreldrarnir kæmu. Hann hafði það varla. „Ingibjörg er klár og fær yfirleitt háar einkunnir í prófunum hjá mér. Hún er vinur allra í bekknum og ég sé hana oft með krökkum úr hinum bekkjunum. Ég veit mjög lítið um Braga. Hann byrjaði í skólanum á miðri önninni og ég hef bara kennt honum í nokkrar vikur. Ég er viss um að hann á góða vini samt.“ „Einmitt, takk fyrir að útskýra betur.“ Aron skelti á.

Aron vakti tölvuna sína og fletti upp nafni Braga Atlasonar. Það komu upp fjórir, en bara einn var í fimmta bekk. Hann hafði verið í sjö grunnskólum áður en hann kom í Tjarnarviðarskóla. Hann velti fyrir sér ástæðunum fyrir þessu á meðan hann fletti upp á Ingibjörgu.

Hún hafði verið í Tjarnarviðarskóla í fimm ár og aldrei lent í neinum vandræðum, nema í þriðja bekk, þegar hún skrúpaði í öllum stærðfræðitímunum sínum. Á skjánum stóð að hún hefði hreinlega neitað að mæta. Aron hugsaði með sér að þetta væri nú skrýtið en var truflaður með banki á stofuhurðina.

„Kom inn.“

Ingibjörg strunsaði inn hröðum skrefum og skelti sér niður á einn af stólunum sem Aron hafði stillt upp. Á eftir henni kom móðir hennar og settist rólega niður við hliðina á dóttir sinni. Hún leit illilega á Ingibjörgu áður en hún snéri sér að Aroni. „Afsakaðu dóttur mína, hún er eitthvað óþekkt í dag. Og afsakaðu eiginmanninn fyrir að þurfa að koma seint.“

„Það er allt í lagi,“ sagði Aron og leit á Ingibjörgu sem var klædd í aðeins of hreinan svartan og bláan kjól. Augabrynnar snertust næstum og það mynduðust hrukkur fyrir ofan nefið. Hárið var bundið í tagl og hendur hennar voru krosslagðar.

„Þú gerðir eitthvað óhæft í dag, Ingibjörg mín.“ Ingibjörg leit beint í augu Arons. „Mér var sagt það.“ Hún leit ekki af Aroni og honum fannst það svolítið óþægilegt.

Móðir Braga gekk rösklega að skrifstofu Arons með Braga við hönd og eiginmann sinn strax á eftir. „Ekki vera hræddur Bragi, mamma leysir þetta fyrir þig.“ Bragi leit niður á gólfid og var hálfðreginn inn af móður sinni. „Elskan, við erum fjörutíu mínútur of sein, þetta er örugglega búíð.“

„Þau bíða eins lengi og ég vil eftir okkur.“ Þau komu að stofunni og móðir Braga opnaði dyrnar og gekk beint inn. „Kvöldið, Aron, fínt að hitta þig. Þetta er Bragi sonur minn. Bragi fáðu þér sæti.“

Bragi settist í stólinn næst dyrunum. „Og þetta er Atli eiginmaður minn.“ Hjónin settust niður og það varð andartaksþögn. Móðir Ingibjargar fékk hana til að standa upp. „Ingibjörg,

ætlaðu ekki að segja eitthvað?“ Aroni fannst hann hafa misst af einhverju tækifæri. Ingibjörg leit beint á Braga og byrjaði að opna munninn. „Bragi –“ dyrnar opnuðust í þriðja skiptið og inn kom seinni Atlinn. „Sæl öll. Ég kem seint af því ég var búinn í vinnunni fyrir bara tíu mínútum. Gott að þið eruð ekki búin.“ Atli settist ekki niður þar sem það vantaði stól fyrir hann. Ingibjörg leit á föður sinn og það slaknaði á andlitsdráttunum. „Varstu ekki að segja eitthvað, elskan?“ sagði faðir hennar. „Þú ætlaðir að biðjast fyrirgefningar,“ bætti móðir hennar við. Ingibjörg leit á Braga á ný og sá að hann starði bara á skóna sína. Ingibjörg leit upp og andaði djúpt. „Nei.“

„Nei. Hvað meinar þú með nei?“ æpti móðir Braga næstum. „Nei, ég ætla ekki að biðja hann fyrirgefningar.“ Ingibjörg settist aftur niður og andlitið hennar var nú alveg afslappað. „Hvers konar barn ert þú? Skaðar litla soninn minn og vilt svo ekki einu sinni biðjast fyrirgefningar! Þú ert ekki lítill telpa, þú ert bara eitthvað villidýr!“ æpti móðir Braga.

„Heyrðu mig nú, ekki móðga dóttur mína svona!“ svaraði seinni Atlinn. „Ef hún vill ekki segja fyrirgefðu hlýtur hún að hafa góða ástæðu fyrir því.“

„Já, ástæða hennar er að hún er siðblind! Hefur enga samúð með öðrum börnum,“ sagði móðir Braga og var staðin upp til að færa sig nær Atla. Þau héldu rifrildinu og móðgununum áfram og Aron gat lítið gert til að róa þau niður.

Bragi greip tækifærið og laumaðist út. Sú eina sem tók eftir því var Ingibjörg og hún elti hann.

„Bragi! Sagðirðu engum frá?“ Ingibjörg náði í Braga á göngunum. Bragi horfði ekki á Ingibjörgu. Hann horfði í allar aðrar áttir. „Þú sagðir engum frá. Þú sagðir engum hvernig þú reyndir að ýta mér fyrst.“ Bragi stirðnaði. „Af hverju ekki?“ Bragi svaraði ekki.

„Þú ert aumingi!“ hvæsti Ingibjörg.

Foreldrar Braga komu út ú stofunni. Móðir hans greip í handlegginn á Braga. „Komdu Bragi. Ekki tala við þessa telpu.“

Bragi gekk ásamt foreldrum sínum í átt frá Ingibjörgu.

Hann stillti sér upp fyrir framan þau og sagði:

„Mamma... pabbi, ég þarf að segja ykkur svolítið.“



Kennaraferðir

Fararsnið hefur langa reynslu í að skipuleggja ferðir fyrir kennarahópa, bæði á sýningar og ekki síður skólaheimsóknir.

Þar er blandað saman áhugaverðum skólastefnum og sækralífi, ásamt léttum gönguferðum í sveit og borg.

Fararsnið ehf. - Lundur 17, 200 Kópavogi
jonkarl@fararsnid.is

Listasafn Reykjavíkur fyrir skólana

Fjöldi nemenda sækir Listasafn Reykjavíkur heim á hverju ári og á safnið í góðri samvinnu við kennara á öllum skólastigum. Oft eru verkefni unnin með nemendum og jafnvel farið í leiki. Gjöfult samstarf hér á ferð.

Skólahópar velkomnir í heimsókn

„Það er mjög gaman að fá nemendur allra skólastiga í heimsókn á safnið,“ segir Ingibjörg Hannesdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar hjá Listasafni Reykjavíkur. „Nemendur njóta sýninganna á sínum eigin forsendum, eru upp til hópa jákvæðir og áhugasamir, og mjög sjaldgæft að einhverjum leiðist. Stundum vinnum við verkefni með nemendum en stundum tökum við létta eða þyngri umræðu eða leiki þegar það á við. Ég minni börn oft á að þetta er safnið þeirra og þegar þau meðtaka það ganga þau mjög vel um listasafnið sitt.“

Listasafn Reykjavíkur tekur á móti fjölda nemenda ár hvert og á í góðri samvinnu við kennara á öllum skólastigum. Safnið býður grunn-skólanemendum í 4. bekk sérstaklega í Ásmundarsafn, 6. bekk er boðið á Kjarvalssýningar og 8. bekkjum er boðið á sýningar á verkum Errós. Skólum í Reykjavík býðst að fá rútur til og frá safninu fyrir þessa aldurshópa á þessar sýningar, sér að kostnaðarlausu. Skólahópum á öllum aldri og hvaðan sem er af landinu er velkomið að koma á hvaða sýningu sem er og fá leiðsögn sér að kostnaðarlausu.

„Við tökum til dæmis eftir því að sýning Eyborgar Guðmundsdóttur, Hringur, ferhyrningur og lína, í byrjun ársins passaði vel inn í kennslu yngri barna í stærðfræði, þannig að margir stærðfræðikennarar nýttu sýninguna í slíkar þverfaglegar umræður og við formuðum leiðsagnir okkar þá eftir þeim áherslum.“

Ingibjörg segir kennurum velkomið að hafa samband við deildina og óska eftir tiltekinni nálgun við leiðsagnir. Slíkt þurfi að sjálfsgöðu að gera með góðum fyrirvara en sé einstaklega gjöfult fyrir alla aðila.



Útilist í öllum hverfum og flökkusýningar í skólum

Árið 2019 er ár útilistaverka hjá Listasafni Reykjavíkur, en safnið annast alls um 180 útilistaverk í borginni. Skólahópum er af því tilefni boðin sérstök leiðsögn um Perluvestina sem er höggmyndagarður kvenna í Hljómskálagarðinum. 5. bekkjum í Reykjavík eru boðnar rútur til og frá garðinum – skólum að kostnaðarlausu.

„Nýja smáforritið (e. app) okkar getur líka nýst kennurum sem skemmtileg leið til að vinna með nærumhverfi skólanna, en þar eru útilistaverk í Reykjavík sett upp sem staðsetningarpunktar með tilbúnum hljóðleiðsögnum, sem hægt er að fylgja gangandi eða á hjóli. Við hvetjum kennara til að skoða forritið, sem er bæði á íslensku og ensku. Því fylgir einnig skemmtilegur þekkingarleikur sem nýta má inni í skólastofunni,“ segir Ingibjörg.

Skólum býðst einnig að fá flökkusýningar heim í hús og er nemendum þannig gert mögulegt að upplifa myndlist sem hluta skólaumhverfisins. Um er að ræða tvo flutningskassa með listaverkum sem saman mynda lítið sýningarrými. Flutningur

Skólum býðst einnig að fá flökkusýningar heim í hús og er nemendum þannig gert mögulegt að upplifa myndlist sem hluta skólaumhverfisins.

flökkusýninganna er skólum í Reykjavík að kostnaðarlausu. Sýningunum fylgir skemmtilegur verkefnapakki og kynning fyrir kennara. „Við höfum farið með kynningar á kennarafundi, þar sem við ræðum við kennara um hvernig hægt er að nota sýningarnar þverfaglega í tengslum við öll fög eða þemu sem kennd eru í skólanum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og hægt er að hafa sýningu í skólanum í tvær til þrjár vikur.“

Fjögurra manna fjölskylda dvelur tímabundið í Bandaríkjunum og lýsir fjölskyldan hér reynslu af því að hafa barn í leikskóla og grunn-skóla. Kerfið er ólíkt hinu íslenska og börnin þurfa að laga sig að nýjum reglum.

Ahersla lögð á að hrósa fyrir góða hegðun


I byrjun ágúst fluttum við fjölskyldan tímabundið til Bandaríkjanna því Sóley, eiginkona mín, er í eins árs mastersnámi við Yale háskóla. Flutningunum fylgdi töluverður undirbúningur því það er ekki einfalt að flytja fjögurra manna fjölskyldu milli heimsálf, hvað þá til þess lands sem hlýtur að teljast eitt helsta musteri skrifinnskunnar. Við vorum þó spennt að prófa að búa í Bandaríkjunum enda hefur landið og menning þess mikil áhrif á Íslendinga almennt.

Eitt helsta verkefnið var að finna skóla fyrir börnin. Áður en við gátum svo mikið sem skoðað hvað stæði til boða urðum við að prenta út heilsufarslista frá Connecticut ríki og fara með börnin í „lúsakembingu og ormahreinsun“ á heilsugæsluna ásamt óteljandi sprautum og skoðunum. Heimilislæknir þurfti að votta alla skapaða hluti.

Því næst gátum við byrjað að skoða skóla. Steinunn er þriggja ára og var búin að vera tvö ár á Laufásborg en Óli er átta ára og var í Laugarnesskóla.

Í Bandaríkjunum er ekki samþærilegt leikskólakerfi og á Íslandi. Hér er mjög algengt að annað foreldrið, yfirleitt móðir, sé heima með barninu þar til það kemst í kindergarten sem er 5 ára bekkur. Sums staðar er kominn pre-K fyrir fjögurra ára börn líka. Þessir 4- og 5-ára bekkir eru þá innan grunnskólanna en kosta þó nokkuð. Þar sem Steinunn er aðeins þriggja ára gafst okkur ekki kostur á þessu kerfi heldur

Jakob Jakobs-son skrifar frá New Haven, Connecticut



Steinunn og Óli kynnst bandarísku skólakerfi í vetur.

urðum við að sækja um pre-school. Hún komst inn í skóla sem heitir EBJ (Edith B. Jackson Child Care program) en full skólavist þar kostar um það bil 230 þúsund krónur á mánuði og er ekki niðurgreidd að nokkru leyti þó við séum hér sem námsmenn. Við höfðum augljóslega ekki ráð á því, svo við skráðum hana í tvo daga í viku. Okkur fannst mjög mikilvægt að hún fengi menntun, félagsþjálfun og tungumálaörvun sem aðeins er hægt að fá í skólanum.

Fljótlega eftir að hún byrjaði sáum við að tveir dagar í viku væru ekki nóg og bættum þriðja deginum við með góðri hjálp fjölskyldunnar. Þessi upphæð hljómar stjarnfræðileg fyrir okkur Íslendinga sem erum svo lánsöm að eiga trygg leikskólapláss frá tveggja ára aldri fyrir brot af þessu verði, en raunin er jú sú að íslensku og bandarísku leikskólaplássin kosta það sama – munurinn er bara sá að á öðrum staðnum er allt þjóðfélagið að ala upp börnin í sameiningu

en á hinum staðnum tíðkast meira að hver hugsi um sig.

Leggja sig í þriðja bekk

Skólinn er staðsettur inni á stúdentagördunum sem við búum á og er í raun samansettur af fjórum venjulegum íbúðum sem er húið að innrétta sem leikskóladeildir. Steina er á elstu deildinni en hérna eru börn allt niður í þriggja mánaða gömul á yngstu deildinni. Skólastarfið er nokkuð hefðbundið nema hvað krakkarnir koma með eigin hádegismat og vatnsflösku. Þegar Steina kemur á morgnana hengir hún upp bakpokann sinn, setur hádegismatinn inn í ísskáp, fer inn á baðherbergi og þvær sér um hendur og fær svo að velja sér fönðurkrók. Eftir morgunhressingu fara þau út að leika eða í göngutúr, en aflýsa þurfti allri útiveru á tímabili í september vegna mikils fjölda moskítóflugna í borginni. Eftir hádegismat er hvíld og öll börn

verða að leggjast á bedda í klukkutíma. Steina var löngu hætt að leggja sig á daginn á íslenska leikskólanum svo þessi endurkoma lúransa hefur bakað fjölskyldunni svolítil vandræði þegar kemur að háttatíma og hún er ekkert þreytt.

Allir kennararnir og skólastjórnin eru konur en skólinn er vel mannaður og okkur telst svo til að það séu þrjú börn á hvern kennara. Auk þess eru foreldrar og eldri borgarar í sjálfboðastarfi í skólanum og koma af og til og verja tíma með börnunum, lesa fyrir þau og leika. Börnin sem eru með Steinu á leikskólanum myndu teljast sem forréttindabörn, enda alls ekki á færi allra að greiða skólagjöldin og mörg hver eru þau börn starfsfólks Yale-háskóla.

Steina talaði enga ensku áður en við fluttum hingað en hún er einstaklega líflægur og félagslyndur krakki svo hún fann alls konar leiðir til að tjá sig á annan hátt. Núna, þegar við erum búin að vera hérna í þrjú mánuði, kjaftar á henni hver tuska og tungumálin eru farin að renna svolítið saman heima fyrir – “thank you, Daddy” heyrir iðulega þessa dagana þegar ég færi henni niðurskorið epli eða kex eftir leikskóla.

Gulí skólabíllinn sækir Óla

Það er nokkuð annað uppi á teningnum hvað Óla varðar, en hann er í 3. bekk í East Rock Community Magnet sem er almenningskóli (public school). Almenningskólar eru fjölskyldum að kostnaðarlausu en ólíkt íslenskum grunnskólum, þar sem starfað er eftir aðalnámsskrá, eru skólarnir næstum því jafn ólíkir og þeir eru margir. Skólarnir fá ekki jöfn framlög frá sveitarfélaginu heldur er fjármögnunin reiknuð á einhvern hátt sem hlutfall af fasteignasköttum svæðisins og þar af leiðandi fá skólar í dýrum hverfum töluvert meira fé en skólar í fátækari hverfum. Skólinn hans Óla vinnur gagngert gegn þessu misrétti og er svokallaður segulskóli (e. magnet school) sem þýðir að börn úr alls kyns mismunandi hverfum fá aðgang að honum og sum koma langt að. Þau eru sótt á morgnana með klassískum gulum skólabíll sem er eins og beint úr amerískri bíómynd. Þau sem þurfa að sitja lengst í bílnum eru einn og hálfan tíma á leiðinni í skólann, en Óli er á síðustu stoppistöðinni og þarf að vera mættur þar kl. 7:40. Skiljanlega er það nokkuð óstýrilátur hópur sem mætir honum á morgnana, troðfullur skólabíll og aðeins einn fullorðinn einstaklingur, þ.e. bílstjórinn. Skólinn byrjar svo klukkan átta og er búinn klukkan tvö.

Í skólanum er það sem heitir universal lunch program, sem þýðir að allir nemendur fá morgunverð og

hádegisverð á hverjum degi sér að kostnaðarlausu. Matarpakkarnir eru svona eins og flugvélamatur nema hvað hann er meira unninn og óhollari. Dæmigerður morgunmatur er plastpoki með litlum kassa af “frosted flakes” og mjólk í fernu. Hádegismatur er svo gjarnan hamborgari, pizza eða grilluð ostasamlöka. Hér er ekki óvenjulegt að krakkar séu með snakk og nammi í skólanum og það þykir ekkert athugavert við að þau komi með slíkt að heiman.

Öll börn í skólanum eiga að vera í skólabúningum sem er annað jöfnunarverkfæri. Skólabúningurinn er ekki sérhannaður fyrir skólann heldur má kaupa fatnaðinn hvar sem er, svo lengi sem hann samanstendur af dökkbláum eða hvítum pólóból og dökkbláum eða ljósdrapplituðum khaki buxum. Kennara og stjórnendur skal alltaf ávarpa sem Hr. eða Frú Eftirnafn. Í skólanum er áhersla lögð á að hrósa og verðlauna fyrir góða hegðun en hegðunarsvandamálu er töluvert miðað við það sem við þekkjum úr Laugarnesskóla og Óli kom nokkuð gáttaður heim eftir fyrstu dagana. Kennarinn gefur hegðunareinkunn í lok hvers dags og foreldrar kvitta fyrir í heimanámsmöppunni. Óli hefur fengið mikið hrós fyrir góða hegðun

„Dæmigerður morgunmatur er plastpoki með litlum kassa af “frosted flakes” og mjólk í fernu. Hádegismatur er svo gjarnan hamborgari, pizza eða grilluð ostasamlöka. Hér er ekki óvenjulegt að krakkar séu með snakk og nammi í skólanum og það þykir ekkert athugavert við að þau komi með slíkt að heiman.“

Steinunn velur gjarna að fara í fönðurkrókin.

í skólanum og í lok október var hann valinn nemandi mánaðarins í bekknum og fékk fyrir það viðurkenningu.

Í heimanámi er lögð mikil áhersla á stærðfræði og lesskilning. Óli þarf að gera eina blaðsíðu af reikningsdæmum á dag ásamt því að lesa texta og gera ritunarverkefni. Skólinn býður upp á skólablað sem frístundaiðju eftir skóla. Blaðið heitir East Rock Record og þar fá krakkar leiðsögn frá blaðamenskunum úr Yale. Þau læra þar kritíska hugsun, upplýsingaöflun og tjáningu.

Hér eru sumir hlutir allt öðruvísi en á Íslandi. Um daginn sagði Óli okkur til dæmis frá æfingu sem nemendurnir þurftu að gera sem er kölluð “lockdown” en þá eru börnin látin æfa sig í viðbrögðum við skotárás í skólanum. Kennarinn læsir þá skólafestunni og krakkar fara út í horn og hafa hljóð þar til hættan er liðin hjá. Þetta fannst honum mjög hræðilegt og okkur líka þegar við heyrðum af þessu. En það eru kostir og gallar við allt

og einn kostanna við Bandaríkin er að þau eru sannarlega fjölmenningsland og hér er haldið upp á alla mismunandi hátíðardaga hinna ýmsu trúarbragða og menningarhópa með tilheyrandi frídögum.



Fá grunnþjálfun í hundauppeldi



Boðið er upp á valnámskeiðið „Allt um hunda“ fyrir nemendur í 8. til 10. bekk við Hraunvallaskóla. Halldóra Lind Guðlaugsdóttir, sem á þrjá hunda, sér um námskeiðið ásamt Hildi Guðrúnu Gunnarsdóttur þroskaþjálfara. „Mér finnst líka mjög gefandi að sjá hvað krakkarnir eru áhugasamir og hvað er mikill kraftur í þeim. Þetta er eitthvað sem drífur þá áfram. Það er svo mikilvægt að fá stundum að velja hvað maður vill læra.“

Halldóra Lind Guðlaugsdóttir segir að sig hafi lengi langað til að eignast hund þegar hún var barn og þegar hún var 12 ára gáfu foreldrar hennar þeim systkininum hund. „Það vatt aðeins

upp á sig og vorum við mest með fjóra hunda heima þegar við vorum krakkar. Hundaáhuginn hefur ekki minnkað og ég á þrjá hunda í dag.“ Hundarnir hennar heita Skuld, Tuva og Blue og eru af tegundunum Chihuahua, Shetland Sheepdog og Border Collie.

Halldóra Lind flutti ásamt eiginmanni sínum til Noregs árið 2010 þar sem hún lærði að verða hundaþjálfari og með í för voru tveir hundar, Cavalier King Charles Spaniel hundurinn Askur, sem var jafnframt hennar fyrsti hundur, og Chihuahua tíkin Skuld.

„Mér hafa alltaf þótt samskipti við hunda svo auðveld,“ segir Halldóra Lind þegar hún er spurð hvað það hafi verið við hunda sem hafi heillað hana sem barn. „Ég var ofsalega feimin sem krakki og það var alltaf svo auðvelt að eiga

Krakkarnir komnir út í seinni hluta kennlu-stundarinnar. Tuva fær klapp og Depill fylgist með.

samskipti við dýr. Það var svo gaman að þegar ég fékk fyrsta hundinn þá fór ég í raun og veru að hafa miklu meiri samskipti við fólk af því að ég fór að tala um hundinn og var mikið í félagsskap í gegnum allt sem tengdist hundum. Ég fór svo að halda fyrirlestra um hunda eftir að ég lærði hundaþjálfun; eitthvað sem ég hafði ekki ímyndað mér að ég gæti gert þegar ég var krakki af því að ég var svo rosalega feimin. Árið 2013 stofnuðum við Heiðrún Klara Johansen Hundaakademiuna, eftir að ég hafði lært hundaþjálfun í Noregi og hundaatferlisfræði í Svíþjóð. Þegar ég eignaðist strákinn minn árið 2015 þá fann ég að mig langaði ekki til að vinna mikið á kvöldin og um helgar en þá var ég einnig í kennaranámi. Ég vann við hundaskólann út árið 2016 en byrjaði



Viktoría María með Myrkva, Helga Sif, Kári, Halldóra Lind með Tuvu, Eva Lilly með Storm, Hildur Guðrún Þroskaþjálfí, Bryndís Björk, Lydía Ósk með Depil, Unnur María, Ingibjörg Al-dís og Jón Hjörtur.

á valnámskeið fyrir unglínga. Það eru margir sem hafa áhuga á hundum og það er líka gaman að geta lært í gegnum það sem þeim finnst skemmtilegt. Við kennum þeim en svo eru þeir líka að grúska og kynna fyrir okkur verkefni sem tengjast því sem þeim finnst áhugavert við hunda.“

Halldóra Lind segir að í tímunum sé meðal annars fjallað um merkjamál hunda, gelt, stress, þjálfun, umhverfisþjálfun, uppruna hunda, hundategundir og lög og reglur. „Krakkarnir fá svo tækifæri til að umhverfisþjálfva hvolpa og kenna hundum alls konar kúnstir. Í ár fá nemendur síðan möppu með fræðsluefni um hunda.“

Halldóra Lind segir að nemendur fái ágætis grunn í hundauppeldi.

„Það eru ekki hundar í hverjum einasta tíma. Við reyndum í fyrra að vera eins mikið með hunda í tímum og við gátum en þá vorum við ekki með hunda inni í skólanum og var leiðinlegt að draga alla út í leiðinlegu veðri þegar átti að vera með hund í tíma. Í vetur fengum við að vera í kofa úti þannig að ef veðrið er ekki gott þá getum við samt verið með hund. Border Collie tíkin mín er rosalega hrifin af krökkum og kemur oft með smá látum. Krakkarnir fengu leiðbeiningar um hvernig þeir ættu að tækla hana þegar hún kemur og þeir hjálpa mér að kenna henni en hún þarf að sitja róleg til að fá klapp og knús. Þeir voru samtaka um að snúa baki í hana ef hún ætlaði að hoppa upp á þá og hún settist þá róleg niður til að fá klór. Hún er svo ung og vitlaus ennþá, bara eins og hálfis árs.“

Hundar sem krakkarnir hafa stundum komið með hafa verið ótrúlega flottir en þegar krakkarnir koma með hundana sína í tíma þá er það í tengslum við ýmislegt sem við erum að gera. Það er til dæmis vinsælt hjá krökkum sem eiga hunda að vera með tegundakynningu um sinn hund eða sína tegund og þá koma þeir með hundana til að sýna

öðrum. Um helmingur nemenda sem velja þetta námskeið á ekki hund og fær þá smá útrás þarna.“

Áhugaverð verkefni

Halldóra Lind segir að nemendur komi með flottar hugmyndir að verkefnum. „Í fyrra gerði til dæmis nemandi flott verkefni um uppruna hundsins, krakkarnir eru mikið með tegundakynningar og í haust gerðu nokkrar stelpur verkefni um björgunarahunda. Nemendur læra hvernig á að gera þjálfunarplan til að kenna hundunum skemmtilegar kúnstir og þegar þjálfunarplaníð er tilbúið fá þeir að kenna hundunum. Það gekk vonum framár í fyrra. Við notuðum klikker til að móta hegðunina en það er lítið tæki sem gefur frá sér smell. Við smellum þegar hundurinn fer í rétta átt í þjálfuninni og gefum nammi. Smám saman getur hundurinn gert það sem við ákváðum í upphafi. Krakkarnir byrjuðu að æfa sig með klikkerinn, hver á eftir öðrum, og síðan þjálfuðu þeir hundana. Í fyrra náðum við einnig að láta hundana spora sem var mjög skemmtilegt. Nemendur fara víða í þælingum sínum en í upphafi annar spyrjum við nemendur hvort það sé eitthvað sérstakt sem þá langi til að gera í tengslum við hunda og reynum að verða við því ef það er hægt.“

Halldóra Lind segir að sér finnst nemendur vera langspenntastir fyrir því að umgangast hundana.

„Þetta er námskeið sem nemendur velja og það er þögn í tímum, nemendur bæði hlusta og spyrja spurninga. Algengt er að í lok kennslustunda komi þeir og segi mér frá einhverjum upplifunum sem þeir hafa átt í sambandi við hunda.“

Allir svo áhugasamir

Halldóra Lind segir að sér finnst æðislegt að kenna þetta námskeið en annars er hún sérkennari við miðdeild. „Það eru allir svo áhugasamir fyrir því sem verið er að gera. Þetta eru allt krakkar sem elska hunda. Það er þess vegna mikil gleði hjá okkur þegar við spjöllum um hunda og krakkarnir læra um eitthvað sem þeir elska. Það er sérstaklega skemmtilegt þegar nemendur eru sjálfir að grafa eftir upplýsingum í sín eigin verkefni, vinna heimildavinnu og annað til að leita að upplýsingum um hunda sem þeir kynna svo fyrir hinum. Mér finnst ég tengjast krökkunum öðruvísi en ella. Ég hef kennt sumum krökkunum áður en það er allt öðruvísi þegar maður er að kenna þeim eitthvað sem þeir hafa mikinn áhuga á. Mér finnst líka mjög gefandi að sjá hvað krakkarnir eru áhugasamir og hvað er mikill kraftur í þeim. Þetta er eitthvað sem drífur þá áfram. Það er svo mikilvægt að fá stundum að velja hvað maður vill læra.“

svo að kenna í Hraunvallaskóla haustið 2017. Heiðrún er hins vegar ennþá með Hundaakademíuna.“

Talað um gelt

Halldóra Lind segir að hún hafi saknað þess að vinna ekki lengur við hundabjálfun og segir að hún hafi slegið til þegar samstarfskona hennar við Hraunvallaskóla, Hildur Guðrún Gunnarsdóttir þroskaþjálfí, stakk upp á því að þær myndu bjóða upp á valnámskeið tengt hundum og er þetta annar veturinn sem boðið er upp á námskeiðið fyrir nemendur í 8. - 10. bekk.

„Við Hildur eigum báðar hunda og vorum einn daginn að spjalla um hvað hundar geta gert fyrir börn. Hildur stakk upp á þessu námskeiði en við töluðum um að það væri gaman að bjóða upp



Stolt fagstétt

Guðjón Hreinn Hauksson, formaður Félags framhaldsskólakennara, skrifar

„Við erum ekki eins og Englendingar. Við förum okkar eigin leiðir.“

Stjórn, samninganefnd og starfsfólk Félags framhaldsskólakennara skruppu til Edinborgar nú í blábyrjun nóvember 2019. Á dagskránni voru fundir með stærstu kennarasamtökum Skota (Educational Institute of Scotland (EIS)) og Skoska kennararáðinu (General Teaching Council for Scotland) en einnig vinnufundur samninganefndar.

Við byrjuðum föstudaginn í höfuðstöðvum EIS þar sem forseti samtakanna, Bill Ramsay, og David Belsey ritari fræddu okkur um skoska skólakerfið og þessi stærstu kennarasamtök Skota. Það var strax greinilegt hversu stoltir Skotar eru af því hvernig skólamálin er háttáð í landinu. Edinborg var auðvitað suðupottur hinnar skosku upplýsingar og upp úr henni reis öflugt skólakerfi og einnig EIS sem eru elstu kennarasamtök heims, stofnuð árið 1847. Tilgangur samtakanna var þá og er enn „promoting sound learning and advancing the interests of education in Scotland“. Sem sagt, undir öllu starfi liggur áherslan á gæði og virðingu menntunar.

EIS samtökin hafa mikil áhrif í skosku samfélagi. Þessi langstærstu kennarasamtök landsins hafa neitunarvald í flestum málefnum stéttaráttunnar, en þau beita sér einnig mjög í skólamálaumræðu og samfélagsmálum almennt. Bill

var stoltur þegar hann gat sýnt íslenskum gestum sínum The Herald, blað dagsins, þar sem eitt af baráttumálum samtakanna var tekið upp á forsíðunni.

„Það er allt annað ástand í skólum Skotlands en í Englandi,“ segja þeir báðir. „Í Englandi má draga hvern sem er upp af götunni, skella honum á stutt námskeið og þá fær hann leyfi til að kenna.“ Í Skotlandi er alveg skýrt að þar þurfa allir að klára sína fimm ára kennaramenntun áður en þeir fá leyfi til að starfa í skólum landsins. Síðasta þrepið í kennaranáminu er launað starfsnám til eins árs sem um leið er nokkurs konar inntökupróf eða reynsluár fyrir kennarastarfið. Þeir sem ekki standast starfsnámið verða að snúa sér að öðru. Síðan 1973 starfa engir réttindalausir kennarar í skoskum skólum.

Laun kennara 30% hærrí en meðallaun

Laun kennara í Skotlandi verða að teljast nokkuð góð, enda eru meðallaun kennara næstum 30% hærrí en meðallaun í landinu. Laun á reynsluári eru frekar lág en hækka mikið strax að því loknu og eftir það árlega í fimm ár. Síðan gerist ekkert í launum nema kennari fái stöðuhækkun og verði Principal, Head eða Deputy Teacher (hvað sem það gæti nú heitið hér uppi á Fróni) en þeir kennarar geta jafnvel náð tvöföldum launum meðalkennarans. En þegar Bill og David tala um helstu áskoranir samtakanna sjáum við ansi kunnuglegar myndir: vinnuandi, álag í starfi, dvínandi kaupmáttur, ráðningar og brotthvarf úr stéttinni, fáir möguleikar til framgangs í starfi og stöðugar umbótahugmyndir stjórnvalda.

Baldvin Björgvinsson, Helga Jóhanna Baldursdóttir, Simon Cramer Larsen, Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir, Guðjón Hreinn Hauksson, Sólveig Ebba Ólafsdóttir, Ingibjörg Karlsdóttir, Óli Njáll Ingólfsson og Hanna Björg Vilhjálmisdóttir. Steinunn Inga Óttarsdóttir tók myndina en á hana vantar einnig Guðbjörn Björgólfsson sem var einnig með í ferðinni.

Eftir hádegi hittum við þau Ken Muir, framkvæmdastjóra Skoska kennararáðsins, GTCS, og doktor Pauline Stephen, verkefnisstjóra, í fallegum húsakynnum ráðsins í útjaðri Edinborgar. Hið fyrsta sem Ken vildi tryggja að við áttuðum okkur örugglega á var þetta: „Skotland er ekki England!“ – Við vorum svo sem búin að ná þessu eftir morguninn í EIS en þarna fór manni að skiljast að stoltið og metnaðurinn er leiðarstef í skoskri þjóðarsál.

Kennararáðið og starf þess tekur einmitt mið af þessum metnaði kennara fyrir gæðum starfsins og stöðu stéttarinnar í skosku samfélagi. Í ráðinu sitja 37 meðlimir. Meirihluti, eða 19 starfandi kennarar, eru kosnir af félögum sínum til setu í ráðinu.

Bill og David í EIS nefndu einmitt í sínu erindi að samtökinn hvettu sína félagsmenn eindregið til að gefa kost á sér til að tryggja áhrif samtakanna inni í ráðinu. Ýmsir hagaðilar eiga ellefu sæti og leikmenn eða almennt áhugafólk um menntun sjö. Hlutverk ráðsins eru helst þau að halda skrá yfir kennara í landinu, móta og endurnýja hæfniviðmið kennara og skólastjórnenda, veita kennurum leyfisbréf til reynslu og að fullu, tryggja að kennarar uppfylli hæfniviðmið, stundi starfsþróun og haldi sig innan siðareglna og að lokum að veita yfirvöldum ráðgjöf í skólamállum og um faglegt starf í skólum. Kennarar greiða 65 pund á ári (um 10.500 kr.) inn í ráðið.

Kennarar setja hæfniviðmið

Það er sem sagt kennarastéttin sjálf, formlega óháð ríkisvaldinu, sem setur sér skýr og ítarleg hæfniviðmið, stuðlar að starfsþróun stéttarinnar og tryggir gæði skólastarfsins. Árið 1965, þegar ráðið var stofnað, var mikið um réttindalaust fólk við kennslu í skólum en átta árum síðar, árið 1973, hafði tekist að manna allar stöður í skólum með fullgildum kennurum og þannig hefur það haldist alla tíð síðan. Stærsti hluti rekstrarfjár ráðsins fer til starfsþróunar kennarastéttarinnar og í skipulag launaða starfsnámsins en vænn hluti fer einnig í að tryggja að kennarar vinni samkvæmt hæfniviðmiðum og siðareglum. Af þeim 76.000 kennurum sem starfa í landinu misstu 27 leyfi til kennslu eftir að hafa farið í gegnum eftirlitskerfi ráðsins. Þrír misstu leyfið vegna þess að þeir gátu ekki lengur talist hæfir en 24 vegna óæskilegrar hegðunar, oftast á vef- og samskiptamiðlum.

Nú stendur yfir vinna hér heima um mótun kennararáðs. Ný lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda (lög nr. 95/2019) taka gildi um áramótin þar sem kveðið er á um kennararáð og hæfniviðmið kennarastéttarinnar. Oft hefur verið minnst á Skotland, og Írland reyndar líka, sem fyrirmyndir í þessum efnum en það sem lögin kalla eftir er einhvern veginn allt í lausu lofti, ómótað og hefur lítið með metnað og stolt kennarastéttarinnar að gera.

Okkur ellefu sem áttum þessa fundi með EIS og GTCS í Edinborg fannst við læra ótrúlega mikið um það hvernig heil stétt kennara getur sameinast um grunnildi góðrar menntunar og hvað einkennir góða kennara. Lykilatriði er að vinna hæfniviðmið og að ævilangri starfsþróun á faglegum forsendum en ekki undir hæl stjórnvalda eða vinnuveitenda.



Lykilatriði er að vinna hæfniviðmið og að ævilangri starfsþróun á faglegum forsendum en ekki undir hæl stjórnvalda eða vinnuveitenda.

Einu sinni var ...

Öflugt málgagn mikilvægt fyrir KÍ

Skólavardan hóf göngu sína í janúar 2001 og hefur komið út æ síðan; tölublöðin hafa verið mismörg eftir árum. Eiríkur Jónsson, þáverandi formaður Kennarasambandsins, skrifaði pistil í fyrsta tölubladið og segir þar: „Öllum er ljóst mikilvægi þess að samtök eins og KÍ eigi sér öflugt málgagn þar sem hægt er að koma á framfæri stefnu sambandsins ásamt því að miðla upplýsingum um starfsemina.“

Í fyrstu Skólavörðunni kennir ýmissa grasa; fjallað er um veikindarétt, hvernig á að bregðast við óróleika í skólastofunni, starf trúnaðarmannsins, tónmenntakennslu og hugleiðingar kennslukonu.

Kristín Elfa Guðnadóttir, ritstjóri Skólavörðunnar, segir í leiðara að bladið sé „alfarið kennaramegin í tilverunni og þar með nemendamegin eins og kennarar vita manna best, því hagsmunir þessara hópa fara saman.“

► *Kannaðu geiminn en láttu dópið eiga sig*
Svo hljóðar fyrisögnin í þessu fyrsta tölublaði undir lið sem ber yfirskriftina „Vefanesti“. Á þessum tíma voru leitarvélar ekki orðnar eins öflugar og í dag, Google var bara þriggja ára, og því var til síðs að skrifa út langar og tyrfnar vefslóðir, svo sem slóðina www.en.eun.org/eun.org2/eun/en/index.html sem vísar á Evrópska skólanetið. Fullt af hagnýtum upplýsingum er að finna á þessum vef í dag, sem þá, en nú nægir að setja slóðina www.eun.org og þá opnast þetta skólanet.

► *Góðar fréttir daglega*
Þá er bent á jákvæðan fréttavef sem á jafnvel við í dag og fyrir tæpum tveimur áratugum. Þetta er fréttavefurinn positivepress.com og sýnir hann lítil aldursmerki þótt aldraður sé. „Ágætur vefur, ekki síst í ljósi þess að margir hafa áhyggjur af ofgnótt slæmu fréttanna hafi mótandi áhrif á samfélagið, geri það sem sagt verra,“ segir í Skólavörðunni árið 2001.





Starfsþróun kennara

Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ

Kennarar, kjölfestan í menntakerfinu

Undanfarna áratugi hafa orðið gagngerar breytingar á alþjóðavísi og í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið, nám nemenda og störf kennara. Samfélagsbreytingar hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Gerðar eru auknar kröfur til skóla og er þeim ætlað að sinna mörgum og fjölbreyttum hlutverkum sem sum hver voru áður á ábyrgð heimila, nærsamfélags og ýmissa stofnana. Jafnframt á skólinn að vera fyrir alla, efla þroska og færni nemenda og veita gæðamenntun í samræmi við þarfir nútímasamfélags. Þessar auknu kröfur hafa svo leitt til umræðu um þátt kennara í menntaumbótum, menntun kennara, faglega ábyrgð þeirra og starfsþróun. Kennarar eru kjölfestan í menntakerfinu og mikilvægt er að þeir séu leiðandi í breytingum og skólaþróun.

Svo víðfeðm sem viðfangsefni kennara eru er ógerlegt að mennta þá, frekar en aðrar starfsstéttir, í eitt skipti fyrir öll áður en starfsferill þeirra hefst. Kennaramenntunin þarf hvort

tveggja að vera alþjóðleg og þjóðleg. Við viljum að hún taki mið af fræðilegum alþjóðlegum viðmiðum og tengist um leið sögu, menningu, tungumálinu og þjóðfélagsbreytingum.

Kennarar þurfa auk þess að hafa mikla kunnáttu í sinni kennslugrein eða á sínum kennsluviðum auk annarrar kunnáttu sem tengist mismunandi aldri barna og unglinga. Þar má nefna að þeir eiga að geta brugðist við fjölbreyttum viðfangsefnum, alltaf með hag nemandans að leiðarljósi. Þeir eiga að stuðla að frjórri hugsun nemenda, sjálfstæðum vinnubrögðum og samstarfi við aðra. Einnig þurfa kennarar að geta beitt ólíkum kennsluáðferðum, mismunandi kennslutækni og náms-efnisgerð að ógleymdu námsmati og endurgjöf til nemenda.

Starfsþróun verði lögfest

Hraðar samfélagsbreytingar kalla á stöðuga starfsþróun kennara og skólaþróun. Kennarar og skólar þurfa að hafa sem bestar aðstæður og tækifæri til starfsþróunar til að aðlaga breytingar

að starfi og starfsháttum. Þörf fyrir heildstæða stefnu til lengri tíma í starfsþróunarmálum kennara og skóla er því brýn og nauðsynlegt að hver skóli, hvort

sem það er tónlistarskóli, grunnskóli, framhaldsskóli eða leikskóli, marki sér stefnu í þessum málum. Í því felst áætlanagerð og markmiðssetning um hvernig á að að efla hæfni kennarastéttarinnar í viðkomandi skóla.

Til að mögulegt sé að koma einhverju svona kerfi á er nauðsynlegt að styrkja fjárhagslegar stoðir starfsþróunar, lögfesta þennan þátt í starfi kennara og gera starfsþróun aðgengilegri fyrir alla kennara og skólastjórnendur.

Í skólafestni sem Kennarasambandið markaði sér á þingi sínu vorið 2018 kemur fram ýmislegt um starfsþróun kennara. Bæði kemur fram ákveðin stefna í starfsþróunarmálum og einnig er bent á hvað þarfnast úrlausnar. Í öðrum kafla skólafestunnar, sem ber heitið Menntun alla starfsævina, er sýn KÍ á menntun kennara og starfsþróun dregin fram. Hvað varðar

kennaramenntun leggur KÍ áherslu á að hún skuli vera þrjúþætt og fela í sér í fyrsta lagi menntun til meistaraþrófs, í annan stað nám og þjálfun nema á starfsvettvangi með stuðningi frá fagfólki í skólunum bæði sem hluta af náminu og á fyrstu starfsárunum, og í þriðja lagi að kennari njóti fjölbættrar menntunar og starfsþróunar alla starfsævina. Það leggur grunn að öfluggu lærdómssamfélagi í öllu skólastarfi og það er á ábyrgð menntamálayfirvalda að tryggja kennurum starfsþróun.

Kennararáð veiti ráðgjöf

Of þá er ég kannski kominn að kjarna málsins. Menntamálayfirvöld á Íslandi hafa mjög litlu varið til starfsþróunar kennara á öllum skólastigum, öðru en því sem kennarar hafa getað kreist út í kjarasamningum í formi námsorlofa eða framlaga í starfsmenntasjóði. Stefnunótun um starfsþróun hefur verið mjög óljós. Fjármunir hafa verið allt of litlir og sömuleiðis skyldur vinnuveitenda til að halda starfsmönnum sínum við í starfi og veita þeim handleiðslu og leiðsögn.

Í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019 sem samþykkt voru síðasta vor virðist því miður ekki verða nein breyting á. Þar er ekki sett fram nein skuldbindandi stefna um starfsþróun kennara. Í þriðju grein laganna sem fjalla um hæfniramma er sagt að hann eigi að veita leiðsögn um starfsþróun og endurmenntun kennara. Þá kemur fram í fjórðu grein laganna að kennari eigi að hafa þá almennu hæfni að taka ábyrgð á eigin starfsþróun og vinna að henni alla starfsævina. Að lokum kemur fram í sjöundu grein sem fjallar um kennararáð að það eigi að veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar og einnig að fylgjast með alþjóðlegri þróun og áherslum í menntavísindum og nýta við ráðgjöf um kennaramenntun og starfsþróun.

Í greinargerð sem fylgdi laga-drögunum er nefnt að ein meginforsenda þess að tryggja börnum og ungmönnum bestu mögulegu menntun sé góð menntun og starfsþróun kennara og eins segir að nauðsynlegt sé að fjölga tækifærum til starfsþróunar kennara. Þar kemur einnig fram að leggja eigi niður þann vettvang þar sem þessi málefni hafa verið til umræðu, eða Samstarfsráðið um menntun og starfsþróun kennara, og það eigi að renna saman við hugmyndir um Kennararáð sem hafi fyrst og fremst það hlutverk að veita leiðsögn um þróun hæfniramma.

Fjölmörg atriði kalla á starfsþróun Síðastliðinn vetur stóð stýrihópur, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði í kjölfar úttekta Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfar, fyrir fræðslu- og umræðufundum um menntun fyrir alla. Fundirnir voru alls 23. Eftir fundina vann starfshópur, skipaður sérfræðingum úr Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands, skýrslu þar sem helstu atriði fundanna voru dregin saman.

Þar kemur fram að endurskoða þurfi inntak kennaramenntunar, efla tengsl við vettvang og auka þekkingu kennara á einstaklingsbundnum þörfum nemenda, fjölga tækifærum og auka svigrúm til starfsþróunar, auka fjölbreytni í starfsþróunartilboðum, hvetja starfsfólk til starfsþróunar og að axla ábyrgð á eigin starfsþróun og tryggja aðgang að starfsþróun óháð búsetu.

Frá árinu 2009 hafa starfað nefndir undir forystu mennta- og menningar- málaráðherra um mögulega endurskipulagningu á starfsþróun kennara. Fagråd um símenntun og starfsþróun kennara skilaði árið 2016 ítarlegum tillögum um starfsþróun kennara. Í kjölfarið tók Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda til starfa. Nú í október skilaði ráðið skýrslu með tillögum til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, um framtíðarsýn fyrir starfsþróun kennara hér á landi. Í þeirri skýrslu eru dregnar fram faglegar kröfur til kennara og stjórnenda í tónlistar-, leik-, grunn- og framhaldsskólum og breytingar á starfsumhverfi þeirra. Þar koma fram fjölmörg atriði sem kalla á starfsþróun kennara. Hér verða þau helstu nefnd: Heildarstefna um nám og kennslu, einstaklingsmiðað nám, skapandi starf, hæfniramma og hæfnihugtak, nýjar námsbrautalýsingar, samstarf kennara þvert á greinar, nýjar skólanámskrár, hærri sjálfræðisaldur og aukin samskipti við foreldra, menntastefna með sýn á menntun fyrir alla, fjölmennningarumhverfi, upplýsingatækni, aukin áhersla á nýsköpun, grunnþættir menntunar, breytt mats- og prófafyrirkomulag og persónuvernd. Allt eru þetta grundvallarþreyingar í störfum kennara sem kalla á starfsþróun til að tryggja að innan hvers skóla sé virkt lærdómssamfélag. Þar að auki bætast við þeir þættir sem kennarar meta sjálfir æskilega og nauðsynlega til að

halda sér við í starfi, sem ekki eru síður mikilvægir.

Skýrslan fékk góðar viðtökur

Í framhaldinu eru í skýrslunni settar fram tillögur samstarfsráðsins um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Tillögunum var skipt í átta flokka eftir eðli þeirra og voru samtals sauttján. Þær tillögur verða ekki raktar í heild. Þær sem mestu máli skiptir að verði að veruleika eru tillögur um að starfsþróun kennara og skólastjórnenda leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla verði sett í lög með áherslu á að starfsþróun sé hluti af starfi þeirra. Ávallt verði hugað að starfsþróun í tengslum við innleiðingu stefnu í menntamálum og breytingar á henni. Einnig skiptir miklu að tillögur um stuðning og ráðgjöf verði að veruleika. Í þeim felst að skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi til starfsþróunar fyrir kennara og skólastjórnendur. Þá er vert að nefna að í skýrslunni eru settar fram tillögur um að ráðgjöf og samstarf um starfsþróun kennara verði skilgreindar sem hluti af starfsskyldum háskólakennara sem mennta kennara og skólastjórnendur.

Skýrslan fékk mjög góðar viðtökur hjá menntamálaráðherra sem sagði að hún markaði tímamót í að viðurkenna mikilvægi starfsþróunar fyrir kennara. Eins og áður var vikið að á kennararáð, sem tekur til starfa nú um áramótin, að veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Það er því von mín að tillögur samstarfsráðsins og þær sem unnar voru í kjölfar úttekta Evrópumíðstöðvar um menntun fyrir alla um mikilvægi starfsþróunar kennara verði þar ekki að engu gerðar, heldur verði þeim fundinn farvegur innan kennararáðsins og samstarf og aðkoma háskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sveitarfélaga og KÍ sjái til þess að starfsþróun kennara verði tryggð með skuldbindandi hætti. Þá er mikilvægt að kennararáð hafi forystu í upplýsingaöflun, umræðu, stefnumótun og miðlun um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Þannig verður kennurum unnt að vera faglegt forystuafli í að efla menntun og farsæld nemenda og gefa þeim verkfæri til að takast á við framtíðina. Því þegar allt kemur til alls er það keppikefli allra sem koma að mótun menntakerfisins.



Menntamálayfirvöld á Íslandi hafa mjög litlu varið til starfsþróunar kennara á öllum skólastigum, öðru en því sem kennarar hafa getað kreist út í kjarasamningum í formi námsorlofa eða framlaga í starfsmenntasjóði.

Límónutréd



Límónutréd er hlaðvarp um leikskólamála. Rætt er um allt milli himins og jarðar sem tengist leikskólastarfi og gestir þáttanna koma úr öllum áttum leikskóla-samfélagsins.

Umsjónarmenn eru Ingbjörg Ósk Sigurðardóttir og Svava Björg Mörk.

Menntaspjall



Menntavarp er hlaðvarp um menntamál, framtíðina, nám og kennslu.

Umsjónarmaður er Ingvi Hrnannar Ómarsson

Uppbrot



Uppbrot er hlaðvarp um skólamála, kennslu og nám á víðum grunni. Guðni Sighvatsson og Guðmundur Finnbogason spjalla við hvorn annan í bland við annað skemmtilegra fólk. Ekkert skólatengt er þeim óviðkomandi. Nýir þættir koma óreglulega.



Gunnar Baldvinsson hefur skrifað sex kennslubækur um fjármál, sem meðal annars eru notaðar við kennslu í fjölmörgum grunn- og framhaldsskólum.

„Við tökum fjármála-ákvarðanir á hverjum degi“

Það er ekkert þúko að spara og vera skipulagður í fjármálum og þeir sem gefa sér tíma og eru agaðir og skipulagðir, þeim er umbunað með betri fjármálum. Það þýðir að þeir geta eytt meiru á ævinni, hvort sem það er í efnislegar eignir, áhugamál eða að láta gott af sér leiða með því að styrkja góð málefni. „Þetta segir Gunnar Baldvinsson, sem hefur skrifað sex bækur sem eiga að hjálpa fólki á öllum aldri að fóta sig í oft flóknum heimi fjármála. Ein bókanna er nú notuð við kennslu í yfir 70 grunnskólum landsins, önnur í fjölda framhaldsskóla og sú þriðja hefur verið þýdd á ensku og til greina kemur að þýða hana á fleiri tungumál. En af hverju skiptir máli að út séu gefnar kennslubækur um fjármál?“

„Við tökum fjármálaákvarðanir á hverjum degi,“ segir Gunnar. „Þess vegna er mikilvægt að hver og einn hafi grunnþekkingu á þessum málum. Fjármál eru eins og hvert annað verkefni. Þeim þarf að sinna og líkur á góðum árangri aukast með góðum undirbúningi og markvissum vinnubrögðum. Þeim sem gefa sér tíma er umbunað með betri fjárráðum.“

Víða verk að vinna

Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og

hefur starfað sem framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins frá árinu 1990. Hann segir að eftir að fyrsta bók hans kom út árið 2014, þar sem fjallað var um lífeyrismál og tengd efni, hafi hann fengið áskorun um að skrifa bók fyrir ungt fólk. „Ég ákvað að prófa og til varð bókin Lífið er framundan. Svo hefur þetta bara undið upp á sig, fyrst og fremst af því að það er mikil þörf fyrir svona efni. Það er ekkert séríslenskt vandamál eða viðfangsefni að efla fjármálalæsi. Í könnun sem var gerð á vegum matsfyrirtækisins Standard & Poor's var mælt fjármálalæsi í um 140 löndum í heiminum og metið að u.þ.b. 33% fólks skildi eða þekkti grunnhugtök í fjármálum. Með öðrum orðum, tveir þriðju eru ekki fjármálalæsir. Þannig að það er víða verk að vinna.“

Gildurnar leynast víða

Gunnar segir sérstaklega mikilvægt að uppfræða ungt fólk um fjármál. „Af þeirri ástæðu að fjármál eru hluti af daglegu lífi. Við viljum undirbúa unga fólk fyrir lífið og þetta er eitt af því sem skiptir miklu máli. Í því sambandi má benda á að aðgengi að lánsfé er mun meira en áður var og því auðveldara að skulðsetja sig. Einnig má nefna að ný tækni gefur færi á að taka stórar ákvarðanir með litlum fyrirvara, t.d. með því taka lán á netinu.“

Bækur Gunnars

► **2004:** Verðmætasta eignin. Fjallar um lífeyrismál og eftirlaunaspárnað. Þar eru upplýsingar um hvaða réttindi eru fólgin í lífeyrissjóðum, bent á leiðir til að byggja upp eftirlaunaspárnað með viðbótarspárnaði og um val persónutryggingar til að

tryggja fjárhagslegt öryggi.

► **2015:** Lífið er framundan. Fyrir ungt fólk sem er að hefja störf á vinnumarkaði og byrja að búa.

► **2017:** Lífið er rétt að byrja. Kennslubók í fjármálum einstaklinga sem eru að verða fjárráða, en bókin er kennd í a.m.k. 15 framhaldsskólum.

► **2017:** Fyrstu skref í

fjármálum. Kennslubók í fjármálum fyrir unglinga. Hún er kennd í yfir 70 grunnskólum.

► **2018:** Lífið á efstu hæð. Fyrir þá sem vilja undirbúa fjármál við starfslok.


► **2019:** First Steps in Finance, international edition. Kennslubók fyrir unglinga. Bókin er á ensku og efnið er alþjóðlegt.



Instagram

@kennarasamband

Kennarasambandið er á Instagram og á síðunni má finna margar skemmtilegar myndir úr starfinu. Félagsmenn eru hvattir til að fylgja síðunni #kennarasamband.



Náms- og starfsráðgjöf

Þörfin hefur sjaldan verið meiri

Umfjöllun eftir Helgu Tryggvadóttur og Ingibjörgu Kristinsdóttur

Starf náms- og starfsráðgjafa er mikilvægt innan skólakerfisins og starfa þeir á grunn-, framhalds- og háskólastigi. Aðeins þeir sem hafa leyfisbréf frá menntamálaráðherra mega kalla sig náms- og starfsráðgjafa og er því starfsheitið lögverndað. Verkefni þeirra eru fjölbreytt og undanfarið hefur farið mikil vinna í að halda á lofti niðurstöðum skýrslu sem unnin var árið 2015 en þar komu fram tillögur að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðum fyrir náms- og starfsráðgjöf. Hér verður farið yfir helstu atriði þeirrar vinnu sem og helstu hlutverk stéttarinnar.



„Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“

Árið 2015 var gefin út skýrsla sem ber heitið „Grunnur að stefnu um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi“. Skýrslan var unnin fyrir tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytis sem ári fyrir hafði skipað starfshóp með fulltrúum velferðarráðuneytisins, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Félags náms- og starfsráðgjafa (FNS) auk fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem leiddi vinnu starfshópsins. Hlutverk hópsins var að gera tillögur að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðum fyrir náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við hagsmunaaðila.

Á þeim fjórum árum sem liðin eru frá útgáfu skýrslunnar hefur lítið sem ekkert komist til framkvæmda af aðgerðalista skýrslunnar þrátt fyrir að lagaleg ákvæði og breyttar aðstæður á vinnumarkaði kalli á stefnu og ramma um málaflökinn. Þörfin fyrir náms- og starfsráðgjöf hefur sjaldan verið meiri þar sem þróun síðustu ára hefur gert það að verkum að val á námi og störfum er flóknara ferli en áður. Náms- og starfsráðgjöf gegnir lykilhlutverki í þessum breyttu aðstæðum þar sem mikilvægt er fyrir ungt fólk að taka vel ígrundaðar ákvarðanir og að geta leitað

upplýsinga um nám og störf hvar og hvenær sem er. Í skýrslunni er greint frá mikilvægum áhersluatriðum sem skipta máli í dag jafnt og þegar horft er til framtíðar. Athygli er sérstaklega vakin á eftirfarandi atriðum:

Brothvarf er vandamál í íslensku skólakerfi. Samkvæmt tölum frá OECD hefur það verið um 30% sem er mun hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna er náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðsla liður í því að lækka þessa tölu.

Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla á að búa nemendur undir frekara nám með markvissri náms- og starfsfræðslu en samkvæmt rannsóknum hér á landi fær minnihluti nemenda slíka fræðslu. FNS vill sjá náms- og starfsfræðslu skilgreinda sem námsgrein í aðalnámsskrá grunns- og framhaldsskóla líkt og í Noregi. Náms- og starfsfræðsla ætti að vera fléttuð inn í kennslu frá grunnskóla til framhaldsskóla, á vettvangi framhaldsfræðslu og í ráðgjöf til háskólanema og atvinnuleitenda.

Þjónusta náms- og starfsráðgjafar ætti að vera aðgengileg öllum sem á þurfa að

halda í formi upplýsingaveitu um nám og störf auk rafrænnar ráðgjafar. Ráðgjöfin ætti að vera sniðin að þörfum einstaklinga, óháð búsetu og þörfum, sjá t.d. naestaskref.is.

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundin þjónusta sem styður við stöðuga náms- og starfsþróun einstaklinga frá upphafi skólagöngu út starfsævina. Samfella er í þjónustunni sem veitt er þvert á skólastig og atvinnulíf. Í lögum er kveðið á um margvíslega þjónustu náms- og starfsráðgjafa á grunn- og framhaldsskólastigi, í tengslum við framhaldsfræðslu sem og atvinnumissi og atvinnuleit. Tryggja þarf vægi náms- og starfsráðgjafar í daglegu starfi náms- og starfsráðgjafa og jafnframt að sá verkþáttur skerðist ekki á kostnað annars konar ráðgjafar, svo sem vegna persónulegra mála nemenda.

FNS hefur frá því að skýrslan kom út leitað leiða til að koma stefnumótun í faginu í farveg. Mótaður hefur verið starfshópur sem fer fyrir þessu máli og hefur það markmið að leiða stefnumótunina til lykta. Félagið fagnar öllum þeim sem vilja styðja það á þessari vegferð.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki, á hvaða aldri sem er og við hvaða aðstæður sem er, að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa eru fjölbreytt og ráðast áherslur að hluta til af skipulagi og umfangi starfsemi viðkomandi skóla. Hér á eftir er listi yfir þau verkefni sem eru í verkahring náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum:

Náms- og starfsráðgjöf og fræðsla:

- ▶ Aðstoð til nemenda við:
 - Val á framhaldsnámi
 - Skipulagning og undirbúningur í grunnskóla fyrir nám í framhaldsskóla
 - Skipulagning og undirbúningur í framhaldsskólum fyrir háskólanám
 - Markmiðasetningu og ákvarðanatöku
 - Undirbúningur við atvinnuleit, gerð ferilskráa og atvinnuumsóknna
 - Leit að áhugaverðu námi eða tómstundastarfi
 - Að finna upplýsingar um náms- og atvinnuframboð á Íslandi og erlendis
 - Að þekkja veikleika og styrkleika og efla starfshæfni
 - Að átta sig á áhuga sínum og tengja við nám og störf, m.a. með áhugasviðsprófum
- ▶ Fræðsla um nám og störf
- ▶ Fræðsla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði
- ▶ Fræðsla og ráðgjöf um skipulögð vinnubrögð í námi
 - Bætt vinnubrögð og námstækni, s.s. hvað varðar skipulag, tíma- stjórnun, lestrar- og glósutækni o.fl.

Persónuleg ráðgjöf varðandi mál sem geta hamlað einstaklingum í námi:

- ▶ Til að efla sjálfstraust, samskipti, samstarfshæfni
- ▶ Vegna prófundirbúnings og prófkviða
- ▶ Vegna samskiptamála og líðanar nemenda í skólanum



Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki, á hvaða aldri sem er og við hvaða aðstæður sem er, að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi.

▶ Viðtöl við nýja nemendur og eftirfylgni með þeim

Náms- og starfsráðgjöf getur bæði verið í formi einstaklings- og hópráðgjafar.

Hvar starfa náms- og starfsráðgjafar?

Náms- og starfsráðgjafar starfa víða í samfélaginu svo sem með börnum og unglungum í grunn- og framhaldsskólum, með fullorðnum á háskólastigi og í tengslum við sí- og endurmenntun, atvinnuleit og endurhæfingu á vinnumarkaði. Einnig starfa náms- og starfsráðgjafar við fræðslustörf og stjórnun hjá einkafyrirtækjum.

Hverjir geta notið þjónustu náms- og starfsráðgjafa?

Nemendur í grunn- og framhaldsskólum eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar frá aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Þjónusta náms- og starfsráðgjafa er einnig aðgengileg í háskólum og símenntunarmiðstöðvum um land allt.

Hvernig verður maður náms- og starfsráðgjafi?

Náms- og starfsráðgjöf er kennd við Háskóla Íslands. Um er að ræða tveggja ára nám á meistarastigi sem lýkur með meistaraþrófi (120 e). Að námi loknu geta nemendur sótt um lögverndað starfsheiti sem náms- og starfsráðgjafi.

Alþjóðlegt samstarf FNS



Margrét Björk Arnardóttir og Guðbjörg Vilhjálmstöðttir.

Félag náms- og starfsráðgjafa tekur þátt í ýmiss konar alþjóðlegu samstarfi. Félagið á aðild að norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa, NFSY (Nordic Association for Educational and Vocational Guidance), og alþjóðasamtökum náms- og starfsráðgjafa, IAEVG (International Association for Educational and Vocational Guidance).

NFSY er skipað fulltrúum allra Norðurlandanna og skipta löndin með sér formennsku á þriggja ára fresti. Formaður samtakanna fyrir hönd Íslands 2017-2020 er Margrét Björk Arnardóttir, náms- og starfsráðgjafi og kennslustjóri við Háskólasetur Vestfjarða. Fjórdá hvert ár tilnefna norrænu samtökin sinn fulltrúa í stjórn alþjóðasamtakanna. Að þessu sinni tilnefndi NFSY Guðbjörgu Vilhjálmstöðttur, prófessor í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands í stjórn IAEVG. Það er skemmt frá því að segja að Guðbjörg hlaut kosningu sem ein af þremur varaforsetum IAEVG á síðasta aðalfundi samtakanna, sem haldinn var í Bratislava í Slóvakíu í september á þessu ári. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir lítið land eins og Ísland að eiga fulltrúa í slíku norrænu og alþjóðlegu samstarfi og geta með þeim hætti haft áhrif á náms- og starfsráðgjöf á norræna og alþjóðavísu. Það er margt sem almennir félagsmenn fá út úr slíkri þátttöku og má þar nefna:

- ▶ norrænt og alþjóðlegt tengslanet
- ▶ aðgang að ráðstefnum IAEVG og allra norrænu aðildarfélaganna
- ▶ aðgang að fréttabréfum IAEVG
- ▶ aðgang að tímariti IAEVG, Journal for Educational and Vocational Guidance
- ▶ tækifæri til að birta greinar og vera með erindi á vettvangi IAEVG

Steinunn Inga mælir með

Venjulegt fólk, krútt og fréttaskýringar á mannamáli

Steinunn Inga, sérfræðingur KÍ í réttinda- og kjaramálum Félags framhaldskólakennara og fulltrúi Vísindasjóðs FF og FS, bendir á margs konar áhugavert efni sem nýtist í námi og kennslu en líka til að gleyma sér og gleðjast yfir.

Abstract

The Art of Design - Netflix (2019)



Hugmyndir, hönnun og sköpun á fullum snúningi í þessum frábæru og vel gerðu þáttum.

Í 2. þáttaröð er sjálfur Ólafur Elíasson Hörpuhönnuður heimsóttur í vinnustofu sína í Berlín þar sem hann skapar glæsilega skúlptúra. Einnig er spjallað við listamanninn Ai Wei Wei sem hefur margt að segja og er gagnrýninn á þjóðfélagsmálin. Þættirnir veita sannarlega innblástur og hvetja til þess að skoða umhverfið, liti þess og mannvirki með nýjum augum.

Múmínálfarnir

Forlagið (2019)



Ný útgáfa af sögunum um þessa krúttlegu fjölskyldu í Múmíndalnum sem glatt hefur börn og fullorðna árum saman. Hvað er yndislegra en að lesa um ótrúleg ævintýri múmínfjölskyldunnar og njóta myndskreytinganna sem eru listaverk út af fyrir sig? Í nýju bókinni eru frægar sögur, Halastjarnan og Pípuhattur galdrakarlsins, auk fyrstu sögunnar sem Tove Jansson skrifaði um múmínálfana, Litlu álfarnir og flóðið mikla, sem aldrei hefur komið út á íslensku áður. Steinunn Briem þýddi tvær sögur og Þórdís Gísladóttir eina, svona líka ljómandi vel.

The Morning Show

Apple TV+ (2019)



Alex Levy (Jennifer Aniston) sem hefur verið á Morgunvaktinni vinsælu í 15 ár stendur ein uppi

þegar samstarfsmaður hennar er rekinn fyrir kynferðislega áreitni. Í staðinn kemur ung og hress fjölmiðlakona og Alex þarf bæði að berjast fyrir tilveru sinni og læra ýmislegt nýtt. Gaman að sjá Aniston takast á við alvöru hlutverk í þessari glænýju þáttaröð sem stenst öll Bechdel-próf.



Steinunn Inga Óttarsdóttir

Vellankatla

Partus (2019)

Í önnum dagsins má ekki glata húmornum né gleyma því að við eigum einstakt, fornt og fagurt tungumál sem á skilið að því sé sýndur áhugi og umhyggja. Í nýrri ljóðabók Þóðar Sævars Jónssonar eru frumlegir taktar þar sem leikið er með mál og form af list. Nemendur okkar þurfa að lesa nútíma-íslensku og sjá að hún getur verið skemmtileg og fjölbreytt. Leyfum þjóðskáldunum loksins að hvíla í friði og lesum eitthvað nýtt og ferskt sem höfðar til unga fólksins.



ÁST

Sjónvarp Símans (2019)

Vel gerðir íslenskir þættir um tilfinningar og það á mannamáli, eftir Kolbrúnu Pálinu Helgadóttur og Kristborgu Bóel Steindórsdóttur. Hressandi að sjá viðmælendur sem vanalega eru ekki á skjánum, bæði manneskjur sem hafa lent í tilfinningakreppu og sérfræðinga sem til þekkinga. Fólk er fallega stillt upp í viðtölum, bakgrunnurinn er pastellitur og notalegur og grafíkin einstaklega lýsandi og glaðleg. Spunaatriði inn á milli eru vel heppnuð og frumleg. Ég vildi sjá fleiri svona vandaða íslenska þætti, t.d. um skólamál og barnauppeldi.

The Game Changers

Netflix (2019)

Íþróttafólk (mest kraftakarlar reyndar) segir frá reynslu sinni af því að borða grænmetisfæði og jákvæðum áhrifum þess á atgervi og frammistöðu. Hér er sitthvað sem þreyttir kennarar geta nýtt sér til að hressa sig við í því langhlaupi, slökkvistarfi og kraftaverkum sem einkenna starf þeirra.

Frelsi mannsins

Bókaútgáfan Sæmundur (2018)



Ögrandi verk í þýðingu Kristjáns Árnasonar, þar sem lesandi þarf að endurskoða hugmyndir sínar um lífið, ástina og dauðann. Og horfast í augu við sjálfan sig, hver þorir það? Krishnamurti (1895-1986) er talinn einn merkasti hugsuður 20. aldar og á brýnt erindi við okkur öll, nú sem aldrei fyrr.

Hlaðvarp Borgarbókasafnsins

borgarbokasafn.is (2019)

Notalegt verkefni þar sem starfsfólk safnsins skrafar um nýjar bækur og gamlar, barnabækur, þáttaröðir og hvaðeina sem fyrir augu og eyru ber og það er aðgengilegt öllum sem heyrja vilja. Heimilislegt og kostar ekkert. Og svo er hægt að fara þangað sjálfur og spreyta sig eða senda nemendur í vettvangsferð.

Heimskviður

Rás 1 (2019)

Fréttaskýringar á mannamáli. Oft gusast yfir mann fréttir úr umheiminum án viðstöðu og gagnrýni. Hvað er í alvörunni að gerast í Síurlandi, Katalóníu og Kína? Hvað er Trump að bralla? Brýnt er að eiga stundum kyrrðarstund og kafa aðeins ofan í hvað er að gerast í veröldinni. Fullt af greinandi umræðu- og ritgerðarefnum sem nota má til að kenna rökfærslu og gagnrýna hugsun.




Sjálfstætt fólk og Salka Valka með hefðbundinni nútímastafsetningu og orðskýringum

Halldór Laxness er óumdeilanlega einn okkar allra mestu stílsnillinga og höfundarverk hans víðfemt og samofió sögu okkar og þjóðarvitund. Í ár eru liðin 100 ár frá því að fyrsta skáldsaga hans, Barn náttúrunnar, kom út.

Orðaforði Halldórs var með eindæmum fjölskrúðugur og fæstir eru með það á takteinum hvað öll þau orð sem hann notar merkja. Nú eru komnar út nýjar útgáfur af Sjálfstæðu fólki og Sölu Völlu eftir Halldór Laxness. Sögurnar eru gefnar út með hefðbundinni nútímastafsetningu og orðskýringum og er það von útgefanda að með þessu móti eigi verk nóbels-skáldsins greiðari leið að lesendum nýrra kynslóða. Framhaldsskólakennararnir Gunnar Skarphéðinsson og Herdís Þ. Sigurðardóttir tóku saman orðskýringar, og þær eru einnig fánlegar hjá Forlaginu í pdf-skjali í stafrófsröð. Þróunarsjóður námsgagna styrkti útgáfuna.

► *Sjálfstætt fólk* fjallar um hinn þrjúska einyrkja, Bjart í Sumarhúsum, og baráttu hans við allt og alla er bæði þjóðleg og alþjóðleg saga um hlutskipti fátæks fólks í hörðum heimi, en það eru ekki síst magnaðar persónulýsingar og djúpur mannskilningur höfundarins sem gera hana að einstöku bókmenntaverki. *Sjálfstætt fólk* kom fyrst út í tveimur bindum 1931-1935 og hefur verið gefin út margsinis síðan á ótal tungumálum.

► Í *Sölu Völlu* er sögð saga af uppvexti og þroska hinnar stoltu og sterku Sölu Völlu á Óseyri við Axlarfjörð er í senn saga þorps og svipmikilla einstaklinga. Í þorpinu ræður kaupmaðurinn lögum og lofum en lífsbarátta alþýðunnar er hörð og óvæginn. Þegar nýir vindar blása um samfélagið fara átakatímar í hönd – en ávallt leika ást og dauði undir. *Salka Valka* kom fyrst út í tveimur bindum 1931–1932 og hefur verið gefin út margoft síðan, heima og erlendis.



Leyfum börnunum að leika

Í gegnum leik kemur fram hvernig börn kanna hluti, uppgötva, mistakast, ná árangri, nýta félagsfærni sína og blómstra. Þetta er grunnstef nýrrar bókar eftir fræðimennina Pasi Sahlberg og William Doyle. Titill bókarinnar er *Let the Children Play*.

Í kynningu bókarinnar segir að mikilvægt sé að kenna börnum færni sem þau þurfa til að ná árangri. Þarna er átt við færni á borð við sköpun, hópvinnu, fókus, seiglu, tjáningu, samkennd og einbeitingu til að koma hlutum í framkvæmd. Fram kemur það mat sérfræðinga að leikur og hreyfing séu mikilvægur grunnur í barnæsku en á sama tíma leggi menntayfirvöld áherslu á staðlað nám og námsumhverfi.

Finnski fræðimaðurinn Pasi Sahlberg er íslenskum kennurum að góðu kunnur. Hann hefur oft sinnis heimsótt landið, haldið fyrirlestra og tekið þátt í mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar. Þá gaf Félag grunnskólakennara út þýðingu á bók Sahlberg, Finnka leiðin 2.0, fyrir tveimur árum.

Ertu með hugmynd?

Ritstjórn Skólavörðunnar er alltaf á höttunum eftir góðu umfjöllunarefni sem tengist skóla- og menntamálum. Endilega sendið okkur línu ef þið lúmið á hugmynd að áhugaverðu efni sem við getum gert skil í blaðinu. Netfangið er utgafa@ki.is.



Námsefni

Leikskólastigið rannsakað

Ísland speglað í nýjum fjölþjóðlegum rannsóknum

Eftir **Gunnhildi Steinarsdóttur**
Hjá Menntamálastofnun

Rannsóknir á leikskólastiginu hafa skipað óvenju stóran sess hjá greiningarsviði Menntamálastofnunar að undanfögnu. Í sumar gaf stofnunin út, í samstarfi við ESB og evrópskar systurstofnanir sínar, umfangsmikla Eurydice-samanburðarskýrslu þar sem hægt var að spegla stöðuna á Íslandi við Evrópu.

Góð umgjörð - langur skóladagur
Niðurstöðurnar komu skemmtilega á óvart. Meðal annars mátti lesa í Eurydice-skýrslunni að skipulag og formleg umgjörð íslenska leikskólastigsins væru með því besta sem gerist í Evrópu. Í skýrslunni er umgjörð leikskólastarfs flokkuð eftir fjórum gæðaviðmiðum, m.a. hvort heildstæð námskrá sé í gildi fyrir skólastigið og hvort ríkar kröfur séu gerðar um háskólamenntun a.m.k. hluta starfsfólks. Ísland reyndist vera eitt níu Evrópuríkja sem töldust uppfylla öll gæðaviðmið sem höfð voru að leiðarljósi í rannsókninni og taldist vera með hvað sterkast skipulag utan um leikskólamálið sín. Hins vegar var bent á hvað skóladagur íslenskra leikskólabarna væri langur og aðgengi að leikskólum ekki tryggt í lögum líkt og víðast hvar í álfunni.

Önnur umfangsmikil greiningarskýrsla um leikskólastigið var svo gefin út 25. október en það er TALIS-skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Í þeirri rannsókn voru starfsmenn og leikskólastjórar á Íslandi spurðir um menntun, starfsánægju, starfskjör og starfsþróun og var þetta í fyrsta sinn sem TALIS-rannsókn var gerð um leikskólastigið. Allir leikskólar sem annast börn á aldrinum 3-5 ára voru í úrtakinu hérlendis og svörun var ríflega 75%. Auk Íslands tóku átta önnur OECD ríki þátt í rannsókninni, m.a. Danmörk og Noregur.

Mikil starfsánægja

Í skýrslunni kom meðal annars fram að skriffinniska (áætlanagerð og skráningar) í starfi leikskólafólks er lítil hérlendis miðað við samanburðarlöndin, samvinna meðal starfsfólks er mikil og umræður um þroska og þarfir einstakra barna meiri en gengur og gerist. Starfsánægja meðal íslensks leikskólastarfsfólks er almennt mikil en ánægja með launakjörin undir meðallagi. Starfsmannaveлта er umtalsverð og fjarvistir starfsfólks heftandi þáttur í skólastarfinu að mati leikskólastjóra. Langflestir leikskólastjórar njóta þess að vinna í leikskólanum sem þeir starfa við



Starfsánægja meðal íslensks leikskólastarfsfólks er almennt mikil.

og eru ánægðir með stuðninginn sem þeir fá frá foreldrum og starfsfólki sínu. Meðal þess sem íslenskt leikskólastarfsfólk leggur meiri áherslu á en í samanburðarlöndum er að þroska læsi og ritun, hæfina til að hugsa rökrétt og að kenna börnum að beita gagnrýnni hugsun.

Nýta greiningar í stefnumótun

Menntamálastofnun mun á komandi vikum og mánuðum halda áfram að rannsaka ýmsar hliðar skólamála í samstarfi við OECD, ESB og evrópskar systurstofnanir sínar og hefur greiningardeild stofnunarinnar það að markmiði að koma niðurstöðum rannsókna á framfæri við haghafa þannig að greiningarnar nýtist sem best í stefnumótun og starfi skólanna.

Hönnun Könnun

Helge Gerður Magnúsdóttir



MENNTAMÁLASTOFNUN

Kennsluefninu Hönnun Könnun er ætlað að þjálfa nemendur í greinandi hugsun samhliða því að vinna á skapandi hátt.

Um er að ræða 17 verkefni sem þjálfa nemendur m.a. í mynd- og táknlæsi, greinandi, gagnrýnni og skapandi hugsun og fjölbreyttum leiðum við hugmyndavinnu, skissugerð og hönnunarvinnu.

Lögð er áhersla á tengingu grafískrar hönnunar við grunnþættina sex og æfingar hugsaðar og flokkaðar út frá þeim og ýmsum snertiflötum þeirra við grafíska hönnun.

Kennsluefnið er ætlað kennurum í grafískri hönnun og myndmennt á unglingsstigi grunnskóla.



Íslendingaþættir

Nokkrir valdir Íslendingaþættir hafa verið gefnir út í sama flokki og Íslendingasögurnar Gísla saga, Laxdæla og Kjalnesinga saga. Ragnar Ingi Aðalsteinsson endurskrifaði texta og gerði verkefni og orðskýringar. Sá háttur er hafður á að fyrstu fjórir þættirnir eru birtir í tveimur misþungum útgáfum. Með þessu móti er reynt að koma til móts við lesendur með mismunandi lestrargetu.



Refurinn

Refurinn tilheyrir lestrarbókaflokknum Milli himins og jarðar. Í bókinni eru fræðitextar um refinn og mikið lagt upp úr ljósmyndum og teikningum sem styðja við textann og vekja forvitni og áhuga. Myndasögur, kvæði og þjóðsögur koma einnig fyrir. Neðst á hverri blaðsíðu eru spurningar til þess ætlaðar að staldra við og ræða það sem lesið var um. Spurningar í refaskotti leiða nemandann á næstu síðu þar sem svarið er að finna. Aftast í bókinni eru nokkur verkefni. Bókin kemur einnig út sem rafbók og hljóðbók.

Refurinn

Refurinn tilheyrir lestrarbókaflokknum Milli himins og jarðar. Í bókinni eru fræðitextar um refinn og mikið lagt upp úr ljósmyndum og teikningum sem styðja við textann og vekja forvitni og áhuga. Myndasögur, kvæði og þjóðsögur koma einnig fyrir. Neðst á hverri blaðsíðu eru spurningar til þess ætlaðar að staldra við og ræða það sem lesið var um. Spurningar í refaskotti leiða nemandann á næstu síðu þar sem svarið er að finna. Aftast í bókinni eru nokkur verkefni. Bókin kemur einnig út sem rafbók og hljóðbók.

Refurinn



Stærðfræðispæjarar

Stærðfræðispæjarar 1 er ítarefni í stærðfræði fyrir nemendur á yngsta stigi.

Bókin er byggð upp á fimm köflum; tölur, rúmfræði, reikningur, mælingar og tölfraði og hnitakerfi. Verkefnum sem þjálfra lykilhæfni er fléttað inn í kaflana auk verkefna sem samþætta stærðfræði við aðrar námsgreinar eins og útikennslu, upplýsingatækni og íslensku.

Kennsluleiðbeiningar spila stórt hlutverk þegar valið er að nýta Stærðfræðispæjarara í kennslu og má nálgast þær rafrænt á vef Menntamálastofnunar.

Danska

Frjálslestur í dönsku

Bækurnar Alarm, Scooter og Den nye lærer fjalla um ungt fólk í mismunandi aðstæðum. Þær eru eftir danska höfundar og eru mismunandi að þyngd. Með því að lesa eykst máltilfinning og orðaforði nemenda. Bókunum fylgja kennsluleiðbeiningar

og verkefni sem aðallega eru hugsuð til að aðstoða nemendur við lesturinn.



Textílmennt

Að vefa utan vefstóls

Að vefa utan vefstóls er verkefnahefti sem ætlað er að kynna og vekja áhuga nemenda á vefnaði, sem er ein af grunnaðferðum textílgreinarinnar, og sýna fram á að hægt er að læra grunnatriði í vefnaði án mikillar fyrirhafnar og á skapandi hátt.

Í verkefnaheftinu eru hugmyndir að verkefnum sem unnin eru fyrir utan hefðbundinn vefstól með endurnýtingu að leiðarljósi. Unnið er með fjölbreyttar vefuppistöður sem fá nýjan tilgang í tilverunni.



Aðsend grein

Hermundur Sigmundsson

prófessor í lífeðlislegri sálfræði, Norska tækni -og vísindaháskólanum í Prándheimi og Háskólanum í Reykjavík

Læsi er lykill að þekkingu



Þekking er algjört lykilatriði fyrir framfarir í öllum samfélögum. Í þessari grein fjalla ég um stöðu Íslands varðandi lestur og nokkra möguleika til að bæta þá stöðu.

Læsi – staða okkar – áskoranir

Læsi – að geta lesið, er talið lykillinn að öllum öðrum þáttum náms og færniþróunar. Lestur er færni og þarfnast mikillar þjálfunar. Staða bókabýðarinnar, sem hefur gefið heiminum mikilvægar bókmenntir eins og Heimskringlu, í PISA könnunum er óásættanleg. Henni hefur stöðugt farið hrakandi frá árinu 2000. Í náttúrufræði erum við númer 40, í stærðfræði númer 32 og í lestri númer 36 af 69 löndum.

Við erum einnig með marga nemendur sem falla út úr framhaldsskólum (4 af 10) og mjög marga sem þurfa á sérkennslu að halda. Gífurlegur kynjamunur er einnig til staðar. 28% 15 ára drengja geta ekki lesið sér til gagns, eða eru á stigi 1, og 28% eru á stigi 2. Það eru þannig alls 56% þessara drengja sem eru á fyrstu 2 stigum lestrar/lesskilnings. 15% stúlkna geta ekki heldur lesið sér til gagns, þ.e. eru á stigi 1, og 25% á stigi 2. Þetta er allt of hátt hlutfall. Klárlega er vöntun á djúpri þekkingu, sem sagt þjálfun á lestri.

Stúlkur eru betri en drengir í öllum 69 löndunum sem eru með í PISA. Hvað getur valdið því? Rannsóknir sýna að minna er talað við drengi allt frá fæðingu, sem tengist áreiti/umhverfi. Stúlkur babbla meira en drengir við 10 mánaða aldur sem má segja að tengist meira erfðum.

Rannsóknir sýna að við 5-6 ára aldur, þegar börn byrja í skóla, er kynjamismunur í bókstafs-hljóðakunnáttu, sem er mikilvægasti þátturinn fyrir lestrarfærni. Stelpur kunna mun fleiri bókstafi og hljóð þeirra þegar þær byrja í skóla en strákar.

Rannsóknir sýna líka að bilið milli stúlkna og drengja helst í gegnum fyrsta árið í skólanum.

Í byrjun skólans kunna 11% af börnunum að lesa og af þeim eru 70% stúlkur. Í lok skólaársins kunna 27% ekki að lesa og af þeim eru 70% drengir (norsk rannsókn). Rannsóknin sýnir einnig að þegar barnið kann að meðaltali 19 bókstafi nær það að lesa. Þetta sýnir klárlega mikilvægi þess að leggja áherslu á bókstafs-hljóðakunnáttu til að ná læsi, og það er stutt af framúrskarandi rannsóknum og reynslu og sýn góðra kennara (Sigmundsson o.fl. 2017b). Það má þannig segja að kynjamismunurinn sem við sjáum klárlega í lestri/lesskilningi hjá 15 ára unglíngum í öllum löndum PISA byrji þegar börn hefja skólagöngu og kannski fyrr. Rannsóknir sýna einnig að drengir hafa minni áhuga á lestri en stúlkur og lesa minna. Fátækt hefur einnig meiri áhrif á skólaárangur drengja, sem og það að búa með einstæðu foreldri.

Möguleikar

Við verðum að nota viðurkenndar rannsóknir sem útgangspunkt fyrir það sem við gerum í skólanum. Börnin geta ekki verið tilraunadýr fyrir aðferðafræði eða prófanir í íslenskum skólum. Í þessu sambandi er hægt að tala um þrjú lykilatriði:




Börnin geta ekki verið tilraunadýr fyrir aðferðafræði eða prófanir í íslenskum skólum.

Læsi til framtíðar – með markvissu átaki er hægt að bæta lestrarfærni gífurlega CHALLENGE KNOWLEDGE

- Brjóta lestrarkóðann** – læra að lesa
 - Kynna mikilvægi bókstafs-hljóðaaðferðar í öllum skólum landsins og þjálfa kennara í að vinna með þá aðferð.
 - Gefa út kennslumyndband fyrir kennara varðandi kennsluáðferðirnar.
- Skapa áhuga** – áskoran miðast við færni
 - Útbúa lestrarbækur á mismunandi erfiðleikastigum, 15-20 bækur á hverju stigi.
 - Bæta skólabókasöfnin þannig að þar sé nóg af skemmtilegum bókum fyrir börn og unglíngja.
- Meiri þjálfun** – samfélagslegt verkefni – gefa okkur tíma
 - Setja í gang fræðasetur um lestur (rannsóknir, kennslu og miðlun).

Mynd 1: Þrjú lykilatriði til að bæta lestrarfærni.

1. Brjóta lestrarkóðann Nota þarf rétta aðferðafræði í byrjendakennslu, þ.e. bókstafs-hljóða-aðferð. Bókstafs-hljóðakunnátta er hornsteinn fyrir lestur samkvæmt fremstu vísindamönnum í heiminum á sviði lestrar: Nation, Dehaene og Tønnesen. Frábærir kennarar sem hafa unnið lengi við kennslu lesturs styðja einnig notkun hljóðaaðferðar og mikilvægi bókstafs-hljóðakunnátta fyrir læsi (Nation, 2019). Nauðsynlegt er sem sagt að kenna börnum bókstafina og hljóð þeirra og vinna með að lesa tveggja og þriggja stafa orð og síðan fjögurra og fimm stafa orð og stuttar setningar þangað til læsi er náð. Eftir það er aðaláherslan á að stuðla að aukinni þjálfun barna.




Mynd 2 : Byrja þarf með bókstafs-hljóðaaðferð og finna síðan réttar áskoranir miðað við færni hvers nemanda.

2. Skapa áhuga. Þetta gerist með því að finna réttar bækur/viðfangsefni og rétta áskoranir miðað við áhugasvið hvers og eins (mynd 2). Hérna eru Norðmenn komnir mun lengra með að þróa og nota flottar bækur fyrir yngstu börnin. Bækurnar eru á 11 mismunandi erfiðleikastigum, með 20 bækur á hverju stigi. Bókasöfn í skólum og bæjarfélögum eiga að vera gullnáma fyrir börn og unglínga til að finna bækur við hæfi. Það er ein af höfuðástæðunum fyrir velgengni finnskra unglínga í PISA.

3. Meiri þjálfun. Það þarf að forgangsraða í skólanum og fá heimili/forráðamenn með. Í hverjum mánuði ættu börnin/unglingarnir að telja hversu margar bækur þau hafa lesið og geta sagt hvaða þrjár voru skemmtilegastar. Þetta er ráð frá prófessor Heikki Lyytinen, finnskum sérfræðingi í lestri. Bæði foreldrar og forráðamenn eiga að stuðla að nægri lestrarþjálfun sinna barna. Við verðum að gefa okkur tíma og finna bækur við hæfi sem vekja áhuga þeirra á lestrinum. Hérna verðum við að forgangsraða þannig að unnið sé markvisst og skipulega með grunnleggjandi færni í læsi í skólanum.

Við ættum ekki að einblína á leshraða heldur fá börn til að lesa mikið af bókum. Það að lesa margar bækur hefur mikið að segja fyrir lesskilning, sem er ábótavant miðað við PISA niðurstöður. Það má segja að þjálfunin sé ekki nóg til að byggja upp sterka snaga/djúpa þekkingu (sjá mynd 3).



Mynd 3: Námsferlið frá yfirborðspektingu (margir litlir snagar) til djúprar þekkingar (stórir/sterkir snagar).

Þurfum viljastyrk og þrautseigju

Til að bæta stöðu okkar þarf fyrst og fremst vilja samfélagsins. Við þurfum að ákveða að lestrarfærni sé þáttur sem við viljum gera eitthvað með. Þá þarf bæði samvinnu foreldra, kennara, starfsfólks bókasafna, fræðimanna og stjórnmalamanna til að hægt sé að taka skrefið og efla lestrarfærni barna og unglínga svo það megi verða bæði einstaklingum og samfélaginu til góðs. Þar þurfum við bæði á að halda viljastyrk og þrautseigju.



Ég vil enda þessa grein með orðum Kate Nation, prófessors í Oxford háskóla, en hún segir í mikilvægri rannsóknargrein að þjálfun, það að skapa áhuga og réttar áskoranir í gegnum góðar bækur sé lykillinn að djúpri þekkingu í lestri (Nation, 2019).

Heimildir

- Nation, K. (2019) Children's reading difficulties, language, and reflections on the simple view of reading, *Australian Journal of Learning Difficulties*, 24:1, 47-73, DOI: 10.1080/19404158.2019.1609272
- Sigmundsson, H., Trana, L., Polman, R., and Haga, M. (2017). What is trained develops! Theoretical perspective on skill learning. *Sports* 5:38. doi: 10.3390/sports5020038
- Sigmundsson, H., Eriksen, A.D., Ofteland, G.S., & Haga, M. (2017b). Letter-sound knowledge: Exploring gender differences in children when they start school regarding knowledge of uppercase letters, lowercase letters, sound uppercase letters and sound lowercase letter. *Frontiers in Psychology*, 8, 1539. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2017.01539>

Krossgáta

► LAUSN SÍÐUSTU GÁTU



Lárétt

- 4. Staður sem mikilvæg ætt á Sturlungaöld er kennd við. Innan þeirrar ættar voru meðal annars Kolbeinn Tumason og Gissur Þorvaldsson. (10)
- 8. Örnefi á milli Hólsfjalla og Öxarfjarðarbyggðar. (10)
- 11. Óeðlileg fyrirferðaraukning í vef. (4)
- 12. Anser albifrons sem er fargestur hér á landi. (7)
- 13. Það að velja verk til flutnings á tónleikum. (8)
- 14. Sögupersóna H.C. Andersen sem stráir dufti í augu barna. (3,6)
- 15. Heiti á selum sem kæpa við Ísland á haustin (þgf. ft.). (7)
- 16. Blár á frönsku. (4)
- 17. Kirtill sem er bæði inn- og útkirtill. (11)
- 20. Tala sem segir til um fjölda róteinda hjá frumeind. (9)
- 21. Eitt þekktasta býli í Vestur-Landeyjum. (13)
- 24. Sveit í Vestur-Húnavatns-sýslu, sem er fyrir norðan Víðidal. (9)
- 25. Annað heiti yfir söguhetju. (11)
- 27. Útdauð spendýr af ættinni Megatheriidae sem bjuggu

í Suður- og síðar Norður-Ameríku. (11)

- 31. Löndum veraldar er stundum skipt í iðnríki og _____. (11)
- 33. Formúla sem lýsir því hvernig efni breytast við efnahvarf. (9)
- 34. _____eiðurinn, samviskueiður lækna. (13)
- 39. Fimm síðustu dagarnir fyrir sumardaginn fyrsta. (8)
- 40. Hérað sem heitir „Sjöborgaland“ á þýsku en „Handan skógar“ á ungversku, latínu og rúmensku. (12)
- 41. Lágvaxinn skógur með kræklóttum og margstofna trjám. (5)
- 42. Tré sem Ljúbov Ranévskaja hefur áhyggjur af. (13)

Lóðrétt

- 1. Fyrsta sigling skips sem er hluti af verkefnum þess. (12)
- 2. Samband fullvalda ríkja. (8)
- 3. Tæki sem ristir gróf á flatt yfirborð. (8)
- 4. Grískur guð. Stytta af honum á eyjunni Ródos var eitt af undrum veraldar. (6)
- 5. Söngleikur eftir Joe Master-off. (8)
- 6. Íslenskt heiti Torah (án greinis). (6)
- 7. Sequoiadendron giganteum, þyngsta lífvera jarðarinnar. (8)
- 9. Land sem fékk sjálfstæði sitt 1648 frá Heilaga rómverska ríkinu, hertekið af Frökkum 1798, viðurkennt sem sjálfstætt ríki 1815 og aldrei hernumið eftir það. (5)
- 10. Mjög sjaldgæf steintegund hér á landi en algeng erlendis. Fjallgarður á Norður-Ítalíu er kenndur við þessa steintegund. (7)
- 16. Rhett _____, karlhetjan í „Á hverfanda hveli“. (6)
- 18. „Þegar vann ég í _____“ úr Heim í Búðardal. (7)
- 19. _____ Nimoy, frægur fyrir að leika Spock í Star Trek. (7)
- 20. Fornafn leikarans sem er þekktur sem Sly. (9)
- 22. Tónlistarform. Fyrsta verkið af þessu formi er talið vera Dafne frá 1598 eftir Jacopo Peri og Jacopo Corsi. (5)
- 23. Íslenskt heiti ellipsna (fleirtala). (10)
- 26. Sú kenning að sálin geti endurfæðst í líkama manna og dýra. (10)
- 28. „Þar fyrir austan eru ósar Markarfljóts í þrennu lagi, sem ásamt öðrum vötnum og hafinu fyrir utan lykja um _____ að mestu leyti.“ (Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar). (9)
- 29. Límkenndur vöki sem tré seyta til að vernda sig þegar í þau hefur verið höggvið. (9)
- 30. Íslenskt heiti borgar sem stendur við ána Liffey. (7)
- 32. _____ séra Ólafs Egilssonar. (8)
- 35. Rússneskt blað sem ber nafnið „Sannleikur“. (6)
- 36. Camp Caledonia, líka kallaður Múla_____, hýsti skiprekka menn af bandaríska kaupskipafloatum. (6)
- 37. Hnútar á vessaðum sem sía vessann áður en hann fer aftur í blóðrásina. (6)
- 38. „Með þér ég vildi yfir _____ fara.“ (6)



LSR

Lífeyrisréttindin þín

Pekkir þú réttindin þín hjá **LSR**?

- Eftirlaun ævilangt
- Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyrir
- Viðbótarlífeyrissparnaður

Vertu velkomin/n í ráðgjöf
um lífeyrismál.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is



MYNDASÖGUR

Mjólk
er góð

MJÓLK ER GÓÐ... MEÐ MYNDASÖGULESTRI!



KALK!

NAMM!

WWW.MS.IS